

26

Önfirskir ostar á Flateyri



18

Hvítlaukssalt úr Dölunum



55

Enginn dagur eins hjá garðyrkjubændum



12

Innanhússmótaraðir aldrei verið vinsælli

# Bændablaðið

3. tölublað 2024 ● Fimmtudagur 8. febrúar ● Blað nr. 650 ● 29 árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: bbl.is



**Hulda Björk Haraldsdóttir og Emil Þórðarson tóku við búinu á Berustöðum um áramótin. Þau bjuggu áður á Selfossi og eru ekkert tengd fyrri ábúendum. Draumurinn um að gerast bændur hafði lengi blundað í þeim en þau héldu að fólk kæmist einungis í búskap með því að taka við af foreldrum sínum. Með því að leggja snemma grunn að fjárfestingu sem þessari gátu þau tekið stökkið þegar Berustaðir voru auglýstir til sölu síðasta sumar. Emil segir hálf ótrúlegt að þeim hafi tekist að verða bændur svona ung, en hann er tuttugu og sex ára og Hulda þrítug.** ***– Sjá nánar á síðum 32–33.*** Mynd / Ástvaldur Lárusson




## Bændamótmæli

Bændur hafa mótmælt versnandi starfsskilyrðum sínum víða um Evrópu undanfarið. Virðast þær að einhverju leyti vera að skila árangri.

**– 4 –**



**Gullbrá ber ARR-genasamsætuna.**

## Ný ættlína ARR

Skrifað er um verndandi og mögulega verndandi arfgerðir gegn riðuveiki í sauðfé í tveimur aðsendum greinum í blaðinu.

Annars vegar um nýja ættlínu ARR-genasamsætunnar og hins vegar möguleika annarra samsætna til uppbyggingar á riðuþolnum sauðfjárstofni.

**– 38 og 40 –**

### Hringrásarhagkerfið:

# Vænlegt að reisa áburðar- og lífgasver

**Vænlegt þykir að reisa áburðar- og lífgasver í uppsveitum Árnessýslu. Það sýna niðurstöður könnunar sem Orkídea gaf út í skýrslu í lok desember.**

Forsendur viðskiptamódelsins gera ráð fyrir að garðyrkjuúrgangi garðyrkjubænda og kúamykju kúabænda á svæðinu sé safnað og afurðirnar sem koma út úr verksmiðjunni verði lífrænn áburður, metan og koltvísýringur. Leiðir skýrslan í ljós að fjölþættur ávinningur geti orðið af slíku veri, fyrir garðyrkjubændur, kúabændur, sveitarfélagið og loftslagsmarkmið Íslands.

*Fá betri áburð til baka*

Orkídea lét vinna skýrsluna með stuðningi kolefnissjóðs garðyrkjunnar og deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands. Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Orkídeu, sem er samstarfsverkefni um þróun orkutengdrar matvælaframleiðslu og hringrásarhagkerfis á Suðurlandi, segir að viðskiptamódelið geri ráð fyrir að hráefni sé sótt ferskt til bænda nokkrum sinnum í viku, þeim að kostnaðarlausu. „Kúabændur fá til baka jafnmikið af næringarefnum og þeir setja inn í formi áburðar, alveg gjaldfrjálst, bæði í fljótandi og föstu formi.

Sá áburður er auðleysanlegri en mykjan og bændur geta geymt hann og borið á þegar hentar best upp á sprettu. Það bæði sparar bændum hauggeymslupláss og bætir nýtingu næringarefna úr mykjunni í ræktun. Við eigum eftir að ræða þessi mál betur við bændur, fyrst er að tryggja betur rekstrargrundvöll versins. En þau viðbrögð sem við höfum fengið eru jákvæð," segir Sveinn.

*Ávinningur garðyrkjubænda*

„Garðyrkjubændur njóta góðs af því að geta losnað við hliðarafurðir ræktunar og fá að einhverju leyti áburð á vökvaformi sem þeir geta nýtt. En umfram allt leysir þetta úrgangsvandamál þeirra. Þá verður metan ein af afurðum versins sem hægt er að nota á ýmsan hátt, til dæmis á flutningabíla til flutnings á vörum á markað eða á vinnuvélar. Sú tækni er til og þrautreynd í Evrópu. Jafnvel er hægt að nýta metan til hitunar á vatni þegar kuldakast ríður yfir.

Lífgasverið mun einnig framleiða koltvísýring sem garðyrkjubændum stæði til boða á hagstæðu verði til nota í sínum gróðurhúsum," heldur Sveinn áfram.

*Minni kolefnislosun*

Í viðskiptamódelinu er gert ráð fyrir að verið taki á móti alls 46.500 tonnum á ári af kúamykju og um þrjú þúsund tonnum af garðyrkjuúrgangi frá garðyrkjustöðvum í Reykholti, á Flúðum og í Laugarási. Til að byrja með er eingöngu gert ráð fyrir úrgangi frá ylrækt, en ekki annarri ræktun.

Sveinn telur að væntanlega verði sótt í Orkusjóð vegna minni kolefnislosunar sem hlytist af verkefninu. Viðræður séu í gangi við ráðuneytið um aðra styrkjamöguleika, til dæmis niðurgreiðslu á afurðum frá verinu. Ekkert sé enn í hendi, en næstu skref verði að kanna betur þessa þætti og möguleikana á því að selja vottaðar kolefniseiningar.

Skrifað var undir viljayfirlýsingu í Reykholti árið 2022 um hagkvæmniskoðun á stofnun Græns auðlindagarðs í Reykholti í Biskupstungum. Aðilar að viljayfirlýsingunni voru Orkídea, sveitarfélagið Bláskógabyggð og nokkrir garðyrkjubændur í ylrækt. Fýsileikagreining um áburðar- og lífgasverið er ein afurð þeirrar vinnu.

Markmiðið með Græna auðlindagarðinum er að byggja upp hringrásarkerfi í framleiðslu, sem byggist á því að lágmarka úrgang og hámarka nýtingu auðlinda. /smh

***Sjá nánar á síðum 20–24.***

# Ísteka stefnir ríkinu

**Ísteka hefur höfðað mál gegn íslenska ríkinu vegna ákvörðunar matvælaráðherra um að fella alla starfsemi félagsins tengda blóðnytjum úr fylfullum hryssum undir reglugerð nr. 460/2017 um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni.**

Í ákvörðun matvælaráðherra felst að sú reglugerð sem átti við um starfsemina, nr. 900/2022 um blóðtöku úr fylfullum hryssum, var felld úr gildi og ákvörðun tekin um að framvegis myndi áðurnefnd reglugerð nr. 460/2017 um dýratilraunir gilda um starfsemina. Umrædd reglugerð felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni (2010/63/ESB).

Ísteka var tilkynnt um ákvörðun matvælaráðherra í september á síðasta ári. Ísteka krefst þess nú fyrir dómi að viðurkennt verði að ákvörðun matvælaráðherra hafi verið óheimil.

„Félagið byggir einkum á því að starfsemi tengd blóðnytjum úr fylfullum hryssum feli ekki í sér dýratilraun heldur sé landbúnaðarframleiðsla til afurðanýtingar sem hafi verið framkvæmd með óbreyttum hætti til áratuga,“ segir Peter Dalmay, lögmaður Ísteka í málinu.

Peter segir að reglugerð um dýratilraunir eigi samkvæmt efni sínu ekki við um starfsemina og því hafi matvælaráðherra skort lagaheimild til þess að fella hana þar undir. Ákvörðun ráðherra feli jafnframt í sér íþyngjandi höft á stjórnarskrárvörðu atvinnufrelsi félagsins sem hefði þurft að byggja á málefnalegum forsendum, auk þess sem meðalhófs hafi ekki verið gætt við töku ákvörðunarinnar og gengið mun lengra en nauðsyn hafi borið til.

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur fallist á að mál Ísteka fái flýtimeðferð. Málið var þingfest í gær, 7. febrúar, og var ríkinu veittur frestur til þess að taka til varna. */ghp*

Íslenska kokkalandsliðið:

# Tvenn gullverðlaun

**Íslenska kokkalandsliðið keppti á Ólympíuleikunum í matreiðslu í Stuttgart í Þýskalandi á sunnudaginn og þriðjudaginn sl. og fékk íslenska liðið gull fyrir báða dagana.**

Á sunnudeginum var „Chefs table-dagur“, þar sem 11 réttir eru eldaðir fyrir 12 manns. Á seinni keppnisdeginum eldaði íslenska landsliðið þriggja rétta máltíð fyrir 110 manns.



**Lambahryggvöðvi var aðalréttur.**
Mynd / Kokkalandsliðið

### *Þjóðlegt hráefni*

Þórir Erlingsson, forseti Klúbbs íslenskra matreiðslumeistara, segir að íslenska landsliðið leggi mikið upp úr þjóðlegu hráefni. „Við notum fullt af íslensku grænmeti, íslenskan fisk og lambakjötið sem lykilhráefni. Íslenskt grænmeti er í margvíslegu hlutverki sem meðlæti og í smáréttum og raunar má segja að við reynum að nota innlent hráefni eins mikið og við getum. Á seinni deginum vorum við með þorsk í forrétt og lambahrygg í aðalrétt,“ segir Þórir.

### *Allt notað*

Spurður hvernig hryggurinn hafi verið eldaður, hvort vöðvinn hafi verið notaður einn og sér, segir Þórir að þau hafi fengið heilan hrygg frá Kjarnafæði en úrbeini hann svo sjálf, að eiginlega allt sé notað með einum eða öðrum hætti. „Fitan er notuð, en hún er ekki með þegar við berum matinn fram. Eins notum við ýmiss konar afskurð sem notaður er til að búa til fars, sem síðan er notað sem fylling í eins konar brauðkollu. Hluti keppninnar er einmitt að sýna fram á góða nýtingu á hráefninu. Þetta snýst fyrst og fremst um að sýna fram á framúrskarandi fagmennsku í meðhöndlun og nýtingu á hráefninu til að skila afburðagóðum mat á diskana. Íslenska kokkalandsliðið er að mörgu leyti vannýtt auðlind fyrir markaðssetningu á íslenskum matvælum á erlendri grundu.“

### *Heildarstigafjöldinn gildir*

Til að fá gull þurfa landsliðin að ná í stig á bilinu 91-100. Samanlögð stigatala úr báðum keppnisdögum gildir svo í heildarkeppninni.

Þegar blaðið fór í prentun var enn beðið eftir heildarúrslitum frá keppnisdögunum tveimur. */smh*







| | Kindakjöt | Nautakjöt | Hrossakjöt | Svínakjöt | Alifuglakjöt | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2020 | 9.477 | 4.652 | 1.066 | 6.813 | 9.070 | 31.078 |
| 2021 | 9.388 | 4.965 | 831 | 6.580 | 9.294 | 31.058 |
| 2022 | 8.659 | 4.948 | 951 | 6.369 | 9.501 | 30.428 |
| 2023 | 8.403 | 4.885 | 910 | 6.215 | 9.663 | 30.076 |

Hagtölur:

# Framleiðsla dregst saman og innflutningur eykst

**Hagstofan hefur birt gögn um innflutning og framleiðslu á kjöti fyrir síðasta ár. Þar sést að innflutningur á kjöti jókst um 17 prósent frá árinu 2022, en heildarframleiðslan á Íslandi dróst saman um eitt prósent.**

Þá dróst sala innlendrar framleiðslu saman um tvö prósent.

Aðeins var vöxtur í framleiðslu á alifuglakjöti á milli ára í innlendum kjötframleiðslugreinum, eða 1,7%. Heildarframleiðsla alifuglakjöts á síðasta ári nam 4.976 tonnum. Einungis á árinu 2017 var framleitt meira þegar 9.697 tonn voru framleidd.

Samdráttur í íslenskri nautakjötsframleiðslu nam tæpum 1,3%, var tæp 3% í kindakjötinu og 2,4% samdráttur var í svínakjötsframleiðslunni miðað við árið 2022.




### *Aldrei meira innflutt nautakjöt*

Aldrei hefur meira magn verið flutt inn af nautakjöti en á síðasta ári, eða 1.344 tonn, sem er um 48% aukning frá 2022.

Innflutningur á alifuglakjöti jókst um 11% og nam alls 2.021 tonnum, þar af 493 tonn frá Úkraínu, eða 24% af innflutningnum, innflutningur á svínakjöti jókst um fimm prósent. Innflutt kindakjöt nam 20 tonnum en útflutningur dróst saman um 43, fór úr 3.151 tonni í 1.788 tonn.

Enginn innflutningur var á hrossakjöti á síðasta ári og innlenda framleiðslan dróst saman um 41 tonn.

### *Stöðugt vaxandi vinsældir*

Guðmundur Svavarsson, formaður deildar alifuglabænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir ljóst að vinsældir alifuglakjötsins fari stöðugt vaxandi. „Hins vegar hafa langvarandi erfiðleikar í rekstrarumhverfi bænda leitt til skertrar samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu og tafið uppbygginguna. Innflutningskvótar hafa verið auknir og á sama tíma er verðtollur óverðbættur árum saman, sem gerir innflutning fýsilegri.

Þá má ekki gleyma því að nokkuð var flutt inn tollfrjálst frá Úkraínu á síðasta ári. Hið jákvæða er að á síðasta ári voru tekin í notkun nokkur ný eldishús og ég er bjartsýnn á að svo verði einnig á þessu ári.

Þannig munu íslenskir kjúklingabændur bregðast við aukinni eftirspurn og ákalli neytenda um íslenska vöru, sem skarar fram úr í gæðum og hollustu.“

### *Svínabændum fækkar*

Ingvi Stefánsson, svínabóndi á Teigi í Eyjafirði og formaður deildar svínabænda hjá Bændasamtökum Íslands, skýrir minni innlenda framleiðslu þannig að bændur hafi í einhverjum tilvikum ákveðið að loka sínum búum vegna innleiðingar nýrrar reglugerðar um velferð svína. Þar séu kröfur gerðar um breytingar á húsakosti sem einhverjar bændur hafi ákveðið að fara ekki í, en fresturinn til þess rennur út um næstu áramót. Hann segir að á sama tíma hafi eftirspurn eftir svínakjöti verið að aukast með auknum straumi ferðamanna og það skýri meiri innflutning. */smh*

# Aukin framleiðsla eggja og mjólkur

**Framleiðsluaukning íslenskra eggjabænda á síðasta ári nam 11 prósentum frá árinu 2022.**

Í nýjum tölum frá Hagstofu Íslands má sjá að framleiðslan hefur aldrei verið meiri en á síðasta ári, nam þá 4.790 tonnum en hafði minnkað töluvert í kórónuveirufaraldrinum.

Aukningin á milli áranna 2022 og 2023 var 11%.



**Aldrei hefur meira verið framleitt af eggjum en á síðasta ári.**

### *Mjólkurframleiðslan ekki meiri frá 2019*

Mjólkurframleiðslan hefur ekki verið meiri síðan 2019, eða 155.975 tonn, sem mun vera þriðja mesta ársframleiðsla frá upphafi.

Þá kemur fram í framleiðslutölum landbúnaðarins hjá Hagstofunni að ullarframleiðslan hafi dregist saman um 8% miðað við árið 2022. */smh*


ÆVINTÝRIN
BÍÐA ÞÍN
TOYOTA RAV4
RAV4 PLUG-IN
TOYOTA RAV4 Hybrid verð frá: 8.150.000 kr.
TOYOTA RAV4 Plug-in Hybrid verð frá: 10.450.000 kr.
KINTO ONE langtímaleiga
TOYOTA RAV4, verð frá: 202.000 kr. á mánuði.
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
SPORLAUS
3+4 ÁBYRGÐ
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Rafn Bergsson, formaður deildar nautgripabænda hjá BÍ.

## Rafn sækist eftir endurkjöri

**Allir stjórnarmenn nema einn í búgreinadeild nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.**

Rafn Bergsson er núverandi formaður og bóndi í Hólmahjáleigu. Hann sækist eftir endurkjöri, en hann var kosinn í embættið á síðasta búgreinaþingi sem haldið var í lok febrúar á síðasta ári.

Í núverandi stjórn sitja Bessi Freyr Vésteinsson, Hofsstaðaseli, Guðrún Eik Skúladóttir, Tannstaðabakka, Reynir Þór Jónsson, Hurðarbaki og Sigurbjörg Ottesen, Hjarðarfelli. Af þeim er einungis Guðrún Eik sem ekki gefur áfram kost á sér.

Kosið verður til stjórnar í búgreinadeildinni á deildafundi búgreina Bændasamtaka Íslands sem haldnir verða 12. og 13. febrúar næstkomandi. */smh*

## Margir fullnýttu ekki kvótann

**Á þriðja hundrað mjólkurframleiðenda uppfylltu ekki framleiðsluskyldu sína árið 2023.**

Samkvæmt upplýsingum frá matvælaráðuneytinu voru mjólkurframleiðendur 498 á síðasta ári. Þar af voru 225 kúabændur sem fullnýttu ekki framleiðslurétt sinn. Ónotað greiðslumark þessara aðila var samtals 7.590.350 lítrar.

Þar sem hundrað prósent framleiðsluskylda hvílir á mjólkurframleiðendum munu beingreiðslur af ónotuðu greiðslumarki færast til þeirra sem framleiddu mjólk umfram sinn framleiðslurétt. Alls 273 kúabændur mjólkuðu meira en greiðslumark þeirra heimilaði, eða samtals 10.102.682 lítra umfram sinn kvóta. Eftir standa rúmlega tvær og hálf milljón lítra sem voru mjólkaðir umfram heildargreiðslumark í landinu og munu ekki fara til útjöfnunar. */ál*

Evrópa:

# Mótmæli bænda bera árangur

**Bændur hafa mótmælt starfsskilyrðum sínum víða um Evrópu undanfarnar vikur og haft töluverð áhrif á umferð um borgir og sett mark sitt á umfjöllun fjölmiðla. Virðast mótmælin að einhverju leyti vera að skila árangri.**

Íþyngjandi reglugerðir Evrópusambandsins hafa vakið ugg meðal bænda. Sambandið hefur bæði boðað, og tekið í gildi, reglur sem miða að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda í nafni Græna samfélagssáttmála álfunnar (*e. The European Green Deal*), sem hefur það að markmiði að umbreyta Evrópusambandinu í loftslagshlutlaust hagkerfi árið 2050. Meðal þeirra reglubreytinga sem koma munu niður á starfsemi bænda í Evrópu eru niðurfelling skattaívilnana fyrir landbúnaðartæki, bönn á tilteknum plöntuvarnarefnum og skömmtunarskattar á vatnsnotkun.




Víðtæk og fjölmenn mótmæli hafa meðal annars farið fram í Frakklandi, Þýskalandi, Hollandi, Ítalíu, Póllandi og Rúmeníu. Hafa bændur tafið umferð, dreift mykju, kveikt í heyi, aftrað flutningi búvara frá samkeppnislöndum og hent afurðum sínum, svo eitthvað sé nefnt. Mynd / Gayatri Malhotra

### *Hlustað í Brussel*

Víðtæk og fjölmenn mótmæli hafa meðal annars farið fram í Frakklandi, Þýskalandi, Hollandi, Ítalíu, Póllandi og Rúmeníu. Hafa bændur tafið umferð, dreift mykju, kveikt í heyi, aftrað flutningi búvara frá samkeppnislöndum og hent afurðum sínum, svo eitthvað sé nefnt.

Bændur létu ófriðlega kringum leiðtogafund Evrópusambandsins sem fram fór í Brussel í Belgíu í síðustu viku og kröfðust áheyrnar leiðtoga sambandsins. Höfðu þeir erindi sem erfiði þar sem Emmanuel Macron, forseti Frakklands, og Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evópusambandsins, hlýddu á kröfur mótmælenda að leiðtogafundi loknum. Þá mun fríverslunarsamningur sem Evrópusambandið hugðist gera við nokkur ríki Suður-Ameríku, kenndur við Mercosur, hafa verið settur á ís. Var það meðal annars gert vegna óánægjuradda bænda sem kröfðust þess að leyfi innflutnings búvara frá löndunum yrðu háð sömu framleiðslukröfum og þeirra framleiðsla lýtur.

Slíka óánægju er einnig að finna meðal bænda í Frakklandi sem telja ódýran innflutning búvara frá Spáni gera innlendri framleiðslu erfitt fyrir. Telja þeir spænsku vörurnar ekki framleiddar undir sömu skilyrðum og þær frönsku. Brugðu þeir meðal annars á það ráð að stöðva flutning búvara á landamærunum, hella niður víni og olíu og eyðileggja ávexti og grænmeti. Bændur í Póllandi og Rúmeníu gerðu tollfrjálsan innflutning landbúnaðarafurða frá Úkraínu að umkvörtun í sínum mótmælum. Við þeim mótmælum hefur verið brugðist. Þótt Evrópusambandið hafi framlengt tollaívilnun vara frá Úkraínu um annað ár eru takmarkanir settar á tilteknar búvörur sem framleiddar eru í Evrópu, s.s. á kjúkling og egg.



Vigdís Hásler.

### *Veltir fyrir sér stöðu íslenskra bænda*

Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, hefur fylgst með mótmælum bænda á liðnum vikum.

„Mótmælin eiga það sammerkt að þeir sem stunda landbúnaðarframleiðslu eru að fá minna greitt fyrir framleiðslu sína á meðan álögur frá stjórnvöldum, kostnaður vegna aðfanga og vextir eru í hæstu hæðum. Í Evrópu eiga menn einnig við hátt orkuverð að etja. Sé litið sérstaklega á stöðuna í Þýskalandi, þá úrskurðaði þýski stjórnlagadómstóllinn að tillaga ríkisstjórnarinnar að fjárlögum fyrir árið 2024 væri ólögmæt þar sem tekið var af ríkishallanum með því að hækka skatta á eldsneyti á bændur um hátt í milljarð evra, næstum 3.000 evrur á hverja bújörð. Þetta var kornið sem fyllti mælinn hjá þýskum bændum. Í þessu samhengi hef ég velt því fyrir mér hvort sú staðreynd að þegar Bændasamtökin kynntu stöðumat íslensks landbúnaðar fyrir atvinnuveganefnd og fjárlaganefnd á vordögum síðasta árs þegar fjármálaáætlun 2024–2028 var til umræðu, en þar hafði ráðherra ekki lagt til að auka fjármagn inn í samningana, gangi hreinlega upp þegar bændum á Íslandi ber lögum samkvæmt að framleiða búvörur sem séu í samræmi við þarfir þjóðarinnar og stjórnvöldum ber að tryggja að kjör þeirra sem landbúnað stunda séu í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta,“ segir Vigdís.

## Græni samfélagssáttmálinn

Græni samfélagssáttmáli Evrópu (The European Green Deal) er víðtæk áætlun sem sett var fram af Evrópusambandinu árið 2019. Markmið hans er að umbreyta Evrópusambandinu í loftslagshlutlaust hagkerfi árið 2050.

Áætlunin byggir á fjórum stoðum sem snúast um að einfalda regluverk, flýta aðgengi að fjármagni til umhverfisvænna umbreytinga, efla færni og stuðla að gagnsæjum viðskiptum um stöðugar aðfangakeðjur. Áætlunin tekur til ólíkra geira mannlífs, s.s. innviða, mannvirkja, orku, flutninga, matvæla og vistkerfa. Stefnan er að Evrópa geti séð sjálfri sér fyrir hreinni orku. Þá spilar hringrásarhagkerfið stóran þátt í öllum breytingum á innviðum. Draga á úr kolefnisfótspori matvælakerfis Evrópu í heild og styrkja um leið seiglu þess og fæðuöryggi íbúa.

Loftslagsmál og græn orkuskipti eru meðal grundvallarþátta áætlunarinnar. Á grunni hennar setti Evrópusambandið á lög árið 2021 sem kveða á um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, miðað við stöðuna 1990, fyrir 2030. Sú lagasetning var hluti af stærri reglugerðapakka, „Fit for 55“, en síðustu tillögur þar að lútandi voru samþykktar í október síðastliðnum. Ná þær reglugerðabreytingar til allra helstu geira hagkerfisins.

Umbreyting í landbúnaði spilar einnig stórt hlutverk innan Græna samfélagssáttmálans. Á vef Evrópusambandsins um málaflokkinn segir að evrópska landbúnaðar- og matvælakerfið sé nú þegar fordæmi þegar kemur að öryggi, aðgengi, næringu og gæðum. Umbreytingin undir Græna samfélagssáttmálanum felist í því að gera landbúnaðarkerfi Evrópu sjálfbærara, um leið og tryggja á að matvæli séu aðgengileg öllum óháð efnahag.

Aðgerðir áætlunarinnar ná meðal annars til sjálfbærnivísa, velferðar dýra, alþjóðlegra aðfangakeðja og matvælamerkinga. Þær miða einnig að því að minnka notkun plöntuvarnarefna og hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sett markmið um að minnsta kosti 25% af landbúnaðarlandi Evrópu heyri undir lífrænan búskap. Fleira spilar inn í þann aðgerðapakka sem heyrir undir landbúnað. Árið 2023 var t.a.m. hleypt af stokkunum fimm ára stuðningskerfi fyrir bændur í formi nýrrar sameiginlegrar landbúnaðarstefnu.

Áætlunin fékk fjármögnun sem nota á sem hvata fyrir bændur til að tileinka sér sjálfbærari búskaparhætti. Þannig fá bændur greitt aukalega fyrir uppskeru sína ef þeir binda kolefni um leið.

Talið er að nær sex milljónir bænda séu nú starfandi í Evrópu og er meðalaldur þeirra 57 ár, að því er fram kemur á vef framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

### *Innleiðing regluverks háð rauntölum um losun*

„Svo ég haldi áfram, þá má benda á álögur sem þingið samþykkti á síðasta ári, um hækkun á úrvinnslugjaldi rúlluplasts, sem hafði bein áhrif á bændur með hækkun á smásöluverði sem nemur um 100–120 millj. kr. á ársgrundvelli. Hvaða gat voru stjórnvöld að fylla í þarna og eiga bændur einir að bera þá hækkun?

Líkt og í Evrópu eiga matvælaframleiðendur hér á landi undir högg að sækja, það þarf að fylgja því hagkvæmni að framleiða mat og tekjur bænda verða að hækka,“ segir Vigdís jafnframt.

Undir þetta tekur Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna. „Það er líka áhugavert að fylgjast með Dönum sem segja að þeir séu betur undirbúnir varðandi loftslagsmálin þar sem þeir hafa verið að taka á þessum málum undanfarin fimm ár eða svo. Það verður fróðlegt að fylgjast með þegar kolefnisskattur verður innleiddur í Danmörku þar sem það verður væntanleg fyrirmynd annarra ríkja, allavega í Skandinavíu.

Ég tel að ef við vöndum okkur í innleiðingu á regluverkinu og forsendumælingum á losun frá landbúnaði þá sé það eitthvað sem við ráðum við. En það er háð því að við fáum rauntölur um losun frá íslenskum landbúnaði.

Svo er það innflutningurinn, þar getum við tekið undir með bændum í Evrópu um að það sé gerð meiri krafa á innanlandsframleiðsluna en það sem flutt er inn, þetta höfum við ítrekað bent á en það er eins og það sé bara alltaf á tali,“ segir Gunnar. */ghp*



Taktu sprettinn með okkur

# Sprettur ÁBURÐUR

## VERÐSKRÁ 2024

| Áburðartegund | Kg CO2 pr. kg | N | P | K | Ca | Mg | S | Se | Na | B | Vatns uppl. P | Greitt fyrir 15. apríl 3% afsl. | Greitt fyrir 15. okt |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sprettur N27 + S | 0,66 | 27 | | | 5,7 | | 4,0 | | | | | 82.900 | 85.464 |
| Sprettur+OEN N42+S+Selen | 1,03 | 42 | | | | | 2 | 0,0015 | | | | 114.900 | 118.454 |
| Sprettur 23-5+Sweet-Grass+Selen | 055 | 23 | 2,2 | | 3,0 | 1,2 | 2 | 0,0015 | 3,7 | | 92% | 99.900 | 102.990 |
| Sprettur 25-5 | 0,66 | 25 | 2,2 | | | | 2,5 | | | | 92% | 93.900 | 96.804 |
| Sprettur 25-8+Selen - **NÝTT** | 0,59 | 25 | 3,5 | | 4,0 | | 2,5 | 0,0015 | | | 92% | 99.900 | 102.990 |
| Sprettur+OEN 38-8+Selen | 0,97 | 38 | 3,5 | | | | 3,0 | 0,0015 | | | 92% | 121.900 | 125.670 |
| Sprettur 23-6-6+Selen | 0,56 | 23 | 2,6 | 4,9 | 3,0 | 1,2 | 2,0 | 0,0015 | | | 92% | 105.900 | 109.175 |
| Sprettur 22-6-3+Avail+Selen+Sweet Grass | 0,61 | 22 | 2,6 | 2,6 | 2,8 | 1,2 | 2 | 0,0015 | 3 | | 92% | 102.900 | 106.082 |
| Sprettur 20-5-13+Avail+Selen | 0,61 | 20 | 2,2 | 11 | 2,4 | 1,2 | 2,5 | 0,0015 | | | 92% | 106.900 | 110.206 |
| Sprettur 20-6-7+Avail+Selen+Sweet Grass | 0,58 | 20 | 2,6 | 5,8 | 2,5 | 1,2 | 2 | 0,0015 | 3 | | 92% | 103.900 | 107.113 |
| Sprettur 20-10-10+Selen | 0,67 | 20 | 4,4 | 8,3 | 2,2 | 1,2 | 2,5 | 0,0015 | | | 92% | 106.900 | 110.206 |
| Sprettur+ OEN 25-12-12+Polysulphate+Selen | 0,76 | 25 | 5,2 | 10 | 1,6 | 0,5 | 3 | 0,0015 | | | 92% | 119.900 | 123.608 |
| Sprettur 27-6-3+Selen | 0,96 | 27 | 2,6 | 2,6 | 1,4 | 0,6 | 2 | 0,0015 | | | 92% | 102.900 | 106.082 |
| Sprettur+OEN 27-8-3+Poly+Selen+Sweet Grass | 0,78 | 27 | 3,5 | 2,6 | 2,6 | 0,8 | 4 | 0,0015 | 3,7 | | 92% | 110.900 | 114.330 |
| Sprettur 27-6-6 - **TILBOÐ** | 0,94 | 27 | 2,6 | 4,9 | | | 2 | | | | 92% | 89.900 | 92.680 |
| Sprettur 16-15-12 | 0,56 | 16 | 6,5 | 10 | 1,4 | 0,5 | 2,5 | | | | 92% | 107.900 | 111.237 |
| Sprettur+ OEN 20-18-15+Polysulphate | 0,68 | 20 | 7,8 | 12 | 1,4 | 0,4 | 3 | | | | 92% | 121.900 | 125.670 |
| Sprettur 12-11-20+AV+Polysulphate+Bór | 0,47 | 12 | 4,8 | 17 | 4,3 | 1,2 | 6,7 | | | 0,04 | 92% | 119.900 | 123.608 |
| Sprettur DAP | 0,70 | 18 | 20 | | | | | | | | 92% | 150.900 | 155.567 |
| Calciprill | 0,24 | | | | 36,4 | 0,1 | | | | | | 55.900 | 57.629 |

NUTRI-CO2OL er kolefnisspor Spretts áburðar gefið upp sem kg af vöru og nær yfir alla þætti framleiðslunnar, umbúða og flutninga til bænda á Íslandi.
Kolefnisspor framleiðslunnar hefur verið staðfest af óháðum aðila, ADAS samkvæmt PAS 2050.

Öll verð eru í íslenskum krónum pr. tonn og án vsk. - Birt með fyrirvara um prentvillur - Verðlisti getur breyst án fyrirvara.

## Við erum um land allt og þjónustum þig með ánægju



**Sölustjóri**
*Lúðvík Bergmann*
Sími: 444 3009 / Gsm: 840 3009
bergmann@skeljungur.is



**Austurland og Austfirðir**
*Jón Björgvin Vernharðsson*
Gsm: 862 0166
jonbvernhards@gmail.com



**Norðausturland**
*Hallgrímur Hallsson*
Sími: 464 1067 / Gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is



**Borgarfjörður og Snæfellsnes**
*Sigurjón Helgason*
*Mel*
Gsm: 867 8108
melursf@gmail.com



**Hornafjörður og Suðausturland**
*Eyjólfur Kristjónsson*
*Ási*
Gsm: 840 8871
harpaey@simnet.is



**Norðurland vestra**
*Þorgils Sævarssson*
Gsm: 787 3994
1967duddi@gmail.com



**Árnessýsla**
*Reynir Þór Jónsson*
Gsm: 898 0929
reynirhurdarbaki@gmail.com



**Eyjafjörður**
*Karl Heiðar Friðriksson*
*Brekku, Dalvík*
Gsm: 867 6417
brekka80@simnet.is



**Rangárvalla- og V-Skaftafellssýsla**
*Berglind Gunnarsdóttir*
*Ey1, Hvolsvöllur*
Gsm: 899 9806
ey1@simnet.is



**Eyjafjörður**
*Reynir Sverrir Sverrisson*
*Eyjafjörður*
Gsm: 866 0921
reynirs68@gmail.com

Fylgstu með okkur á Facebook / Sprettur áburður

**Sími 444 3000 / sala@skeljungur.is**

Skeljungur ehf. | Sími 444-3000 | Skútuvogur 1 | 104 Reykjavík | skeljungur@skeljungur.is

Skeljungur
Traustur félagi!

# Bændablaðið

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og örykja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** **thordis@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## Samvinna og kreppa

**Áhugaverðar umræður sköpuðust á Alþingi þegar rætt var um mögulega heimild kjötafurðastöðva til samvinnu.**

Þann 31. janúar var tekin fyrir fyrsta umræða um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum sem níu þingmenn lögðu fram. Þórarinn Ingi Pétursson, þingmaður Framsóknarflokks í Norðausturkjördæmi mælti fyrir frumvarpinu, sem nokkrir þingmenn hafa lagt fram sl. fimm löggjafarþing. Frumvarpið felur í sér breytingu á búvörulögum í því skyni að undanþiggja afurðastöðvar í kjötiðnaði ákvæðum samkeppnislaga. Í greinargerð segir að finna megi svipaðar undanþágur fyrir afurðastöðvar í kjötiðnaði í helstu samkeppnislöndum Íslands, til dæmis innan Evrópusambandsins. Markmið með frumvarpinu er að veita innlendum kjötiðnaði tækifæri til að hagræða og til að bregðast við ört vaxandi samkeppni að utan. Í greinargerð með frumvarpinu segjast flutningsmenn telja að samkeppni við erlenda framleiðslu vegi þyngra í verðmyndun íslenskra landbúnaðarafurða en innlend samkeppni og álíta að samkeppni við erlenda aðila muni aukast á næstu árum. Þórarinn benti á smæð íslenskrar kjötframleiðslu í samanburði við samkeppnisaðila erlendis. Hann nefndi sem dæmi að það tæki danska stórfyrirtækið Danish Crown fimm daga að slátra öllu því nautakjöti sem fellur til á Íslandi á ári, íslenskar afurðastöðvar væru langt frá því að starfa á fullum afköstum og ytri aðstæður væru erfiðar. Tryggja þyrfti að innlendar kjötafurðir væru enn á boðstólum og væri heimild afurðastöðva til samvinnu skref í þá átt. Samkvæmt frumvarpinu yrði afurðastöðvum heimilt að gera með sér samkomulag og starfa saman til að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjötvara. Hann nefndi samruna Kjarnafæðis og Norðlenska sem dæmi um farsæla sameiningu, en hinu sameinaða fyrirtæki hefur á stuttum tíma tekist að snúa rekstrinum til betri vegar. Með betri rekstrarhagkvæmni afurðastöðva gætu skapast fjármunir sem hægt væri að nota í vöruþróun og nýsköpun í úrvinnslu kjötafurða, fjármagn sem ekki væri fyrir hendi í þungum rekstri afurðastöðva í dag. Annað svipað lagafrumvarp, sem matvælaráðherra lagði fram fyrir ríkisstjórn í nóvember sl., er nú til vinnslu inni í atvinnuveganefnd. Er það frumvarp um framleiðendafélög sem felur í sér að fyrirtækjum sem eru í eigu eða undir meirihlutastjórn frumframleiðenda verði heimilt að eiga með sér samstarf um afmarkaða þætti við framleiðslu búvara. Nokkrir þingmenn ávörpuðu þingið í umræðum. Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins í Norðvesturkjördæmi, spurði um samlegðaráhrif frumvarps matvælaráðherra og þess frumvarps sem til umræðu var. Munurinn felur m.a. í sér hversu mikla aðkomu Samkeppniseftirlit getur haft á mögulegt samstarf og samruna fyrirtækja. Frumvörpin tvö eru nú bæði á borði atvinnuveganefndar.

> „... að það tæki danska stórfyrirtækið Danish Crown fimm daga að slátra öllu því nautakjöti sem fellur til á Íslandi á ári ...“

Magnús Árni Skjöld Magnússon, þingmaður Samfylkingar í Reykjavíkurkjördæmi norður, og Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi, skiptust á að koma í pontu og ræða mikilvægi landbúnaðar. Magnús Árni sagði atvinnugreinina í kreppu og væri þeirrar skoðunar að breyta þurfi umgjörð um íslenskan landbúnað. Honum hugnast sameiginleg landbúnaðarstefna Evrópusambandsins og sagðist vera talsmaður þess að bændur tækju samtalið um hvað myndi gerast ef Ísland gengi í það. Njáll Trausti benti á að orsök fjölda bændamótmæla sem hafi verið að eiga sér stað í Evrópusambandsríkjum væru vegna slæmra starfsskilyrða, m.a. vegna landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. Það væri landbúnaður því líka í kreppu.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir, ritstjóri.*



Nútímalegt fjós á lokastigum byggingar. Mynd / Úr safni

## Nautgripabændur fjárfest fyrir milljarða í bættum aðbúnaði

**Alls hefur verði úthlutað 1.556.464.916 krónum í fjárfestingastuðning í nautgriparækt frá árinu 2017.**

Í yfirliti yfir úthlutun fjárfestingastuðnings og framkvæmdakostnað samkvæmt umsóknum, sundurliðað eftir svæðum búnaðarsambanda, má sjá að 26,85% stuðnings fór til búa í Skagafirði, 26% stuðningsins fór á Suðurland og 22,6% í Eyjafjörð. Heildarfjárfesting búa á árunum 2017–2023 nam rúmum 24,5 milljörðum króna samkvæmt umsóknum en fjárfestingastuðningur fékkst fyrir 6,33 prósentum hennar.

Markmið stuðningsins er að hraða því að framleiðendur standist kröfur samkvæmt reglugerð um velferð nautgripa. Stuðningurinn er veittur bæði vegna nýframkvæmda og endurbóta á eldri byggingum sem stuðla að hagkvæmari búskaparháttum, bættum aðbúnaði nautgripa og aukinni umhverfisvernd. Fjárfestingastuðningur fyrir hvern framleiðanda getur að hámarki numið 40% af stofnkostnaði ef heildarkostnaður fer yfir eina milljón króna. Hver framleiðandi getur þó ekki fengið hærra framlag ár hvert en 10% af árlegri heildarupphæð fjárfestingastuðningsins skv. fjárlögum.

*/ghp*

### Úthlutaður fjárfestingastuðningur 2017 - 2023

| Búnaðarsamband | Heildarfjárfesting | Stuðningur |
|---|---|---|
| Vesturland | 3.023.937.286 | 158.713.111 |
| Vestfirðir | 0 | 0 |
| Húnaþing/Strandir | 1.652.296.506 | 106.073.260 |
| Skagafjörður | 7.273.963.489 | 417.933.145 |
| Eyjafjörður | 4.961.260.347 | 351.765.825 |
| S-Þing | 1.016.675.805 | 78.457.187 |
| N-Þing | 21.133.450 | 1.519.871 |
| Austurland | 443.377.634 | 36.234.894 |
| Suðurland | 6.193.670.383 | 405.767.623 |
| **Samtals** | **24.586.314.900** | **1.556.464.916** |

*Upphæðir í krónum, heimild/matvælaráðuneytið.*

### Samtök fyrirtækja í landbúnaði:

## Ganga til liðs við Samtök iðnaðarins

**Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) hafa gengið til liðs við Samtök iðnaðarins (SI) en samkomulag þess efnis var undirritað nýlega. Með samkomulaginu verða öll félög innan SAFL aðilar að SI og þar með Samtökum atvinnulífsins.**

SAFL verða áfram sjálfstæð samtök og með starfandi framkvæmdastjóra en félagsmenn SAFL hafa þá einnig aðgang að fullri þjónustu Samtaka iðnaðarins.

***Sameiginleg hagsmunamál***

Að sögn Margrétar Gísladóttur, framkvæmdastjóra SAFL, hefur verið stefnt að því frá stofnun SAFL að samtökin yrðu hluti af Samtökum atvinnulífsins, enda mikilvægt að landbúnaðurinn sé hluti af hvers konar umræðu og stefnumótun íslensks atvinnulífs í heild.

„Mörg af helstu hagsmunamálum SAFL eru af sama meiði og SI hefur verið að beina sjónum að undanfarið. Þar má helst nefna samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, blýhúðun regluverks, raforkumál og svo má lengi telja. Þar er mikilvægt að rödd landbúnaðarins heyrist. Ég lít því bjartsýn til komandi samstarfs og þátttöku okkar í að vinna að þessum mikilvægu málum.“

***Heimild kjötafurðastöðva til samvinnu***

Þegar Margrét er spurð um helstu verkefni SAFL á undanförnum vikum og mánuðum, segir hún að mikill tími hafi farið í baráttu fyrir því að kjötafurðastöðvar fái heimild til hagræðingar, með samvinnu, líkt og þekkist í nágrannalöndunum og einnig í mjólkuriðnaðinum hér á landi. „Hefur málið verið í vinnslu í kerfinu um langa hríð. Nú loks er komið stjórnarfrumvarp inn til Alþingis en það þyrfti þó að taka töluverðum breytingum ef það á að geta uppfyllt markmiðið um hagræðingu í greininni. Málið er nú hjá atvinnuveganefnd og bíðum við fregna um næstu skref.

Þá erum við að rýna skýrslu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um „gullhúðun“ EES-gerða um þessar mundir en eðli málsins samkvæmt nær málefnasvið ráðuneytisins yfir hluta af starfsemi landbúnaðarins og fyrirtækja í landbúnaði. Við höfum séð evrópska bændur rísa upp og mótmæla íþyngjandi regluverki og því er ótrúlegt að við séum í alltof mörgum tilvikum að ganga enn lengra en nauðsyn krefur hérlendis. Slíkt kemur niður á samkeppnisstöðu og gerir landbúnaðinum sem og öðrum greinum erfiðara fyrir en þörf er á.“

***Samstarfsvettvangurinn með BÍ***

Fyrir um rúmu ári síðan, á Búnaðarþingi 2023, var samþykkt ályktun um samstarfsvettvang SAFL og Bændasamtaka Íslands (BÍ) þar sem stjórn BÍ er falið að taka þátt í stofnun heildarsamtaka í landbúnaði með SAFL. Margrét segir að samtöl hafi átt sér stað á milli samtakanna á þessum tíma en ekki sé komin skýr mynd á það á þessari stundu.

„Sú vinna er óháð aðild SAFL að SI. Við eigum í góðu samstarfi við BÍ óháð framvindu þeirrar vinnu í hvers kyns málum. Við höfum sem dæmi sameiginlega morgunfundaröð um málefni landbúnaðar í janúar og er næsti fundur á dagskrá 22. febrúar næstkomandi,“ segir Margrét. */smh*






Aðalbjörn Tryggvason og Guðmundur Stefánsson standa vaktina á fordrykkjavaktinni á þorrablótinu í Hrísey. Um 150 gestir voru á blótinu og var nefndin íklædd glimmergöllum. Myndir / Aðsendar



Heimir Ásgeirsson og Flosi Kristinsson á þorrablóti Grýtubakkahrepps. Sá síðarnefndi var aldursforseti blótsins, en Flosi er 94 ára gamall og er bóndi í Höfða.

# Stemning á þorrablótum

Nú hefur þorrinn gengið í garð og lyfta landsmenn sér upp á þorrablótum. Þegar þetta er skrifað hafa tvær helgar af þorranum liðið og greinilegt að margar þorrablótsnefndir hafa drifið í sínum skemmtunum. Hérna kemur úrval af myndum sem lesendur sendu ritstjórn Bændablaðsins af þessu tilefni. /ál



Fjölmenni var á hinu árlega Fellablóti sem var haldið í íþróttahúsinu í Fellabæ.



Bryndís Malmo og Ingvi Þorfinnsson á þorrablótinu í Aratungu í Bláskógabyggð. Þau voru valin prinsessa og prins einhleypra á miðjum aldri. Á þessu blóti var Barbie myndin þemað í skemmtiatriðunum og í myndabásnum.



Á þorrablótinu á Rimum í Svarfaðardal. Félagarnir og jafnaldrarnir Helgi Guðbergsson, Alfreð Viktor Þórólfsson og Hlini Jón Gíslason hafa haft það fyrir hefð að láta taka mynd af sér þegar ballið er búið og fólk býr sig til heimferðar. Á blótinu var Barbie þema og sést Hlini halda á tveimur slíkum dúkkum.



Þorrablót Kvenfélags Kjósarhrepps í Félagsgarði. Frá vinstri: Emil Þorvaldsson, Pimpernel Verwijnen, Ernst Verwijnen, Hafþór Finnbogason, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir, Svanborg Magnúsdóttir, Hjalti Freyr Guðmundsson, Unnur Svava Sigurðardóttir, Ivanka van Kuringen og Andrea Guðmundsdóttir.



Sandra Kovačević á þorrablótinu í Aratungu. Einkunnarorð blótsins voru: Allt er svo æðislegt í Bláskógabyggð – engin leiðindi, bara gaman.

## Vísnahornið

Sennilega hafa fáir orðað listina að yrkja, betur en Húnvetningurinn **Óskar í Meðalheimi**:

*Að meitla rím og móta brag*
*margur gat og vildi:*
*Aldagamalt íslenskt fag*
*enn í fullu gildi.*

Óskar orti í hlédrægni, kannski uppgerðar:

*Löngum smá ég ljóðin á*
*lítið áberandi*
*eins og fáein ýlustrá*
*upp úr gráum sandi.*

Óskar orti upp úr blaðafréttum, þegar lögreglumenn og hjálparsveit skáta fengu samliggjandi sali til veisluhalda. Um nóttina opnaðist hurð milli sala og urðu hrindingar milli hópa, lögreglumaður beit hjálparsveitarmann.

*Lögreglan okkar er löngum í fréttum*
*liðið í Nesbúð að fögnuði sat.*
*Þeir höfðu þar veislu með hefðbundnum réttum*
*og hjálparsveit skáta í eftirmat.*

Um alþekktan matarsmekk orti Óskar:

*Met ég ket á mínum disk*
*meðan hér ég lafi,*
*þó aðrir séu að elta fisk*
*úti í Ballarhafi.*

**Heiðrekur frá Sandi** orti svohljóðandi vísu:

*Það sem skilur okkur að*
*er í raun og veru,*
*að Húnvetningar þykjast það*
*sem Þingeyingar eru.*

Óskar mun hafa svarað:

*Þingeyinga mesta mein*
*er montið opinbera.*
*Það er betra í þeirri grein*
*að þykjast en að vera.*

**Hjálmar Freysteinsson** læknir var fæddur í Vagnbrekku, Mývatnssveit. Trúlega var Hjálmar ekkert montinn, en allavega fyndnastur þingeyskra hagyrðinga, að mínu viti. Hann orti um nútímavenju:

*Heiman að sem best sig bjó*
*í björtu veðri og svölu.*
*Hafði nesti, nýja skó*
*og nýja kennitölu.*

Hjálmar sendi Pétri Péturssyni þessa einhvern tímann, báðir læknar og snilldar hagyrðingar:

*Í vísum dýrum vandi býr,*
*vitið flýr en rímið dafnar.*
*Efnisrýr og ekki skýr,*
*út í mýri stakan hafnar.*

Sígilt innlegg í umræðuna orti Hjálmar:

*Þótt jafnréttismálunum*
*vegni´ eftir vonum*
*veit ég að ennþá má*
*á Íslandi þekkja karla frá*
*konum*
*á kaupinu sem þeir fá.*

Fremstur allra í heiminum var Hjálmar við limrusmíði, eins þó víðar væri leitað.

*Þorfinnur þögli frá Mó*
*af þögninni loksins fékk nóg*
*Þá sagði´ann: Jæja!*
*Það lét hann nægja*
*og þagði svo þar til hann dó.*

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
*mhalldorsson0610@gmail.com*

FEIF-þing:

# Breyttu fjárframlagi til WorldFengs

**Fulltrúaþing Alþjóðasamtaka íslenska hestsins (FEIF) fór fram í Lúxemburg fyrstu helgina í febrúar. Á þinginu voru teknar ákvarðanir er tengjast Íslandshestamennskunni.**

Tillögur um breytingar á keppnisreglum lágu fyrir þinginu, þ.á m. reglan um að allar einkunnir dómara gildi í íþróttakeppni. Reglan sem er viðhöfð er sú að á þeim mótum þar sem þrír dómarar dæma gilda einkunnir allra þeirra en á mótum þar sem fimm dómarar sinna dómgæslu falla einkunnir hæsta og lægsta dómara út og eingöngu meðaltal hinna þriggja er notað til að finna út meðaleinkunn. Breytingartillagan var felld með miklum meirihluta.

Hulda Gústafsdóttir, fulltrúi Íslands á þinginu og meðlimur í íþróttanefnd FEIF, talaði mjög ákveðið gegn þessari breytingu og var það ákveðinn vendipunktur í málinu. Hulda taldi að þetta mál hefði ekki hlotið nægjanlega kynningu og ekki verið skoðað nógu vel og fór fram á frestun afgreiðslu. Því var hafnað og kosið um tillöguna sem var felld. Þessi tillaga hafði fengið mikla umræðu stuttu fyrir þingið og voru margir knapar og dómarar á móti henni.

***Rúmenía bætist í hópinn***

Gerðar verða breytingar á því hvernig A úrslit í slaktaumatölti T2 verða riðin. Breytingartillaga sem samþykkt var gerir ráð fyrir að tölt á slökum taumi verði sýnt upp á báðar hendur í úrslitum.

Til umfjöllunar á þinginu var einnig aðildarumsókn hollvina íslenska hestsins í Rúmeníu (e. Association of the friends of Icelandic horses from Romania). Öll nauðsynleg gögn um aðild lágu fyrir og var umsókn þeirra samþykkt. Rúmenía er því 23. aðildarland FEIF.

Rúmensku félagasamtökin telja 53 félaga en samkvæmt WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins, eru 34 íslensk hross í Rúmeníu.

Fyrir þinginu lá tillaga um fjárhagslega endurskipulagningu á WorldFeng. Upprunaættbókin er stærsti gagnagrunnur og upplýsingaveita um íslenska hestinn í heiminum. Hann hefur verið í þróun síðustu 25 ár og hefur verið samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands og FEIF.

***Gagnagrunnur uppfærður***

Í nokkurn tíma hefur legið fyrir að tæknin að baki gagnagrunninum og umhverfi hans er orðið verulega úrelt og brýnt sé að fara í gagngerar tæknilegar breytingar. Fyrir liggur að færa þarf gögnin yfir í nýtt kerfi til að hann standist þær öryggiskröfur sem gerðar eru til nútímalegrar upplýsingatækni. Þetta er viðamikið og kostnaðarsamt verkefni en til að geta farið í þær breytingar þótti nauðsynlegt að fara í fjárhagslega endurskipulagningu á WorldFeng.

Fyrir þinginu lá því breytingartillaga um framlag aðildarlanda FEIF til WorldFengs. Tillagan gerði ráð fyrir að frá árinu 2025 skyldi hvert aðildarland þurfa að greiða tvær evrur fyrir hvern meðlim landssambands hvers aðildarlands.

Núna er sú regla að hvert aðildarland borgar fasta upphæð svo framlag þeirra er á bilinu 0,38 evrur til 20 evrur á hvern meðlim þrátt fyrir að allir meðlimir hafi sama aðgang og valkosti í gagnagrunninum.

Með þessari breytingu er vonast eftir að hægt verði að tryggja nauðsynlega nútímavæðingu á vefnum og tryggja öryggi gagnanna sem þar liggja inni.

Tillagan var samþykkt og munu því fjárframlög frá aðildarlöndum FEIF til WorldFengs hækka umtalsvert. Tillagan var þó ekki samþykkt einróma enda mikil breyting fyrir nokkur aðildarlönd eins og Þýskaland, sem er fjölmennasta landssambandið með um 27.000 meðlimi samanborið við 12.500 á Íslandi.

*/hf*

Bændur græða landið

Land og skógur auglýsir eftir þátttakendum í verkefninu *bændur græða landið*

Tilgangur verkefnisins er að styrkja landeigendur til landgræðslu á jörðum sínum, stöðva rof, endurheimta vistkerfi og hjálpa landeigendum að stuðla að sjálfbærri landnýtingu með leiðbeiningum og viðmiðum.

Þátttakendur í verkefninu fá fjárhagslegan stuðning við uppgræðslu lítt gróinna svæða og styrkingu rýrs mólendis á heimalöndum sínum, auk ráðgjafar um hvernig best verði staðið að viðkomandi landgræðsluverkefni með tilliti til sjálfbærrar landnýtingar.

Opið er fyrir umsóknir allt árið en til að tryggja þátttöku fyrir viðkomandi ár þarf að sækja um fyrir **25. febrúar.**

Umsóknarform er aðgengilegt á **landogskogur.is** eða með því að skanna kóðann hér fyrir neðan. Nánari upplýsingar veita héraðsfulltrúar viðkomandi svæðis.

bgl@landogskogur.is
S. 488-3000

Land og skógur



Markmið flutningsjöfnunarstyrkja er að styðja við framleiðsluiðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru staðsettir fjarri markaði. Mynd / ghp

Innviðaráðuneyti:

# Samherji og KS hlutu hæstu styrkina

– Skýrsla um svæðisbundna flutningsjöfnun árið 2023

**Samherji hf. hlaut langstærsta flutningsjöfnunarstyrk fyrir árið 2023. Langstærsti hluti styrkja fór til framleiðenda í matvæla- og drykkjavöruiðnaði.**

Í skýrslu innviðaráðherra um framkvæmd svæðisbundinnar flutningsjöfnunar á árinu 2023 kemur fram að 164,4 milljónir króna hafi verið úthlutað í styrki fyrir árið 2023 og runnu þeir til 86 umsækjenda. Heildarfjárhæð samþykktra styrkumsókna var 300,9 m.kr. og því var útgreiðsluhlutfallið 54,6% að því er fram kemur í skýrslunni. Flestar umsóknir komu frá Norðurlandi eystra, 38 talsins, átján komu frá umsækjendum á Vestfjörðum, níu frá Vesturlandi, átta frá Norðurlandi vestra, sjö frá Austurlandi, sex frá Suðurlandi og ein frá Suðurnesjum.

Í samræmi við það þá fór hæsta upphæðin til Norðurlands eystra, ríflega 71,2 m. kr. Þá var umsækjendum á Vestfjörðum veittar tæpar 35,8 milljónir og 26,4 milljónir fóru til umsækjenda á Norðurlandi vestra.

Áttatíu umsóknir voru vegna framleiðslustarfsemi sem heyrir undir C-bálk íslensku atvinnugreinaflokkunarinnar og voru þar langflestar, 65 umsóknir, vegna matvæla- og drykkjarvöruiðnaðar. Langstærsti hluti styrkja fór enda til framleiðenda í þeirri atvinnugrein, 140,9 m.kr. Ástæður þessa eru bæði fjöldi aðila í slíkri framleiðslu á landsbyggðinni en þar getur kostnaður vegna flutnings á hráefni til vinnslu reynst mikill.

Sjö umsóknir voru vegna grænmetisræktunar í A-bálki og var greidd rúm ein milljón króna í flutningsjöfnunarstyrk vegna þeirra.

Í skýrslunni eru einnig tilteknir tíu hæstu styrkhafarnir, en þeir hlutu saman 56,4% af fjárhæð greiddra styrkja, eða 92,7 m. kr.

***Tíu hæstu styrkirnir***

Langhæsta styrkinn fékk Samherji hf., samtals 21,4 m.kr. Kaupfélag Skagfirðinga fékk næsthæsta styrkinn, 11,3 m. kr., Steinull hf., sem er í 50% eigu KS, hlaut 10,6 m. kr., Kjarnafæði Norðlenskra hf. fékk 9,8 m. kr., Skinney-Þinganes 8,7 m. kr., Arna ehf. 8 milljónir kr., GPG Seafood ehf. 8 m. kr., Coca-Cola Europacific Partners, sem staðsett er á Norðurlandi eystra skv. skýrslunni, fékk 5,1 m. kr., Gjögur hf. fékk 5 milljónir kr. og Fóðurverksmiðjan Laxá hf. fékk 4,9 m.kr.

Flutningsjöfnunarstyrkir eru greiddir út samkvæmt lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, en markmið þeirra er að styðja við framleiðsluiðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem staðsettir eru fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði.

Flutningsjöfnunarstyrkir til framleiðenda voru fyrst veittir á árinu 2013 vegna flutningskostnaðar á árinu 2012 og var þetta því í ellefta skipti sem styrkirnir eru veittir. */ghp*

Matvælaráðuneytið:

# Tímamörk óákveðin

**Katrín Jakobsdóttir segir ekkert annað liggja fyrir en að hún taki að sér verkefni Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra næstu vikurnar.**

Á þeim tíma muni skýrast betur hversu langan tíma Svandís þurfi í veikindaleyfi og þá verði staðan endurmetin. „Það verður að segjast eins og er að þetta er töluverð viðbót fyrir mig en um leið afskaplega spennandi heimur,“ segir Katrín.

Aðspurð hvaða verkefnum hún muni forgangsraða segir Katrín frumvarp um fiskeldi vera langt komið. Hún á í samtali við haghafa í greininni og vonast hún til að koma málinu fljótlega inn í þing. Það sé mikið búið að vinna úr umsögnum frá því málið fór í samráðsgátt.

Þá nefnir hún að það þurfi að halda áfram samtali um framtíðina fyrir innlendan landbúnað sem sé mjög spennandi verkefni. Þar að auki sé mikilvægt að skoða hvað landbúnaðurinn geti lagt af mörkum til að ná markmiðum okkar í loftslagsmálum og að hugmyndir Bændasamtakanna í þeim efnum séu mjög áhugaverðar. */ál*



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og starfandi matvælaráðherra, og Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna. Ráðherrann kynnti sér starfsemi og áherslur samtakanna á dögunum. Mynd / ál

# MIKIÐ ENDURNÝJAÐ 2024 OUTLANDER 6X6

UPPFÆRÐ OG REISTARI
TWIN-TUBE FJÖÐRUN

T3B
GÖTUSKRÁNING



NÝ TERRACROSS
26" DEKK

NÝJI 4-LOK 100%
FRAMLÁSINN

**2024 ÁRGERÐIN ER AÐ LENDA.**
**SKARAÐU FRAM ÚR Á CAN-AM Í SUMAR.**

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

A BRP BRAND

# Bændur slá í gegn á samfélagsmiðlum

**Góður rómur hefur verið gerður að birtingu efnis og innsýnar úr íslenska bændasamfélaginu gegnum samfélagsmiðla Bændablaðsins.**

Hundruð fylgjenda blaðsins hafa fylgst með daglegum störfum bænda, sem geta verið æði misjöfn.

Síðastliðinn mánuð hafa tveir bændur opnað bú sín og sagt frá lífi sínu og starfi í myndböndum sem hafa birst sem sögur á Instagram- og Facebook-síðu Bændablaðsins. Eydís Rós Eyglóardóttir, kjúklingabóndi á Vatnsenda, reið á vaðið í byrjun janúar. Í tvær vikur gátu lesendur fylgst með hinum ýmsu daglegu verkum sem alifuglabónda bíður, svo sem að hreinsa hús, huga að tæknimálum og annast um heilsu og velferð fuglanna. Á undanförnum tveimur vikum hefur Ísak Jökulsson, kúabóndi á Ósabakka, svo sýnt hvað á daga hans hefur drifið á ansi hressandi hátt, enda hafa óveður og óvæntar uppákomur sett mark sitt á dagana. Helstu myndbönd bændanna eru svo sett saman í safn sem nálgast má á Instagram-síðu blaðsins sem er og verður áfram aðgengilegt.

Fylgjendum Bændablaðsins á Instagram hefur fjölgað mjög og mörg hundruð manns kjósa að fylgjast daglega með uppátækjum bænda. Tilgangur verkefnisins er að gefa lesendum raunsæja innsýn í bændasamfélagið og færa frumframleiðslu matvæla nær neytendum.

Næstu tvær vikurnar mun Óli Finnsson, garðyrkjubóndi í Heiðmörk, gefa lesendum innsýn inn í rekstur og starf ylræktarbónda en viðtal við hann má nálgast á síðu 55 hér í blaðinu. /ghp




# Gúrkuuppskera aldrei meiri

**Metuppskera var í gúrkuræktun á síðasta ári, eða 2.096 tonn. Stöðugur vöxtur hefur verið í greininni á undanförnum árum.**

Þetta sýna nýlegar tölur Hagstofu Íslands og þar kemur einnig fram að uppskera í paprikurækt var með besta móti, eða 221 tonn, sem er sú mesta frá árinu 2014. Eftir afar gott ár 2022 í tómataræktun, þá minnkar uppskeran í þeirri grein á milli ára og var 1.247 tonn á síðasta ári – en hún var þó meiri en bæði árin 2021 og 2020.

Sveppauppskeran var sú mesta á undanförnum þremur árum, eða 609 tonn, sem er álíka mikið og árið 2020.

Salatuppskeran á síðasta ári var sú minnsta á undanförnum fjórum árum, eða 448 tonn. /smh



Bjóðum fjarstýrða bjarghringi
fyrir hafnir, skip og ferðamannastaði.
Hentar vel við erfiðar aðstæður.
Langdrægir og góður togkraftur.
Svansson ehf, Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður
Sími 697-4900, Netfang: sala@svansson.is



Nýi Hreppa skyrdrykkurinn sem væntanlega kemur á innanlandsmarkað í vor. Framleiðandinn segir Ísland hinn fullkomna tilraunamarkað og mögulega verði skoðuð þróun og framleiðsla fyrir erlenda markaði.

## Nýsköpun:

# Skyrdrykkur komst í gegnum nálarauga smakkhóps

## – Hafa að markmiði að vinna vörurnar sem minnst

**Hreppa skyrdrykkur kemur á markaðinn í apríl. Í honum eru, að sögn framleiðanda, engin sætuefni heldur aðeins náttúrulegt bragðefni.**

Hreppamjólk er vörumerki Fjölskyldubúsins ehf. og sérhæfir sig í að koma með mjólkurnýjungar á markað. Nú eru átta vörutegundir á boðstólum.

Margrét Hrund Arnarsdóttir er framkvæmdastjóri Hreppamjólkur sem stofnuð var árið 2021. Hún skrifaði árið 2020 í lokaritgerð við viðskiptafræðideild HÍ um hvort arðbært væri að hefja sölu á gerilsneyddri, ófitusprengdri mjólk í sjálfsölum. Faðir hennar, Arnar Bjarni Eiríksson, stofnandi og framkvæmdastjóri Landstólpa og Fjölskyldubúsins í Gunnbjarnarholti, hafði lúrt á slíkri hugmynd um árabil og var því lag að samtvinna hana námi Margrétar.


Blessaðar kýrnar leggja grunninn að ýmsum mjólkurvörum. *Mynd / Úr safni*

### *Úr handverki í heila pökkunarlínu*

„Við höfum alltaf haft það markmið að vinna vörurnar sem minnst og þar af leiðandi ekki fitusprengja þær," segir Margrét. „Þegar við byrjuðum með Hreppamjólk fundum við strax að fólk var forvitið um þessa starfsemi og margir kölluðu eftir vörum án viðbætts sykurs. Úr því varð Hreppa Skyrdrykkur með fjórum mismunandi bragðtegundum. Þróunin hefur staðið yfir frá því síðasta vor/sumar en með því að færa okkur úr handverki í höndum upp í heila pökkunarlínu þurftum við að þróa vöru sem samnýtist með öllum hinum vörunum okkar í pökkunarvélina. Við horfðum því í heilsusamlegan drykk og upp frá því fórum við að kynna þessa vöru á matarmörkuðum og öðrum kynningum og viðbrögðin farið fram úr öllum væntingum," segir hún.

Um það hvert ferlið var frá hugmynd til búðarhillunnar segir Margrét það hafa byrjað á að finna gerla sem henti vel í drykkinn.

„Við erum með mjög færan mjólkurfræðing, Runólf Árna Runólfsson, í vinnu hjá okkur," útskýrir hún og heldur áfram: „Hann veit oftar en ekki hvað þarf að laga og betrumbæta svo að varan sé eins og við viljum hafa hana. Það hefur svo tekið langan tíma að finna fyrirtæki með réttu bragðefnin fyrir okkur og við erum búin að prófa ansi mörg. Við sóttum svo um styrk hjá Högum til þess að geta þróað vöruna enn betur fyrir markaðinn en hann gaf okkur einnig færi á að komast í nálægð við dreifðari markhóp og þróa vöruna í takt við það," segir hún jafnframt.

Markmiðið er, að sögn Margrétar, að neytandinn neyti mjólkurafurða sem eru sem næst uppruna sínum. „Því höldum við fast í að allar okkar vörur séu ófitusprengdar og rekjanlegar beint í Fjölskyldubúið. Við erum einnig komin með smakkhóp, þar sem við sendum vörurnar á smakkarana og þeir gefa endurgjöf. Það hefur hjálpað okkur að sjá hvað megi bæta. Hreppa skyrdrykkurinn er væntanlegur á markað í apríl en þá ættu allar græjur og umbúðir að vera klárar," segir hún enn fremur.


Margrét Hrund Arnarsdóttir.

### *Heilsusamlegt markmið*

Aðspurð um sérstöðu Hreppamjólkur á markaði segir Margrét hana fyrst og fremst vera ófitusprengdu mjólkina en rannsóknir hafi sýnt fram á að ófitusprengd mjólk geti hentað betur fyrir fólk með laktósaóþol. „Fitusprenging breytir fitunni í örsmáar agnir sem fara beint í gegnum bragðlaukana án þess að þú takir eftir henni og því er ófitusprengd mjólk bragðmeiri," segir hún til skýringar. „Mjólkin okkar er einnig fitumeiri en þessi hefðbundna þar sem við styðjumst við meðaltal Fjölskyldubúsins. Skyrdrykkurinn inniheldur engan viðbættan sykur eða sætuefni en það er markmið okkar að hafa vörurnar sem heilsusamlegastar. Með þessu erum við einnig að auka fjölbreytileika á drykkjarvörum úr mjólkurafurðum sem getur verið þægilegt í hröðu samfélagi eins og Ísland er. Þetta er alveg sykur- og sætuefnalaus drykkur og því afar hentugur fyrir allar kynslóðir, þ.e. frá því að börn byrja að borða fasta fæðu og um ókomna tíð," segir hún.

### *Fleiri vörur í prófunum*

Um það hvert hún stefni með Hreppa skyrdrykkinn segir hún hann verða til sölu í öllum Hagkaupsverslunum til að byrja með. „Svo verður tíð og tími að leiða okkur áfram með hvað við gerum svo," segir hún og bætir við að þau séu vissulega með háleit markmið um þróun og framleiðslu á vöru fyrir erlenda markaði og segja megi að Ísland sé hinn fullkomni tilraunamarkaður.

Margrét er hvergi nærri hætt og segist vera í frekari vöruþróun. „Við erum alltaf að þróa nýjungar og bætingar og nú þegar hafa nokkrar vörur farið í prufur og nauðsynlegt að ákveða hvaða vörur komast í gegnum síuna. Það er ljóst að á neytendamarkaði er sífellt meiri áhugi á minna unnum vörum ásamt nýjungum á heilsusamlegri valkostum," segir Margrét að endingu.

/sá




# Að baki hverjum bolla býr sérfræðiþekking og þjónusta

Mörg okkar stærstu og bestu fyrirtækja í verslunar-, hótel- og veitingageiranum treysta á öruggan vélbúnað og framúrskarandi viðhald og þjónustu sérfræðinga okkar hjá Expert.

EXPERT

VINNUM MEÐ ÞEIM BESTU

Höfðabakki 7, 110 Reykjavík | expert.is

# Ný kornyrki þróuð

**Ný kornyrki sem aðlöguð eru íslenskum aðstæðum verða þróuð á næstu árum með tilstuðlan verkefnis um kynbætur á byggi, hveiti og höfrum.**

Samkomulag um verkefnið var undirritað milli matvælaráðuneytis og Landbúnaðarháskóla Íslands þann 24. janúar síðastliðinn. Samkomulagið byggir á því að verkefnið verði framkvæmt á árunum 2024–2028 og tryggir fjármögnun þess á árinu 2024. Heildarfjárhæð verkefnisins á árinu 2024 eru 54 m.kr.

Helsta markmið verkefnisins er að þróa kornyrki sem eru aðlöguð íslenskum aðstæðum og að byggja upp hæfni og getu í plöntukynbótum og plöntuerfðafræði á Íslandi.

Kornkynbæturnar munu fara fram í samvinnu við sænska fyrirtækið Lantmännen, sem hefur nú þegar lagt til vinnu við byggkynbætur sem heldur nú áfram. Einnig mun hefjast í fyrsta sinn kynbætur á vetrarhveiti og höfrum. Í tilkynningu frá matvælaráðuneytinu segir að verkefni þetta marki nýtt upphaf kornkynbóta á Íslandi. Gert er ráð fyrir að framlengja samkomulagið árlega til eins árs í senn fram til ársloka 2028. Niðurstöður tilrauna verða gefnar út fyrir bændur, ráðgjafa og sáðvöruinnflytjendur.

*/ghp*



**Verkefnið markar nýtt upphaf kornkynbóta.** Mynd / ghp



Nútímalegt eggjabú á Íslandi þar sem varphænur eru í lausagöngu.

# Búrhænsnabúskap lokið

**Eftir úttektir Matvælastofnunar hjá eggjabændum í desember er ljóst að búrhænsnabúskapur á Íslandi hefur lagst af.**

Frá 1. júlí 2023 hefur eggjabændum verið óheimilt að halda varphænur sínar í búrum. Í eftirlitsferðum Matvælastofnunar í haust kom hins vegar í ljós að varphænur voru enn í búrum á tveimur stöðum. Stofnunin krafðist úrbóta á þessum tveimur stöðum og þegar kröfunum var fylgt eftir í desember varð ljóst að eigendurnir hefðu brugðist við þeim með réttum hætti. Í umfjöllun Matvælastofnunar um þessi tímamót á vef sínum kemur fram að með gildistöku reglugerðar um velferð alifugla árið 2015 hafi eggjabændum verið gefinn sjö ára frestur til að breyta varphúsum sínum með hefðbundnum búrum í varphús með innréttuðum búrum.

„Frestur til að hætta notkun á þeim var tvívegis framlengdur en ákvæðið tók endanlega gildi þann 1. júlí 2023. Á þeim rúmlega átta árum hættu nokkrir eggjabændur framleiðslu í stað þess að breyta húsunum, aðrir breyttu varphúsum í lausagönguhús. Enginn eggjabóndi ákvað að taka í notkun innréttuð búr,“ segir í umfjöllun stofnunarinnar.

Allar varphænur á landinu hafa því í dag möguleika á því að geta krafsað í undirburðinn og sandbaðað sig í lausagönguhúsum, sem hænum er eðlislægt, og hænurnar geta orpið í varpkössum. Auk þess eru nú setprik í öllum búum í hæfilegri hæð frá jörðu þar sem hænurnar geta hvílt sig í friði.

*/smh*


BK HÖNNUN

SMAHÝSI 60 m² STÁLGRINDARHÚS



Stálgrindarhús, 6x10 m - 3m vegghæð
Klæðning 40 mm PIR yleiningar.

TÖLUM SAMAN!
sala@bkhonnun.is
571-3535
www.bkhonnun.is

3.500.000 kr.
~~3.850.000 kr~~




**Jakob Svavar Sigurðsson og Skarpur frá Kýrholti unnu fjórganginn í Meistaradeild Líflands í hestaíþróttum.** Mynd / Meistaradeild í hestaíþróttum

## Hestaíþróttir:

# Innanhússmótaraðir aldrei verið vinsælli

**Keppnistímabilið í hestaíþróttum er hafið hérlendis. Vetrartímabilið einkennist af innanhússmótum og deildarkeppnum. Framboðið af mótum og hinum ýmsum deildum hefur aldrei verið meiri – núna í febrúar eru yfir tuttugu viðburðir á dagskrá.**

Meistaradeild Líflands í hestaíþróttum var fyrst til að hefja göngu sína þann 25. janúar sl. Keppt var í fjórgangi þar sem Jakob Svavar Sigurðsson vann á stóðhestinum Skarp frá Kýrholti. Nokkuð óvæntur sigur en margir gerðu ráð fyrir því að sigurvegararnir frá því í fyrra, Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir og Flóvent frá Breiðstöðum, myndu landa toppsætinu líka í ár. Gangskiptingin upp í stökk klikkaði í úrslitunum hjá þeim sem var þeim dýrkeypt og Jakob og Skarpur náðu gullinu til sín en Aðalheiður og Flóvent enduðu í öðru sæti. Í þriðja sæti varð Glódís Rún Sigurðardóttir og Breki frá Austurási.

***Keppnin rétt að byrja***

Lið Hestvits/Árbakka leiðir liðakeppnina eftir fyrstu grein en allir liðsmenn komust í A úrslit en þau voru þau Jóhanna Margrét Snorradóttir, Gústaf Ásgeir Hinriksson og Glódís Rún. Í öðru sæti er lið Hjarðartúns og í því þriðja er lið Ganghesta/Margrétarhofs. Keppnin er þó rétt að byrja, nóg af stigum eftir í pottinum og verður spennandi að fylgjast með gangi mála.

Næsta keppni í Meistaradeildinni er í kvöld, fimmtudaginn 8. febrúar, en þá verður keppt í slaktaumatölti í HorseDay höllinni á Ingólfshvoli. Það gefur auga leið að Jakob leiðir einstaklingskeppnina og mætir hann með sjö vetra hryssu, Hrefnu frá Fákshólum, sem er undan heimsmeistaranum í tölti Gloríu frá Skúfslæk og Hraunari frá Hrossahaga. Jakob er mikill keppnismaður og ætlar sér að gera vel í kvöld.

„Þetta er í fyrsta sinn sem hún keppir í slaktaumatölti. Ég held rosalega mikið á hana svo mig langar til að gera vel. Held að það eigi alveg að geta verið en markmiðið er að komast í úrslit,“ segir Jakob Svavar.

***Fyrsta tímabil 1. deildarinnar***

Það bíða margir spenntir eftir því að leikar hefjist í 1. deildinni en þetta er fyrsta árið sem boðið er upp á þennan valkost. Deildinni er ætlað að koma á milli Áhugamannadeildarinnar og Meistaradeildarinnar sem báðar hafa notið mikilla vinsælda. Fyrsta mót hennar er 23. febrúar í Samskipahöllinni í Kópavogi og er undirbúningur í fullum gangi bæði hjá liðum og mótshöldurum.

„Það var mikill áhugi á deildinni en fleiri lið sóttu um en komust að. Það vantaði greinilega vettvang fyrir ákveðinn hóp knapa á höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorninu og gleðjumst við yfir áhuganum. Áhugamannadeildin stækkaði líka með tilkomu þessarar deildar en núna eiga líka kannski fleiri erindi í þá deild. Það var orðið pínu misskipt og komin smá gjá á milli liða en þessi nýja deild hefur kannski komið meira jafnvægi á áhugamannadeildina,“ segir Garðar Hólm Birgisson, formaður fyrstu deildarinnar í hestaíþróttum.

*/hf*





**Lið Hestvits/Árbakka unnu liðaplattann í fjórganginum en allir knapar voru í A úrslitum. Á myndinni eru þau Gústaf Ásgeir Hinriksson, Glódís Rún Sigurðardóttir, Jóhanna Margrét Snorradóttir, Pierre Sandsten Hoyos og Fredrica Fagerlund.**





**Jakob og Skarpur, hér á fallegu tölti, urðu nokkuð óvænt sigurvegarar. Næsta mót fer fram í kvöld, 8. febrúar, en þá mun Jakob mæta með sjö vetra hryssu úr eigin ræktun, Hrefnu frá Fákshólum.**

### Dagskrá Meistaradeildar

- 25. janúar Fjórgangur LOKIÐ
- 8. febrúar - Slaktaumatölt
- 29. febrúar - Fimmgangur
- 15. mars - Gæðingalist
- 30. mars - PP1 og 150 m skeið
- 12. apríl - Tölt og flugskeið

# Búvís

## Verðskrá áburðartegunda 2024

**Verð pr. tonn án virðisaukaskatts**

**Hafið samband við sölumenn**

Verð getur breyst á fyrirvara

| | Áburðartegund | N | P | P2O5 | Vatns uppl. | K | K2O | Ca | Mg | S | B | Se | Greitt ekki síðar en 15. maí 2024 kr/tonn án vsk. | Greitt ekki síðar en 15. október 2024 kr/tonn án vsk. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Kraftur 27+Ca+S | 27,0 | | | | | | 6,0 | | 3,9 | | | 82.700 kr. | 84.900 kr. |
| 2 | Völlur 23-6+Ca+Mg+S+Se | 22,5 | 2,5 | 5,7 | 0,8 | 1,5 | 1,8 | 4,3 | 1,2 | 3,0 | | 0,0015 | 96.900 kr. | 99.500 kr. |
| 3 | Völlur 24-11+Ca+S | 23,7 | 4,6 | 10,7 | 0,8 | | | 5,1 | | 2,6 | | | 100.200 kr. | 102.900 kr. |
| 4 | Völlur 17-15-12+Ca+S | 16,9 | 6,4 | 14,6 | 0,8 | 9,7 | 11,7 | 3,7 | 0,2 | 2,0 | | | 104.200 kr. | 107.000 kr. |
| 5 | Völlur 20-9-9+Ca+Mg+S+Se | 19,6 | 3,8 | 8,7 | 0,8 | 7,2 | 8,6 | 1,2 | 1,2 | 3,5 | | 0,0015 | 105.900 kr. | 108.700 kr. |
| 6 | Völlur 20-11-7+Ca+S+Se | 20,5 | 4,8 | 11,1 | 0,8 | 5,8 | 7,0 | 2,3 | 0,7 | 2,3 | | 0,0015 | 107.900 kr. | 110.800 kr. |
| 7 | Völlur 21-10-10+Ca+S | 20,6 | 4,2 | 9,7 | 0,8 | 7,9 | 9,6 | 3,4 | | 2,6 | | | 104.300 kr. | 107.100 kr. |
| 8 | Völlur 23-6-4+Ca+Mg+S+Se | 22,9 | 2,7 | 6,2 | 8,0 | 3,0 | 3,6 | 1,9 | 1,2 | 3,1 | | 0,0015 | 102.900 kr. | 105.600 kr. |
| 9 | Völlur 22-7-12+S+Se | 21,9 | 3,2 | 7,3 | 0,8 | 9,6 | 11,7 | 1,2 | | 3,1 | | 0,0015 | 104.900 kr. | 107.700 kr. |
| 10 | Völlur 27-6-6+S | 27,0 | 2,6 | 6,0 | 0,8 | 5,0 | 6,0 | | | 2,0 | | | 102.900 kr. | 105.600 kr. |
| 14 | Kornað kalk (600 kg) | | | | | | | 36,4 | 0,1 | | | | 55.900 kr. | 57.400 kr. |

## Viðskiptavinir eru hvattir til að panta sem allra fyrst.

Verðskráin er birt með fyrirvara um prentvillur.

## Innihaldslýsing áburðategunda

| | Áburðategund | Lýsing |
|---|---|---|
| 1 | Kraftur 27+Ca+S | Eingildur N-áburður með kalsíum og brennisteini. Hentar með sauðataði á flest tún og með vordreifðri kúamykju á eldri tún. Hentar einnig á milli slátta og til beitar þar sem ekki er talin þörf á því að bera á P og K. |
| 2 | Völlur 23-6+Ca+Mg+S+Se | Tvígildur NP áburður með brennisteini, kalki, magnesíum og selen. Hann hentar með vordreifðum búfjáráburði. Þá hentar hann á milli slátta á endurræktuð tún og til landgræðslu. |
| 3 | Völlur 24-11+Ca+S | Tvígildur NP áburður með brennisteini og kalsíum. Hann hentar með vordreifðum búfjáráburði á grænfóður, endurræktuð tún og nýræktir sem þurfa mikinn fosfór. Hentar einnig sem landgræðsluáburður. |
| 4 | Völlur 17-15-12+Ca+S | Þrígildur NPK áburður með brennisteini og háu steinefnahlutfalli. Hann hentar á fóðurkál þar sem ekki er borinn á búfjáráburður og repju og korn til þroska. Hentar einnig á smáratún og grassáningar. |
| 5 | Völlur 20-9-9+Ca+Mg+S+Se | Þrígildur NPK túnáburður með meðalháum steinefnum. Inniheldur brennistein, kalk, magnesíum og selen. Valkostur þar sem ætlunin er að hækka selen í fóðri. Hann hentar á uppskerumikil tún þar sem ekki er borinn á búfjáráburður. Hentar einnig á rýgresi, bygg og hafra og á bygg til þroska þar sem borinn er á hár skammtur af köfnunarefni. |
| 6 | Völlur 20-11-7+Ca+S+Se | Þrígildur NPK áburður með brennistein, kalki og selen. Hátt hlutfall fosfórs á móti lágu kalí. Hentar með haustdreifðum eða hóflegum skömmtum af vordreifðum búfjáráburði. Hentar á nýræktir sem hafa fengið búfjáráburð. |
| 7 | Völlur 21-10-10+Ca+S | Þrígildur NPK túnáburður með brennistein. Hentar á uppskerumikil tún þar sem ekki er borinn á búfjáráburður. Hentar einnig á rýgresi, bygg og hafra og á bygg til þroska þar sem borinn er á hár skammtur af köfnunarefni. |
| 8 | Völlur 23-6-4+Ca+Mg+S+Se | Þrígildur NPK áburður með brennisteini,kalki, magnesíum og selen og lágu hlutfalli steinefna. Hann hentar með minni skömmtum af haustdreifðum búfjáráburði á uppskerumikil tún og á beitartún, eða á milli slátta. |
| 9 | Völlur 22-7-12+Mg+S+Se | Þrígildur NPK túnáburður með brennisteini. Hann hentar á eldri tún í góðri rækt sem ekki fá búfjáráburð og gera minni kröfur um fosfóráburð. |
| 10 | Völlur 27-6-6+S | Þrígildur NPK áburður með brennisteini og lágu hlutfalli steinefna. Hentar með haustdreifðum búfjáráburði eða hóflegum skömmtum af vordreifðum búfjáráburði. Hentar ágætlega á milli slátta á uppskerumikil tún, á beitartún og til landgræðslu. |
| 11 | Kornað kalk (600 kg) | Bætir sýrustig jarðvegs og þar með aðgengi plantna að næringarefnum. |

# Áframhaldandi matvælaframleiðsla öryggismál

**Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir óásættanlegt hversu lág laun margir í bændastéttinni fá.**


Kristrún Frostadóttir.

Útgangspunkturinn þegar farið verði í næstu búvörusamninga verði að tryggja lífsviðurværi þeirra. „Við getum ekki áfram verið að leysa kerfið með plástrum, það þarf heildrænni mynd,“ segir hún. Þetta snúist ekki bara um sértækan stuðning, heldur að fólk hafi í sig og á, geti verið stolt af sinni vinnu og hafi tækifæri til uppbyggingar. Þetta sagði Kristrún þegar flokkur hennar heimsótti Bændasamtökin og kynnti sér baráttumál bænda.

Vert sé að skoða hvort það sé hægt að breyta aðgangi bænda að fjármagni, hvort sem það sé í gegnum niðurgreiðslur eða í gegnum sjóði sem er hægt að sækja í. „Mér finnst ekkert óeðlilegt við að lánakjör og fjármagnskjör til uppbyggingar taki mið af heildarmyndinni,“ segir Kristrún. „Þetta er starfsemi sem er sérstök af því að hún er niðurgreidd af ríkinu að hluta til, en það er öryggismál að það verði áfram matvælaframleiðsla í landinu.“

Sem formaður í flokki sem berst fyrir hagsmunum launafólks segir Kristrún að þau vilji að fólk geti keypt mat á viðráðanlegu verði. Það þurfi hins vegar að hugsa um heildarmyndina og hvaðan maturinn komi, því fólk þurfi að geta haft atvinnu af matvælaframleiðslu til að tryggja öryggi landsins. Ekki sé rétt að bændur taki á sig erfiðar efnahagsaðstæður til að halda niðri verði, heldur sé hægt að leysa vanda fjölskyldna með húsnæðis- og barnabótum.

Þá segir hún hina svokölluðu gullhúðun hafa verið mikið til umræðu í þinginu. Fólk sé ekki neikvætt gagnvart EES-samningnum en það skipti máli að gætt sé að sérstöðu Íslands. Það sé verið að setja kröfur á bændur sem henti í margmilljónasamfélagi en ekki hér. Þetta séu hlutir sem þurfi að skoða og fá bændur meira að borðinu. */ál*


Viðskiptahöft á Rússland hafa minnkað aðgengi að kadmíumsnauðum fosfór.

Áburður:

# Hámarksgildi heimilaðs kadmíums aukið

**Matvælaráðherra hefur með breytingu á reglugerð um ólífrænan áburð gefið bráðabirgðaheimild um hækkun á hámarksinnihaldi kadmíums (Cd) í áburði.**

Þessi heimild er sett til að tryggja nægjanlegt magn fosfóráburðar á árinu 2024. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu frá Matvælastofnun.

Þar segir að kadmíumsnauður fosfór hafi fyrst og fremst komið frá Rússlandi, en sakir viðskiptatakmarkana sé slíkur fosfóráburður í takmörkuðu magni á Evrópumarkaði.

Eftir þessar breytingar sé heimilt magn kadmíums í áburði 136 milligrömm á hvert kílógramm fosfórs eða 60 milligrömm á hvert kílógramm fosfórspentoxíðs. Þetta sé í samræmi við ákvæði nýrrar reglugerðar Evrópusambandsins um áburðarvörur.

Gert sé ráð fyrir að á árinu 2025 verði leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði aftur fært til fyrri marka. Þau voru 50 milligrömm kadmíums á hvert kílógramm fosfórs eða 22 milligrömm á hvert kílógramm fosfórspentoxíðs. */ál*

Kaupfélag Skagfirðinga

## Hrossaslátrun

### í Kjötafurðastöð KS.

**Hægt er að bæta við hrossum í slátrun fyrri hluta febrúar mánaðar.**

**Endilega hafið samband sem fyrst, við Ingu, fyrir hádegi, í síma 455-4583 eða sendið pöntun eða fyrirspurn á bondi@ks.is**


Yfirleitt er ekki hægt að draga miklar ályktanir af vetrartalningu fugla milli ára, heldur er betra að horfa á þróunina til lengri tíma.
Mynd / Úr safni

# Fuglum fækkar í talningu

## – Algengasta tegundin æðarfugl

**Vetrartalning á fuglum dróst út janúar, en hefð er fyrir því að telja í upphafi þess mánaðar eða milli jóla og nýárs. Fækkun er í flestum tegundum þó ekki sé hægt að draga miklar ályktanir á muni milli ára.**

Tíðarfar og tímasetning geti breytt miklu um hversu margir fuglar sjást. Guðmundur A. Guðmundsson hjá Náttúrufræðistofnun Íslands segir að ekki séu alltaf jafnmörg svæði talin hverju sinni, þó þau sé að jafnaði í kringum tvö hundruð. Því standi til að gera vísitölu vetrarfugla aðgengilega á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar sem leiðrétti fyrir slíkum mun og sýni þróunina til lengri tíma á myndrænan hátt.

Heilt yfir sé tíu til tuttugu prósent fækkun meðal andfugla, vaðfugla og máva. Þetta sé þróun sem hafi verið í gangi lengi og segir Guðmundur engar augljósar skýringar á því. Þó megi gera ráð fyrir að útbreiðsla fuglaflensu hafi haft einhver áhrif til fækkunar. Helmingsmunur var á töldum hafförnum í ár og í fyrra, en það geti skýrst af tilviljun hvað talningarmenn komu augu á marga þar sem stofninn sé svo lítill.

*Dagsetning talningar skipti máli*

Þá geti verið mjög mikill munur á milli ára á tegundum eins og snjótittlingi og súlu. Fyrrnefnda tegundin leiti til stranda og mannabyggða ef það er snjór yfir öllu, annars hverfi hann til fjalla. Súlan sé farfugl sem hverfi alfarið á suðlægari hafsvæði í skamman tíma í desember og janúar og því geti hún verið rétt ókomin eða nýkomin þegar talning á sér stað. Vegna þessa sé ekki hægt að draga ályktanir af miklum af sveiflum í fjölda fugla talda af þessum tegundum.

Algengasta fuglategundin í vetrartalningum sé æðarfugl. Að jafnaði séu sextíu til sjötíu þúsund æðarfuglar skráðir. Síðan séu ýmsar andategundir og mávategundir áberandi. Á sumrin séu annars konar talningar og þær mismunandi eftir tegundum. „Vaðfuglar eru til dæmis teljanlegastir þegar þeir eru með nýklakta unga og við erum að vinna með þá í fyrrihluta júní,“ segir Guðmundur. Þá nefnir hann að bjargfugla sé hægt að telja fram í byrjun júlí.

*Sjálfboðaliðar frá 1952*

Guðmundur segir vetrartalningar á fuglum fyrst hafa verið gerðar hérlendis árið 1952 að amerískri fyrirmynd. Mjög fá talningasvæði hafi verið undir fyrstu áratugina, en þeim hafi fjölgað jafnt og þétt. Fyrst var talið milli jóla og nýárs, en vegna flugelda og veisluhalds hafi talningunum verið frestað fram í janúar. Þeir sem telji séu fyrst og fremst sjálfboðaliðar, þó Guðmundur segi að einhverjir starfsmenn Náttúrufræðistofnunar og náttúrustofanna víðs vegar um land taki þátt. Fólk þurfi ekki að sækja námskeið þó mælt sé með því að fara fyrst með reyndu fólki. Allir talningamenn séu vopnaðir kíki og sumir fjarsjá, sem sé stór sjónauki á þrífæti. Þeir gangi fimm til tíu kílómetra leið, ýmist meðfram ströndum, upp með ám eða hjá auðum vötnum. */ál*

Stjórnsýsla:

# Fær ekki innflutningsleyfi fyrir tvo hænsnastofna

**Matvælaráðuneytið staðfesti ákvörðun Matvælastofnunar um að hafna umsókn um innflutningsleyfi fyrir tvo hænsnastofna.**

Í apríl árið 2022 fékk Matvælastofnun umsókn um innflutningsleyfi til þess að flytja inn 60 frjó hænsnaegg frá norska genabankanum, í þeim tilgangi að koma á fót litlu ræktunarbúi og selja hænur af þeim hænsnastofni til þeirra sem hafa áhuga á að stunda smábúskap og halda bakgarðshænur sem gæludýr og til eigin eggja- og kjötframleiðslu.


Meirihluti erfðanefndar landbúnaðarins komst að þeirri niðurstöðu að innflutningurinn myndi auka líkur á erfðablöndun við íslenska hænsnastofninn.
Mynd / Kristín Friðriksdóttir

Matvælastofnun óskaði eftir umsögn frá erfðanefnd landbúnaðarins vegna umsóknarinnar. Erfðanefnd landbúnaðarins fjallaði um málið en komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Meirihlutinn taldi að innflutningurinn myndi auka líkur á erfðablöndun við íslenska hænsnastofninn og þar með útþynningu hans og gæti einnig skapað aukna samkeppni við íslenskun landnámshænuna sem gæti leitt til fækkunar stofnsins, sem væri viðkvæmur og bæri að vernda eftir fremsta megni. Álit minnihlutans var hins vegar það að ólíklegt væri að íslenskum erfðaauðlindum í landbúnaði stafaði ógn af þeim stofnum sem flytja ætti inn. Matvælastofnun ákvað að hafna umsókn um innflutning vegna neikvæðra umsagna meirihlutans þann 1. desember 2022.

Umsækjandi kærði ákvörðunina þá til matvælaráðuneytisins. Taldi hann að Matvælastofnun hefði ekki virt stjórnarskrárbundin réttindi hans til atvinnu og hafi misbeitt valdi sínu við afgreiðslu málsins. Matvælastofnun taldi hins vegar ekki tilefni til þess að víkja frá áliti erfðanefndar landbúnaðarins, sem hefur lögbundna aðkomu að afgreiðslu umsóknar um leyfi til innflutnings af þessu tagi.

Þá er bent á það í úrskurðinum að hvergi í lögum og reglugerðum komi fram að umsögn erfðanefndar landbúnaðarins þurfi að vera einróma í slíkum málum. Því kemst matvælaráðuneytið að þeirri niðurstöðu að Matvælastofnun hafi verið heimilt að byggja mat sitt á umsókninni um innflutningsleyfi á umsögn meirihluta nefndarinnar.

Því staðfestir ráðuneytið ákvörðun Matvælastofnunar með úrskurði sem kveðinn var upp þann 16. janúar síðastliðinn. */ghp*

FRANZEFOSS MINERALS

# Verum ekki súr

Nú er tíminn til að kalka

Almennt er sýrustig lágt í jarðvegssýnum hjá bændum, því vill SS leggja sitt af mörkum til að auka aðgengi bænda að Dolomit Mg-kalki. Kalkið er í boði frá 7 höfnum um land allt. Við leggjum endurgjaldslaust til Bredal kalkdreifara. Traustir verktakar dreifa kalkinu á hagkvæman hátt.



**Dolomit Mg-kalk er hagkvæmur kalkgjafi**
– 3.500 kr/t afsláttur til þeirra sem kaupa Yara áburð

**Fagleg þjónusta**
– Tökum jarðvegssýni og túlkum niðurstöður

Frekari upplýsingar um kölkun er að finna á yara.is eða með því að skanna QR-kóðan

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is





Skógarbændur vantar farveg fyrir sínar afurðir. Mynd / ph

# Snemmgrisjun er óalgeng

**Tæp áttatíu prósent skógarbænda hófu skógrækt á sinni jörð fyrir árið 2010. Vegna aldurs skógarins ættu flestir að vera komnir með einhverjar viðarnytjar.**

Þrátt fyrir þetta hafa rúm sextíu prósent skógarbænda ekki framkvæmt snemmgrisjun í sínum skógum. Henni er lokið hjá rúmlega níu prósent skógarbænda á meðan snemmgrisjun stendur yfir hjá tuttugu og tveimur prósentum. Þetta kemur fram í nýlegri könnun sem framkvæmd var meðal meðlima í deild skógarbænda hjá Bændasamtökum Íslands.

Ekki virðist liggja í augum uppi hvað skógarbændur geti gert við sínar afurðir, en fjörutíu og sex prósent svarenda segjast ekki vita hvert þeir eigi að leita þegar skógurinn er kominn á seinni stig grisjunar. Nær allir svarendur myndu vilja sjá viðarmiðlun eða einhvern hráefniskaupanda verða að veruleika. Mestur áhugi er á viðarmiðlun í gegnum samvinnufélag í eigu bænda á meðan lítill hluti myndi vilja selja sitt timbur í gegnum einkaaðila eða á eigin vegum.

Sú trjátegund sem nýtur mestrar hylli er lerki, en tæp sextíu prósent svarenda sögðu þá tegund vera ríkjandi á sinni jörð. Næstvinsælust er fura, greni í þriðja sæti og birki í því fjórða. Að lokum kemur ösp, þó hún njóti samt sem áður nokkurrar hylli.

Aðrar áhugaverðar niðurstöður úr könnuninni eru meðal annars þær að einungis tæp tíu prósent svarenda eru undir fimmtugu. Þá vilja tæp sjötíu prósent búa til kolefniseiningar með skógrækt. Að lokum virðist áhugi skógarbænda á Bændablaðinu vera mjög mikill, en einungis rúm tvö prósent svarenda sögðust ekki lesa þann miðil. */ál*



Veiða má 800 hreindýr í ár. Mynd / Sead Dedic

## Veiðar:

# Samdráttur í leyfðum kvóta ársins

## – Fækkun um hundrað hreindýr frá í fyrra

**Leyft verður að veiða alls 800 hreindýr á þessu ári, 403 tarfa og 397 kýr. Þessi fjöldi er með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum.**

Flest dýr má fella á svæði 1 en fæst á svæði 8. Gjald fyrir veiðileyfi í ár er 193 þ.kr. fyrir tarf og 110 þ.kr. fyrir kú.

Fækkun veiðiheimilda um 101 dýr frá fyrra ári er sögð stafa fyrst og fremst af skorti á gögnum um vöxt og viðkomu hreindýrastofnsins árið 2023 í kjölfar hörmulegs banaslyss sem varð við hreindýratalningar þegar flugvél fórst í Sauðárhlíðum í júní það ár.

***Takmarkanir og tilmæli***

Veiðitími hreindýratarfa er frá miðjum júlí til miðs september en til 1. ágúst ekki heimilt að veiða tarfa séu þeir í fylgd með kúm og ef veiðarnar trufla kýr og kálfa í sumarbeit.

Veiðitími kúa er frá ágústbyrjun til og með 20. september en þeim tilmælum beint til veiðimanna að forðast í lengstu lög að fella mylkar kýr með kálfa og beina veiðum að geldkúm. Er þessum tilmælum ætlað að draga úr áhrifum veiða á kálfa og stuðla að því að þeir verði ekki móðurlausir fyrir 12 vikna aldur. Ekki er heimilt að veiða kálfa.

Jafnframt eru veturgamlir tarfar alfriðaðir og veiðar miðast því við tveggja vetra tarfa og eldri.

Á vef Umhverfisstofnunar, sem sér um sölu veiðileyfa, segir að í því skyni að draga úr líkum á að hreindýr á veiðisvæði 9 leiti milli sauðfjárveikivarnahólfa yfir í Öræfasveit skuli eftir fremsta megni reynt að veiða sem stærstan hluta kvótans vestast á svæðinu í Suðursveit. Tilmælunum sé einnig ætlað að stuðla að fækkun hreindýra sem gengið hafa á Breiðamerkursandi og valdið þar skemmdum á viðkvæmum gróðri.

| Svæði | Kýr | Tarfar | Alls |
|---|---|---|---|
| 1 | 95 | 90 | 185 |
| 2 | 15 | 15 | 30 |
| 3 | 40 | 50 | 90 |
| 4 | 35 | 9 | 44 |
| 5 | 35 | 45 | 80 |
| 6 | 25 | 80 | 105 |
| 7 | 110 | 65 | 175 |
| 8 | 8 | 22 | 30 |
| 8 (nóv) | 7 | x | 7 |
| 9 | 10 | 27 | 37 |
| 9 (nóv) | 17 | x | 17 |
| | 397 | 403 | 800 |

Tafla yfir dýrafjölda pr. svæði. *Umhverfisstofnun*

***Námskeið í uppnámi***

Samkvæmt lögum má ekki veiða hreindýr nema í fylgd leiðsögumanns og enginn má taka að sér leiðsögn nema með leyfi frá Umhverfisstofnun. Námskeið fyrir leiðsögumenn var síðast haldið árið 2011.

Slíkt námskeið var fyrirhugað í febrúar og auglýst pláss fyrir 30 þátttakendur, deilt á veiðisvæðin níu, en 100 manns sóttu um.

Við val á námskeiðið átti samkvæmt auglýsingu að horfa til nokkurra þátta; þörf eftir nýjum leiðsögumönnum á ákveðin veiðisvæði, veiðireynslu umsækjenda og meðmæla frá starfandi leiðsögumönnum.




Mynd af veiðisvæði hreindýra. *Náttúrust.Aust.*

Deilur hafa verið um þessa tilhögun og heimild Umhverfisstofnunar til að sía inn á námskeiðið og er það því í biðstöðu uns úr þessu fæst skorið hjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. */sá*

**MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA**

Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn v. 2024.




Styrkhæf eru verkefni sem talin eru styrkja verðmætasköpun í matvöruhluta íslenskra sauðfjárafurða. Falli undir að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf. Umsóknarfrestur er til og með 10. mars nk.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra haflidi@icelandiclamb.is



## Kornrækt:

# Fjárfestingastuðningur í samráðsgátt

**Sitjandi matvælaráðherra hefur lagt fram í samráðsgátt drög að reglugerð um fjárfestingastuðning í kornrækt á árinu 2024. Slíkur stuðningur hefur ekki áður verið í boði af hendi stjórnvalda.**

Þann 30. nóvember lagði Katrín Jakobsdóttir, sem gegnir embætti matvælaráðherra um þessar mundir, fram í samráðsgátt drög að reglugerð um fjárfestingastuðning í kornrækt.

Stuðningnum er ætlað að efla uppbyggingu innviða í kornrækt og auka hagkvæmni í söfnun og vinnslu korns, að því er fram kemur í tilkynningu frá matvælaráðuneytinu. Stuðningurinn er veittur til fjárfestinga í kornþurrkun, sérhæfðum korngeymslum og flutningstækjum. Fjárfestingar í kornþurrkun og korngeymslum hafa þó forgang fram yfir fjárfestingar í flutningstækjum.

Samkvæmt drögunum eru skilyrði stuðnings að afkastageta kornþurrkunarstöðva sé að lágmarki 2.000 tonn á ári að framkvæmdum loknum. Kornræktarsvæði hafa forgang umfram svæði með lítilli eða engri kornrækt, fjárfesting með meiri afkastagetu hafa að jafnaði forgang umfram minni afkastagetu og félög framleiðenda hafa forgang umfram einstaklinga. Þá mun starfsemi sem nýtir endurnýjanlega orkugjafa hafa forgang umfram aðra.



Fimm ára átak til eflingar innlendrar framleiðslu á korni til fóðurs og manneldis er hafið. Mynd / HSH

Þá kemur fram í drögunum að stuðningur við hvern framleiðanda geti að hámarki numið 40% af heildarfjárfestingu. Við upphaf framkvæmdar fá styrkhafar 50% af samþykktri upphæð og 50% við skil á lokaskýrslu.

Í tilkynningu matvælaráðuneytisins kemur fram að í ár hefjist fimm ára átak til eflingar innlendrar framleiðslu á korni til fóðurs og manneldis. Byggir átakið á aðgerðaráætlun sem unnin var af starfshópi á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands og er nefnt í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Í aðgerðaráætluninni, sem birtist í skýrslunni Bleikir akrar, eru settar fram 25 tillögur um kynbætur, stuðning, kornsamlög, búskaparhætti, tryggingar og varnir gegn fuglum.

Hægt er að senda inn umsögn um drögin í samráðsgátt til 13. febrúar nk. Matvælaráðuneytið mun auglýsa eftir umsóknum þegar reglugerðin hefur tekið gildi. */ghp*

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

# Tilboð í janúar og febrúar

***Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.***
***Sendum steina frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.***




***TILBOÐ 1 (ljósmynd)***
***Svargrár litur***
***Sett eins og á mynd - 565.000***
***án blómaramma - 465.000***

***TILBOÐ 2***
***Demantur - passar líka á duftleiði***
***149.000 (199.000 með lukt)***




***Svartur*** ***Paradiso***
***Blár*** ***Grár***

***TILBOÐ 3***
***Drangi 70cm hár frá sökkli***
***410.000***




***Rúmar vel tvö nöfn***

***TILBOÐ***

***Viðhaldsfrír bekkur úr granít***
***Svartur, grár eða paradiso.***
***Sjá heimasíðu.***
***150cm - 160kg***
***frí sending með LF***
***Afhending í mai. 160.000 kr***



***s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is***


Hvítlauksbændurnir Þórunn Ólafsdóttir og Haraldur Guðjónsson þurrka uppskeruna í haust. Myndir / smh

# Hvítlaukssalt úr Dölunum

## – Markaðurinn kallar eftir þessari vöru

**Hvítlauksbændurnir í Neðri-Brekku í Dölunum búast við sex til átta tonna uppskeru næsta haust. Þau hafa hins vegar nýlega tekið forskot á sæluna og sent frá sér hvítlaukssalt sem unnið var í tilraunaeldhúsinu hjá Matís.**

Þau Þórunn Ólafsdóttir og Haraldur Guðjónsson settu niður um 40 þúsund hvítlauksgeira í haust. „Það kom svo óvænt í ljós að til var töluvert af hvítlauksrifjum úr tilraunaræktun okkar, sem við settum ekki niður. Við ákváðum því að prófa að búa til hvítlaukssalt. Fórum við til Matís og hittum þar Óla Þór Hilmarsson, sem er verkefnisstjóri fyrir Matarsmiðju Matís,“ segir Haraldur.

„Óli Þór aðstoðaði okkur við að gera gæðahandbók, sem er nauðsynleg fyrir umsókn um framleiðsluleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, sem við sóttum um og fengum. Það leyfi miðast við að framleiðslan fari fram í Matarsmiðju Matís í Grafarholti. Hófumst við handa í tilraunaeldhúsi Matarsmiðjunnar í byrjun desember síðastliðinn. Við nutum stuðnings og faglegra leiðbeininga, bæði frá Óla Þór og fleirum hjá Matís. Leigðum við aðstöðuna þar í rúmlega hálfan mánuð og náðum að framleiða nokkurt magn af hvítlaukssaltinu. Innihald vörunnar er sjávarflögusalt frá Norðursalti á Reykhólum og 25 prósent hvítlaukur frá okkur. Fyrsta krukkan úr framleiðslunni fór í örveirurannsókn hjá Matís og kom mjög hrein út. Það má segja að við höfum rennt blint í sjóinn með þessa vöru, en Þórunn hefur verið að þróa hana undanfarin ár og er þetta útkoman í dag,“ segir hann enn fremur um aðdragandann að markaðssetningunni.


Þórunn og Haraldur afhentu hvítlaukssaltið sitt á dögunum í húsnæði Breiðar þróunarfélags á Akranesi.

Hann bætir við að viðbrögðin við vörunni hafi farið langt fram úr þeirra væntingum, sem þau séu afar þakklát fyrir. Þau hafi upplifað að markaðurinn kalli ákaft eftir þessari innlendu vöru. /smh


Útivist á
Costa Brava ströndinni

6. – 13. maí 2024
Fararstjórn: Aðalsteinn Jónsson
Verð 329.900 kr. á mann í tvíbýli

Glæsileg útivistarferð á Costa Brava sem er án efa ein af fallegustu ferðamannaströndum á Spáni. Svæðið býður upp á frábærar gönguleiðir utan alfaraleiða, sumir segja þær bestu í Katalóníu. Við munum þræða sólríka strandstíga og einn daginn förum við á rafhjólum um heillandi miðaldabæi Empodà svæðisins.

bænda FERÐIR
Bókaðu núna á bændaferðir.is
Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík



Sauðfjársetrið er í Sævangi á Ströndum en þangað koma um sjö til átta þúsund gestir á ári til að skoða sýningu um íslenska sauðkindina og allt það helsta sem henni tengist. Mynd / mhh

## Sauðfjársetrið á Ströndum:

# Esther hættir eftir tólf ára starf

**Esther Sigfúsdóttir, sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra Sauðfjársetursins á Ströndum síðustu tólf ár, hefur sagt upp störfum.**

Hún hættir þó ekki formlega fyrr en í haust að ósk stjórnar setursins. „Ákvörðunin um að hætta var alls ekki auðveld og ég vildi gjarnan að hún hefði verið tekin á öðrum forsendum. Forsvarsfólk sveitarfélagsins Strandabyggðar hefur staðið á bak við mjög neikvæða umræðu sem beinist að mínu fólki. Ég er búin að velta mikið fyrir mér hvort það að ég sé framkvæmdastjóri bitni á Sauðfjársetrinu, en það vil ég síst af öllu. Síðasta árið hugsaði ég hundrað sinnum um að segja upp starfinu og hætti jafnoft við, en nú hefur endanleg ákvörðun verið tekin,“ segir Esther.

Fyrir þá sem ekki vita þá er Sauðfjársetrið á Ströndum sjálfstæð sjálfseignarstofnun, sem starfar í þágu samfélagsins, menningarmiðstöð og viðurkennt safn. Esther segist hafa sagt upp á stjórnarfundi núna eftir áramótin en að stjórn setursins hafi beðið hana að vinna fram á haust og það samþykkti hún. „Ég hef þannig tækifæri til að klára ýmis verkefni sem eru á dagskránni og vinn áfram við móttöku gesta í sumar,“ segir hún.

### *Náttúrubarnahátíð og Íslandsmót í hrútadómum*

Fjöldi viðburða er á dagskrá í vor og sumar hjá Sauðfjársetrinu eins og undanfarin ár enda hlakkar Esther til næstu mánaða. „Stærstu viðburðirnir verða Náttúrubarnahátíð í júlí og Íslandsmótið í hrútadómum í ágúst. Mér finnst líka ótrúlega gaman að hitta allt fólkið sem kemur í heimsókn til okkar og spjalla við gestina um allt mögulegt. Það er skemmtilegt sumar fram undan með mínum góðu og skemmtilegu starfskonum, Laufeyju, Gullu og Dagrúnu.“

Þegar Esther er spurð hvað standi upp úr hjá henni eftir þessi 12 ár er hún fljót til svars.

„Gleðin hefur yfirleitt verið við völd og alltaf verið meira en nóg að gera. Við höfum haldið fjölmarga skemmtilega viðburði, tekið á móti fjölda gesta, bakað óteljandi kökur fyrir kaffihlaðborð, ferðast landshorna á milli með bingóvél í farteskinu, sinnt safnastarfinu, sett upp sýningar, málað og lagað og margt fleira. Ég veit að ég verð dálítið fegin að losna við sum verkefnin, en ég mun líka sakna góðu stundanna og félagsskaparins gífurlega mikið.“

### *Sjö til átta þúsund gestir á ári*

Gestafjöldi Sauðfjársetursins hefur vaxið með hverju ári en hann var um sex þúsund síðustu árin fyrir heimsfaraldur. Árlegir gestir eftir það hafa verið sjö til átta þúsund.

„Mig langar að nota þetta tækifæri og þakka fyrir þessi 12 ár, sem ég er óendanlega þakklát fyrir. Mig langar líka að þakka öllu samstarfsfólkinu í gegnum tíðina og öllum þeim sem hafa tekið þátt í alls konar skemmtilegum verkefnum með okkur.

Ég vil líka þakka fólki kærlega fyrir þá sjálfboðavinnu sem það hefur lagt af mörkum og unnin hefur verið fyrir safnið og Sævang, til dæmis í tengslum við alls konar viðburði, viðhald á húsinu, tiltekt í umhverfinu og margt fleira. Það hefði verið ómögulegt að halda uppi svona kraftmiklu starfi án sjálfboðastarfs frá vinum safnsins,“ segir Esther, sem hlakkar til að taka á móti gestum setursins í vor og sumar. /mhh



Esther Sigfúsdóttir og Dagrún, dóttir hennar, hafa unnið að fjölmörgum verkefnum á Sauðfjársetrinu og alltaf þótt gaman að takast á við skemmtilegar áskoranir saman í starfi safnsins. Mynd / Aðsend


Íslenskar ullaryfirdýnur
í mörgum stærðum
Lopidraumur.is
Frí heimsending innanlands

## Hringrásarhagkerfi landbúnaðarins:

# Úrgangsmálin í ólestri

## – Lífrænn úrgangur urðaður í stórum stíl og verðmætum sóað þrátt fyrir bann

**Í byrjun síðasta árs tóku gildi lög hér á landi þar sem bann er lagt við urðun á niðurbrjótanlegum úrgangi (lífúrgangi). Umhverfisstofnun, sem er eftirlitsaðili með innleiðingu laganna, hefur litið svo á að árið 2023 hafi verið innleiðingarár fyrir nýju lögin. Stofnunin hefur ekki enn beitt viðurlögum gagnvart þeim rekstraraðilum og sveitarfélögum sem ekki uppfylla skyldur sínar samkvæmt nýju lögunum.**



Teikning / Hlynur

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Markmið lagasetningarinnar er að skapa skilyrði fyrir myndun á hringrásarhagkerfi með tvenns konar ávinningi; minnka losun á gróðurhúsalofttegundum og koma verðmætum efnum inn í hringrásarhagkerfið til endurnýtingar.

### *Gjörbreyting hjá garðyrkjubændum*

Ljóst er að með nýju lögunum verður gjörbreyting á meðferð lífúrgangs hjá garðyrkjubændum. Gert er ráð fyrir að lífúrgangurinn sé jarðgerður á sérstökum móttökustöðvum.

Gas- og jarðgerðarstöðin GAJA í Álfsnesi, sem er í eigu Sorpu, er stærsti slíki móttökuaðilinn á Íslandi og þangað mun stór hluti af lífúrgangi fara frá höfuðborgarsvæðinu – til að mynda lífrænn heimilisúrgangur – hvar hann umbreytist í moltu og metangas. Molta heitir önnur stór jarðgerðarstöð sem er í Eyjafirði.

### *Ekki er allur lífrænn úrgangur lífúrgangur*

Ekki fellur allur lífrænn úrgangur frá landbúnaði í þann flokk að kallast „niðurbrjótanlegur úrgangur“, til dæmis gerir búfjárskítur og dýraleifar það ekki.

Um búfjárskít gilda aðrar reglur en lífúrgang. Þar er gert ráð fyrir að leitað sé leiða til að koma honum í sem besta nýtingu, til dæmis sem áburður. Þó þannig að ekki sé hætta á að heilsa eða umhverfi verði fyrir skaða.

Sérstök lagaákvæði gilda um áhættuúrgang sem kemur frá dýrum sem smithætta er af; sjálfdauð dýr, gæludýr og allur heila- og mænuvefur. Slíkur úrgangur þarf að fara í brennslu eða þrýstisæfingu, sem er sótthreinsun undir þrýstingi. Lagasetningin í byrjun síðasta árs hafði engin áhrif á meðferð dýraleifa og -hræ. Það hefur verið og verður áfram óheimilt að urða þannig úrgang.

### *Úrgangur garðyrkjubænda verið urðaður*

Lífrænn úrgangur frá garðyrkju er hins vegar dæmigerður lífúrgangur þar sem sú breyting varð með nýju lögunum að nú er óheimilt að urða hann, en mikið fellur til af afskurði og öðru lífrænu efni á garðyrkjustöðvunum bæði í yl- og útiræktun.

Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að hingað til hafi garðyrkjubændur urðað sinn úrgang á sínu landi eða samið við aðra um að taka við honum og urða.

„Þetta eru plöntuleifar og því hefur okkur fundist sjálfsagt að urða þær, láta þær rotna og verða loks að moltu á náttúrulegan hátt. Fáir bændur hafa reyndar séð kosti í því að nýta þá moltu aftur og enginn hefur lagt í þá vinnu að meta kostnaðinn við að koma úrganginum í virka jarðgerð á höfuðborgarsvæðinu.

Ég tel að flutningskostnaðurinn fyrir ylræktarbændur yrði gríðarlegur,“ segir Axel.

Auk þess er vert að benda á að kostnaður við afhendingu á úrganginum á móttökustað til jarðgerðar getur einnig orðið umtalsverður.

Til þessa hefur Umhverfisstofnun ekki fylgt löggjöfinni eftir með því að beita viðurlögum gegn garðyrkjubændum sem enn urða sinn úrgang, eða sveitarfélögum sem bera ábyrgð á því að farvegur sé til staðar fyrir úrganginn.

### *Verðmætasköpun úr lífrænum úrgangi*

Í tveimur skýrslum, sem gefnar voru út í lok desember, eru lagðar til hugmyndir að leiðum fyrir lífúrgang garðyrkjubænda til aukinnar verðmætasköpunar.

Matís gaf út skýrsluna Verðmætaaukning hliðarafurða frá garðyrkju, þar sem horft er til möguleika á nýtingu á efnum úr þeim plöntuhlutum sem ekki beinlínis tilheyra uppskerunni og fara því ekki á markað. Á rannsóknastofu Matís var ráðist í efnagreiningar, þar sem innihald ýmissa plöntuhluta var þaulkannað með tilliti til mögulegrar nýtingar; sem fæðubótarefni, íblöndunarefni til matvælaframleiðslu og framleiðslu á heilsubótarvörum.

Viðfangsefni rannsóknanna voru blómkálsblöð, spergilkálsblöð, tómatablöð, gúrkublöð, rósalaufblöð, gulrótakál, gulrófur og kartöflur. Hluti verkefnisins fólst svo til að mynda í tilraunum í vöruþróun á kryddblöndu þar sem unnið var úr afskornum blöðum blóm- og spergilkáls, auk lífvirknimælinga á rósalaufum.

### *Verðmætin í hliðarafurðum garðyrkju*

Leiddu tilraunirnar í ljós að margvísleg verðmæti liggja í þessum hliðarafurðum. Ytri blöð blóm- og spergilkáls reyndust mjög næringarrík, hagstætt hlutfall kalíum og natríum eru í ýmsum plöntuhlutum og einnig hátt trefjainnihald. Almennt voru þessar hliðarafurðir steinefnaríkar, til dæmis af kalíum, kalki og járni – og stundum auðugri en sjálfar afurðirnar sem fóru á markað. Þá var próteininnihald hliðarafurða um 20–30 prósent af þurrefni.

Í vöruþróunarhlutanum voru afurðirnar bragðefni úr blóm- og spergilkálsblöðum, kartöfluflusterkja og trefjar, gulrófunasl og rósalaufakrem. Tækifæri eru talin vera fyrir aukna kartöflu- og gulrófurækt sem styður við fæðuöryggi – en gulrófan er talin sérstaklega spennandi hráefni í vöruþróun með tilliti til notkunarmöguleika og hollustu.

Hluti af rannsóknum verkefnisins voru efnamælingar á mögulegum skaðlegum efnum í hliðarafurðunum. Er hættugreining talin mikilvæg þegar kemur að vinnslu á hliðarafurðum til manneldis og taka verði tillit til reglna um varnarefni og magn varnarefnaleifa í lokaafurð.

### *Margt spennandi víða í gangi*

Eva Margrét Jónudóttir, verkefnastjóri hjá Matís, segir að ekki hafi verið farið í ítarlega greiningarvinnu í öðrum löndum um það hvernig staðið sé að þessum málum þar. Þó sé ljóst að margt spennandi sé víða í gangi annars staðar. „Við höfum horft mjög til Hollendinga en þeir hafa lagt mikið kapp á að fjárfesta í lausnum sem styðja við hringrásarhagkerfi.

Bara svona til að nefna einhver dæmi þá hafa þeir verið að hreinsa steinullarmottur af plöntuleifum sem notaðar eru í ylrækt til að nýta áfram sem hráefni í múrsteina og vegagerð. Vökva frá lífmassa er hægt að nota til þess að framleiða lífplast en lífmassa og jarðveg er líka hægt að nota í jarðgerð, gasgerð, brennslu eða einhvers konar gerjun eins og bokashi.“

### *Þörf á fullnýtingu garðyrkjuafurða*

Í inngangi skýrslunnar er fjallað um þörf á umræðu um fullnýtingu garðyrkjuafurða líkt og hefur verið áberandi um langt skeið í tengslum við fiskvinnslu og kjötframleiðslu. Töluverðum árangri hafi verið náð við nýtingu á annars flokks





Ytri blöð blóm- og spergilkáls reyndust mjög næringarrík í rannsókn Matís. Mynd / smh



Léhna Labat með gúrkublöð.



Eva Margrét Jónudóttir.

grænmeti gegnum tíðina en eiginlegar hliðarafurðir sem ekki teljast til uppskeru hafi ekki verið í brennidepli, en ljóst sé að þar sé um gríðarlegt magn lífmassa að ræða. Til að rækta hann sé búið að kosta til heilmiklu fjármagni ásamt notkun á aðföngum, orku, auðlindum og vinnuafli.

Þar segir enn fremur að hringrásarhagkerfi, fullnýting, verðmætasköpun og sjálfbærni séu hugtök sem brenni á öllum. Áhugi og eftirspurn eftir náttúrulegum innihaldsefnum til íblöndunar í matvæli, fæðubótarefni og snyrtivörur hafi einnig aukist á undanförnum árum. Í hliðarafurðum megi finna verðmæt lífefni og lífvirk efni sem megi einangra til dæmis með líftæknilegum aðferðum og nota í framleiðslu á hinum ýmsum vörum.

Framleiðslukerfin í garðyrkju séu afar mismunandi eftir tegundum og því verði seint fundin ein leið sem henti þvert á greinina eins vel og jarðgerð, varðandi endurnýtingu hliðarafurða. Það sé þó nauðsynlegt að kanna ýmsa möguleika til að auka virði afurða enn frekar með öðrum aðferðum.

Í eftirmála skýrslunnar er rætt um framtíðarhorfur fyrir niðurstöður verkefnisins. Þar segir að almennt sé mikill áhugi hjá garðyrkjubændum að leggja til hliðarafurðir frá ræktun í áframvinnslu. Því ætti aðgangur að hráefni að vera nokkuð tryggur. Þó þyrfti að skoða hvernig söfnun hráefnis væri best háttað. Nauðsynlegt sé að gera fýsileikagreiningar á vinnslu hliðarafurða, til dæmis frostþurrkun eða vinnslu með aðferðarfræði lífmassavera og setja fram tillögur að vinnsluferlum fyrir lífrænt hráefni sem ekki sé í áhættuflokki.

### *Lífrænn áburður og lífgas*

Í hinni skýrslunni er einmitt um að ræða fýsileikakönnun, fyrir starfsemi áburðar- og lífgasvers í grænum iðngarði í uppsveitum Árnessýslu. Þar er gert ráð fyrir að garðaúrgangi garðyrkjubænda og kúamykju kúabænda sé umbreytt í lífrænan áburð og lífgas; koltvísýring og metangas.

Það er Orkídea, samstarfsverkefni um þróun orkutengdrar matvælaframleiðslu og hringrásarhagkerfis á Suðurlandi, sem gefur skýrsluna út og er styrkt af kolefnissjóði garðyrkjunnar og deild garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands.

### *Hráefni safnað úr uppsveitum Árnessýslu*

Í forsendum verkefnisins er gert ráð fyrir að hráefni sé safnað úr uppsveitum Árnessýslu. Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Orkídeu, segir að gerðar hafi verið tvær útgáfur rekstrarmódels. Fyrri útgáfan hafi verið smærri verksmiðja sem var talið að yrði rekstrarhæf, en kom svo í ljós að stóð ekki undir stofnkostnaði. Í uppfærðu rekstrarmódeli væri hins vegar búist við að verksmiðjan stæði undir fjármagnskostnaði, sérstaklega ef stuðningur fengist úr Orkusjóði. Rekstrargrundvöllurinn yrði svo enn betri ef hægt yrði að selja kolefniseiningar frá verksmiðjunni.

Í uppfærða módelinu er gert ráð fyrir að kúamykju sé safnað frá 30 kúabúum í allt að 35 kílómetra radíusi frá Reykholti, alls 46.500 tonnum á ári, og um þrjú þúsund tonna garðyrkjuúrgangs frá garðyrkjustöðvum í Reykholti, á Flúðum og í Laugarási. Til að byrja með er eingöngu gert ráð fyrir úrgangi frá ylrækt.

### *Fjölþættur ávinningur*

Sveinn segir að fýsileikakönnunin sýni fram á fjölþættan ávinning af slíku veri, fyrir garðyrkjubændur, kúabændur, sveitarfélagið og loftslagsmarkmið Íslands.

„Viðskiptamódelið gerir ráð fyrir að fersk mykja verði sótt til bænda nokkrum sinnum í viku og bændur fái til baka jafnmikið af næringarefnum í formi áburðar, bæði í fljótandi og föstu formi. Sá áburður er auðleysanlegri en mykjan og bændur geta geymt hann og borið á þegar hentar best upp á sprettu. Það bæði sparar bændum hauggeymslupláss og bætir nýtingu næringarefna úr mykjunni í ræktun. Við eigum eftir að ræða þessi mál betur við bændur, fyrst er að tryggja betur rekstrargrundvöll versins. En þau viðbrögð sem við höfum fengið eru jákvæð.“

Garðyrkjubændur njóta góðs af því að geta losnað við hliðarafurðir ræktunarinnar og fá að einhverju leyti áburð á vökvaformi sem þeir geta nýtt. En umfram allt leysir þetta úrgangsvandamál þeirra. Þá verður metan ein af afurðum versins sem hægt er að nota á ýmsan hátt, til dæmis á flutningabíla til flutnings á vörum á markað eða á vinnuvélar. Sú tækni er til og þrautreynd í Evrópu. Jafnvel hægt að nýta metan til hitunar á vatni þegar kuldakast ríður yfir.

Lífgasverið mun einnig framleiða koltvísýring sem garðyrkjubændum stæði til boða á hagstæðu verði til nota í sínum gróðurhúsum – og sem væri einn aðalávinningur þeirra,“ segir Sveinn.

### *Áburðurinn án endurgjalds*

Að sögn Sveins fá kúabændur það sem þeir setja inn í verið af næringarefnum gjaldfrjálst til baka í formi áburðar. „Það verður væntanlega einhver umframáburður til vegna garðyrkjuúrgangs og það verður selt þar sem garðyrkjubændur geta væntanlega ekki notað þann áburð. Lífgasið verður allt selt, aðskilið í formi metans og koltvísýrings.“

Hann bætir við að mögulegt sé að selja vottaðar kolefniseiningar frá verinu, þegar það fyrirkomulag verður komið á, en ekki sé gert ráð fyrir því í tekjumódeli enn þá.

*– Framhald á næstu síðu.*

## Umhverfisstofnun:

# Innleiðingin á banninu og eftirfylgnin

Innleiðing á lögunum um bann við urðun á lífúrgangi hefur sem fyrr segir staðið yfir á undanförnu ári. Merki þess hefur helst mátt sjá hjá sumum sveitarfélögum sem hafa tekið upp markvissa flokkun á lífræna heimilisúrganginum.



**Jóhannes Bjarki Urbancic.**

Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun á sviði loftslags og hringrásarhagkerfis, segir að ákveðið hafi verið að líta á síðasta ár sem innleiðingaár til að auðvelda sveitarfélögum að innleiða ákvæði laganna í sína úrgangsstjórnun og það sé langt komið í flestum sveitarfélögum.

„Það hefur verið lögð áhersla á að veita heimilum fræðslu. Við sjáum að þau eru að standa sig vel. Þótt mörg fyrirtæki séu að gera vel þá hafa önnur því miður setið eftir. Fyrirtækjum ber auðvitað sama lagalega skylda og heimilum til að flokka sinn úrgang. Mér finnst þess vegna eðlilegt að kastljósið beinist að þeim til að auðvelda þeim að gera betur og að þau fyrirtæki sem gera vel fái verðskuldaða athygli. Að gera vel í úrgangsmálum getur sparað bæði fyrirtækjunum sjálfum og sveitarfélaginu peninga, auk þess sem það er einfaldlega hluti af þeirra samfélagslega hlutverki. Við erum auðvitað öll í þessu saman.“

**Ekki enn þurft að beita viðurlögum**

Spurður um möguleg viðurlög ef ekki sé farið að lögum, í hverju þau geti falist, segir Jóhannes að slíku hafi ekki enn þurft að beita vegna innleiðingar hringrásarlaganna. „En í 13. kafla laga um meðhöndlun úrgangs er kveðið á um hvaða viðurlögum og þvingunarúrræðum stofnuninni og heilbrigðiseftirlitum er heimilt að beita.

Ég býst við því að sveitarfélög og rekstraraðilar sjái sér almennt hag í því að fylgja ákvæðum laganna og ekki gerist þörf á þvingunarúrræðum en ef sú staða kemur upp að þeirra verði þörf ímynda ég mér að þeim verði beitt.

Það er ekki leyfilegt að urða lífrænan úrgang með þessum hætti og það er ábyrgð rekstraraðila að flokka hann rétt og á ábyrgð sveitarstjórnar að hafa til staðar farveg fyrir hann, en það getur verið farvegur utan sveitarfélagsins, til dæmis GAJA.“

**Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs**

„Útfærsla söfnunarinnar getur hins vegar ekki verið hvernig sem er, hún þarf að styðja við markmið stjórnvalda um að koma úrgangi í sem besta nýtingu og að lágmarka urðun. Sveitarstjórnir útfæra sitt hlutverk í svokallaðri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs,“ heldur Jóhannes áfram.

„Sveitarfélög geta svo kveðið nánar á um skyldur rekstraraðila til að flokka sinn úrgang og koma honum til viðeigandi meðhöndlunar í samþykktum sveitarfélagsins. Til að starfrækja urðunarstað þarf starfsleyfi frá Umhverfisstofnun, samanber lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög um meðhöndlun úrgangs. Ef urðunarstaðir eru starfræktir án starfsleyfis varðar það stjórnvaldssekt samkvæmt lögunum.“




Hjarta heimilisins
Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 — 2022

Virka daga 10–17
Laugardaga 11–15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is.




Starfsfólk Orkídeu. Magnús Yngvi Jósefsson, Helga Gunnlaugsdóttir og Sveinn Aðalsteinsson.






Vinnsluferlið í áburðar- og lífgasverinu sem áform eru uppi um að reisa í uppsveitum Árnessýslu. Mynd / Orkídea

Axel Sæland með rósabúnt úr ræktun sinni.




Lífgasverið Groenewoud Gas í Hollandi sem starfsfólk Orkídeu heimsótti. Mynd / Orkídea

### Viðræður í gangi við ráðuneytið

Loks myndi minni kolefnislosun vera ávinningur fyrir loftslagsmarkmið landbúnaðarins og Íslands auk þess sem ímynd landbúnaðarins yrði enn betri í uppsveitunum og fyrir sveitarfélagið.

Spurður um hvort sóst verði eftir opinberum stuðningi til að koma verkefninu af stað, segir Sveinn að væntanlega verði sótt í Orkusjóð vegna minni kolefnislosunar sem hlytist af verkefninu. „Viðræður eru í gangi við ráðuneytið um aðra styrkjamöguleika, til dæmis niðurgreiðslu á afurðum frá verinu. Ekkert er í hendi enn þá. Næstu skref verða að kanna betur þessa þætti og möguleikana á því að selja vottaðar kolefniseiningar.“

### Tilefni til að skoða málin

Axel Sæland segir að úrgangsmálin hafi komið upp öðru hvoru síðastliðin ár, en vantað hafi farveginn fyrir hann. Skýrslurnar gefi svo sannarlega tilefni til að skoða þessi mál frekar, þar sem ljóst þyki að stjórnvöld vilji finna annan farveg fyrir úrganginn og því nauðsynlegt að skoða alla möguleika. „Í skýrslu Matís kemur margt áhugavert fram og mikið af upplýsingum. Það er greinilegt að möguleikarnir eru til staðar og margt sem þarf að skoða frekar. Næstum allir garðyrkjubændur geta fundið efni í skýrslunni um sína framleiðslu og metið hvort það höfði til þeirra að skoða frekar.“

Spurður sérstaklega um niðurstöðurnar um heilnæmi rósablaðanna, segir Axel að þær hafi vissulega vakið sérstaka athygli hans sem vert væri að skoða frekar. „Það væri áhugavert ef snyrtivöruframleiðandi myndi sýna þessu áhuga og taka á næsta stig,“ segir blómabóndinn Axel sem ræktar einmitt rósir á garðyrkjustöð sinni Espiflöt í Reykholti.

„Tengingin milli garðyrkjubænda, Bændasamtaka Íslands og Matís er að eflast og því afar mikilvægt að nýta það og byggja upp sem mesta þekkingu,“ bætir Axel við um skýrslu Matís.

### Ávinningur garðyrkjubænda

Um ástæður þess að ráðist var í fýsileikakönnunina fyrir áburðar- og lífgasverið, segir Axel að lögin um bann við urðun á þessum úrgangi hafi knúið á um að leitað yrði leiða. „Við viljum fara eins langt og við getum með þetta verkefni enda teljum við raunhæfast að reisa slíka verksmiðju í uppsveitum Árnessýslu þar sem flestar garðyrkjustöðvar eru og mörg kúabú,“ segir hann og áætlar að rúmlega helmingur ylræktar í landinu fari fram á því svæði.

„Ávinningurinn fyrir okkur garðyrkjubændur fælist helst í því að koma úrganginum í rétta ferla, án mikils kostnaðar. Hliðarafurð úr verksmiðjunni er svo koltvísýringur sem við gætum fengið til baka eða keypt og nýtt í okkar garðyrkjustöðvar.“

### Líforkuver á Dysnesi

Fyrirhugað er að reisa líforkuver á Dysnesi í Eyjafirði, þar sem í fyrsta fasa verður eingöngu horft til förgunar á áhættuúrgangi, dýrahræja sem ekki á sér annan góðan farveg á Íslandi í dag. Í þann flokk (CAT 1) falla meðal annars hræ af jórturdýrum eldri en 12 mánaða.

Talsvert magn dýraleifa og meirihluti allra dýrahræja er enn urðað á Íslandi og hafa eftirlitsaðilar horft í gegnum fingur sér með þá staðreynd að það er ólöglegt vegna þess að innviði hefur skort til að taka við þessum úrgangi og meðhöndla hann lögum samkvæmt. Um síðustu áramót færðist eftirlitið með þessum tiltekna úrgangi frá Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar.

Kristín Helga Schiöth er framkvæmdastjóri Líforkuvers, sem er félagið sem stendur að undirbúningi verkefnisins á Dysnesi. Í stjórn þess eiga sæti fulltrúi Umhverfis-orku og loftslagsráðuneytisins, fulltrúi Akureyrarbæjar, fulltrúi Hörgársveitar, fulltrúi SSNE og fulltrúi afurðastöðva.

- Framhald á næstu opnu.











**Hætt að vinna, farin að leika!**

Á þessu námskeiði verður boðið upp á hlaðborð af ævintýrum þar sem áherslan er á gleði, sköpun, húmor, fræðslu og valdeflingu



**Húmor og aðrir styrkleikar**

Húmor í öllum sínum fjölbreytileika er viðfangsefnið á þessu námskeiði. Húmor er sá styrkleiki sem dregur hvað mest úr streitu.

**Endurmenntun Háskóla Íslands** hefur verið í fararbroddi í endur- og símenntun á Íslandi í 40 ár og teygir anga sína víða með margþættum tengslum við samfélagið. Stefna Endurmenntunar HÍ er að vera ávallt eftirsóknarverður valkostur til símenntunar og hjá okkur starfar fjölbreyttur hópur færustu kennara landsins á hverju sviði.

**Skannaðu kóðann og skoðaðu fjölbreytt úrval námskeiða** — eða skráðu þig á *endurmenntun.is*

**Yfir 200 námskeið á endurmenntun.is**








Kristín Helga Schiöth.

***Samræmd söfnun á dýraleifum***

Kristín segir að það ríði á að koma á fót samræmdri söfnun á dýraleifum, móttöku og vinnslu á efninu sem uppfyllir bæði skilyrði um öryggi manna og dýra – sem og skilyrði um innleiðingu hringrásarhagkerfis. „Horft er til þess hvernig Finnar og Norðmenn hafa leyst dýraleifavandann, þar sem hræjum er safnað með skipulögðum hætti heima á bæjum og úr þeim unnin fita sem nýtist áfram í lífdísilframleiðslu og kjötmjöl sem nýtist til brennslu, sem orkugjafi.

Mikilvægt er að halda því til haga að afurðir úr CAT 1 vinnslu skulu ekki eiga sér farveg aftur inn í fæðukeðjuna, svo sem í formi jarðvegsbætis eða fóðurs, heldur til brennslu sem orkugjafa. Með þessu er hægt að nýta efnið til verðmætasköpunar, í stað þess að eyða orku með því að brenna það í hefðbundinni brennslu.

Það er mikilvægt fyrir íslenskan landbúnað að til staðar sé úrvinnsla á áhættuúrgangi, bæði vegna þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir með EES-samningnum og vegna hreinleika og heilbrigðis manna og dýra. Sótt hefur verið um lóð á Dysnesi undir fyrirhugaða starfsemi, en þar er skipulagt svæði til athafna og græns iðnaðar,“ útskýrir Kristín. Vonir eru bundnar við að í kjölfar uppbyggingar á fyrsta fasa geti þarna byggst upp innviðir sem taki ekki eingöngu við áhættuefni, heldur öðrum lífrænum úrgangi til verðmætasköpunar og loftslagsávinnings.

Ef allar væntingar ganga eftir er gert ráð fyrir að hægt verði að fara af stað með fyrstu vinnslueiningarnar á Dysnesi innan þriggja ára.

Samtal er hafið um mögulegt samstarf á milli verkefnanna í Reykholti og á Dysnesi.

***Framleiðsla lífkola***

Auk hugmynda um líforku- og lífgasver, hafa möguleikar á framleiðslu lífkola verið til skoðunar úr lífrænum úrgangi og fengu Bændasamtök Íslands til að mynda styrk í nóvember á síðasta ári úr Loftslagssjóði til fýsileikagreiningar á slíku verkefni. Í lýsingu á verkefninu kemur fram að markmið verkefnisins verði að skoða hvort fýsilegt sé að hagnýta nýja tækni hér á landi til framleiðslu á lífkolum. Tilgangurinn yrði að koma lífrænum úrgangi eins og dýrahræjum og sláturúrgangi í umhverfisvænan farveg og binda auk þess kolefni í orkusjálfbæru ferli sem valdi engri losun gróðurhúsalofttegunda.

Horft er til aðferða sem hafa verið hagnýttar á meginlandi Evrópu. Þær felast í brennslu á lífrænu efni í sérhæfðum brennsluofni í loftfirrtum bruna. Engin losun er úr þessu ferli, en afurðirnar eru lífkol, sem hægt er að nota sem jarðvegs- eða fóðurbætir eða jafnvel íblöndunarefni í byggingariðnaði.




Matvælastofnun:

## Skortur á innviðum og því erfitt að fylgja eftir frávikum

Sumarið 2022 féll dómur EFTA-dómstólsins, þar sem fram kemur að fyrirkomulag varðandi frágang dýraleifa og -hræja á Íslandi sé ekki í samræmi við reglugerðir sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og Ísland hefur innleitt.



Þorvaldur H. Þórðarson.

Matvælastofnun hefur frá síðustu áramótum tekið við eftirlitshlutverkinu af Umhverfisstofnun með því að rekstraraðilar fylgi settum reglum. Þorvaldur H. Þórðarson, starfandi yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, segir að stofnunin sé meðvituð um niðurstöður EFTA-dómstólsins og vinni markvisst að breytingum til samræmis við löggjöfina. Hann bendir á að það sé á ábyrgð stofnunarinnar að hafa eftirlit með því hversu vel rekstraraðilar uppfylli skyldur sínar, en meðferðin sjálf á aukaafurðunum og innviðirnir til slíkrar meðferðar séu ekki á ábyrgð stofnunarinnar.

**Tvær verksmiðjur í aðlögunarferli**

„Í dag er staðan sú að einungis Kalka á Reykjanesi hefur möguleika til móttöku og brennslu á dýrahræjum í áhættuflokki 1 og mikil uppbygging innviða þarf að eiga sér stað á Íslandi svo hægt verði að uppfylla kröfur löggjafarinnar. Sú uppbygging er ekki á höndum Matvælastofnunar en fjölmargir aðilar þurfa að koma þar að, til dæmis félagasamtök bænda, Samtök fyrirtækja í landbúnaði, stjórnvöld og jafnvel fleiri,“ segir Þorvaldur. „Líta verður til þess að núverandi afkastageta í Kölku er takmörkuð og getur vart uppfyllt þörfina á landsvísu. Tvær verksmiðjur sem framleiða jarðgas og jarðgerðarefni eru að aðlaga ferla sinnar starfsemi til að taka á móti dýrahræjum,“ bætir Þorvaldur við.

**Talvert vantar upp á að markmiðum sé náð**

Þorvaldur segir að Matvælastofnun forgangsraði eftirlitsþáttum tengdum aukaafurðum dýra og sé að byggja betur upp eftirlitskerfi utan um málaflokkinn. Talsvert vanti upp á að markmiðum í málaflokknum sé náð á landsvísu með tilliti til löggjafarinnar. „Stofnunin er þátttakandi með matvælaráðuneytinu í vinnu við að skoða leiðir til að innviðir landsins séu nægir til að koma málinu í betri farveg og í samskiptum við aðila sem tengjast starfsemi af þessu tagi. Í nokkrum sveitarfélögum hefur verið komið á skipulagðri söfnun dýrahræja sem til falla í búskap. Eins og staðan er nú eru dýrahræin flutt á tilgreinda urðunarstaði. Vissulega þyrftu úrræði að vera til staðar svo hægt verði að vinna aukaafurðirnar frekar. Það þyrfti að vera mögulegt að nýta þær þar sem það á við og til að koma hræjunum í það form að ekki stafi smithætta af afurðunum.“

**Innviði skortir**

Að sögn Þorvaldar er eftirlit með aukaafurðum dýra til staðar en það þyrfti að auka. Ástæða þess að Matvælastofnun hafi átt erfitt með að fylgja eftir frávikum – og þannig að beita viðurlögum – sé einfaldlega sú að innviði fyrir móttöku aukaafurða skortir.

Þegar innviðauppbygginu hefur verið komið í lag geti Matvælastofnun innleitt viðbrögð ef rekstraraðilar verða uppvísir af því að meðhöndla aukaafurðir dýra á óheimilan hátt.

**Bændablaðið kemur næst út 22. febrúar**




ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica í tengslum við Búgreinaþing 2024, þriðjudaginn 13. febrúar 2024, kl. 16:00.

Dagskrá

1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykkta félagsins.
2. Heimild aðalfundar fyrir félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur er til sýnis á skrifstofu í Mosfellsbæ og er sendur hverjum þeim hluthafa sem þess óskar.

Hægt verður að skrá sig á istex.hf@istex.is eða í síma 566-6300 til að fylgjast með fundinum rafrænt. Umboðsmenn þurfa að leggja fram dagsett og skriflegt umboð. Gott er að tryggja að rétt farsímanúmer og netfang sé í hluthafaskrá til að auðvelda kosningar.

Aðgöngumiðar, fundargögn og hlekkur á fundinn verða afhent eftir skráningu á fundardag.

Mosfellsbæ, febrúar 2024.
Stjórn ÍSTEX hf.



Endurvekja á ostagerð í Önundarfirði eftir hartnær hundrað ára hlé.



Eyþór Jóvinsson á Flateyri hefur leitt endurvakningu Ostagerðarfélagsins.



Verzlun

Jens Eyjólfssonar

hefir í umboðsölu

Ísl. Gráðaost

(Roquefortcheese)

frá Ostagerð Jóns A. Guðmundssonar í Ólafsdal.

Osturinn er búinn til úr góðri nýrri sauðamjólk, og er við ostagerðina notaðar nýtísku vélar og útbúnaður og hreinlæti óvanalega miklu betra en annarstaðar hér á landi við slíka framleiðslu. Enda hefir osturinn fengið maklegt lof um land alt, bæði hér á landi og útlöndum, þykir osturinn besta stæling af hinum franska Roquefort-osti sem enn hefir verið framleidd.

**Styðjið íslenskan iðnað og búskap á þessu sviði með því að kaupa þennan ost öllum ostum fremur. Osturinn er með sama verði og búið selur hann í smásölu 6,00 kg. í**

verzlun Jens Eyjólfssonar

Það var árið 1913 sem Jón A. Guðmundsson á Þórustöðum í Önundarfirði gerði fyrst tilraun með framleiðslu blámygluosts og kallaði Gráðaost, nafni sem síðan hefur verið við lýði.

Jón lærði ostagerð í Roquefort í Frakklandi og tók heim með sér gerla. Hann prófaði sig svo áfram uns úr varð gráðaostur, framleiddur úr sauðamjólk líkt og hinn þekkti Roquefort-ostur.

Árið 1923 stofnaði Jón, ásamt bændum í Önundarfirði, Ostagerðarfélag Önfirðinga. Félagið var stórhuga og framleiddi mikið magn gráðaosta fram til ársins 1929 þegar félaginu var slitið. Þá var gráðan sem var notuð í ostagerðina orðin svo léleg að ostarnir voru heldur vondir og lítt söluhæfir.

Upphaflega hugmyndin að baki Ostagerðarfélagi Önfirðinga var að selja gráðaostinn til útflutnings en það gekk treglega svo osturinn var í reynd að mestu seldur innanlands.

Alls framleiddi Ostagerðarfélagið osta úr 50.000 lítrum af sauðamjólk á þeim árum sem félagið var starfrækt. Bændur í Önundarfirði voru því duglegir að leggja til sauðamjólk í reksturinn sem náði sér þó aldrei almennilega á strik.

## Ostaframleiðsla:

# Önfirskir ostar á Flateyri

## – 111 ára gömul nýsköpun endurvakin

**Ostagerðarfélag Önfirðinga hefur verið endurvakið og hyggur á ostaframleiðslu í Önundarfirði.**

Eyþór Jóvinsson á Flateyri hefur leitt endurvakningu Ostagerðarfélagsins, sem síðast starfaði árið 1929. Stendur til að nýta hráefni úr nærsveitum og halda sögu félagsins á lofti.

Ostagerðarfélag Önfirðinga hefur keypt húsnæði á Flateyri undir starfsemina. Er ætlunin að ásamt ostagerðinni verði þar veitingaaðstaða þar sem osturinn verður á boðstólum bæði til neyslu á staðnum og sem söluvara. Lagt er upp með að framleiða ost til neyslu á staðnum. Gangi áætlanir eftir er stefnt að því að opna ostagerðina fyrir gestum sumarið 2025.

### *Biðlar til bænda um sauðamjólk*

Þróunarsjóður Flateyrar styrkti Ostagerðarfélagið um 1,8 m.kr. í fyrra til kaupa ostatanks. Þá styrkti Matvælasjóður verkefnið sömuleiðis í fyrra um 3 m.kr. og Uppbyggingarsjóður Vestfjarða um 2,7 m.kr. árið 2022. Er haft til hliðsjónar að Ostagerðarfélagið geti jafnvel skapað 3–5 ársstörf á Flateyri til framtíðar og verði eina sérhæfða ostagerðin á Vestfjörðum og fyrsta ostagerð Íslands þar sem áhersla verði lögð á neyslu afurðanna á framleiðslustað.

Samkvæmt Eyþóri er búið að kaupa nauðsynleg tæki og tól og búa húsið þannig út að það standist lög og reglugerðir.

„Við höfum nú þegar framleitt fyrstu ostaprufurnar úr kúamjólk sem gekk ágætlega,“ segir Eyþór. Draumurinn sé þó að framleiða gráðaostinn úr sauðamjólk eins og gert var áður fyrr. „Því vantar okkur sauðamjólk núna í vor til að geta prófað okkur áfram með þær tilraunir og biðlum til allra bænda sem vilja selja okkur sauðamjólk að hafa samband,“ segir hann jafnframt.

### *Stækka ostaflóru Íslands*

„Ostagerðarmennirnir Otti Freyr Steinsson og Þorgrímur Einar Guðbjartsson á Erpsstöðum hafa verið okkur innan handar og aðstoðað okkur með fyrstu ostagerðina en einnig stendur til að fá franska og aðra erlenda ostagerðarmenn til landsins til að hjálpa okkur að þróa og framleiða ostinn,“ segir Eyþór.

„Við höfum fest kaup á stóru og góðu húsnæði á Flateyri sem mun hýsa ostagerðina og veitingastaðinn og stefnt er að því að setja upp litla íbúð í húsnæðinu,“ segir Eyþór og útskýrir að hún væri sérstaklega hugsuð til að taka á móti erlendu ostagerðarfólki sem myndi dvelja í skemmri eða jafnvel lengri tíma. „Þannig vonumst við til að stækka enn frekar ostaflóru Íslands,“ segir hann enn fremur og bætir við að tíminn verði að leiða í ljós hvort unnt verði að bjóða upp á önfirska osta víðar um land.

Eyþór rekur jafnframt Gömlu bókabúðina á Flateyri og í Reykjavík, auk vefverslunar. Búðin á Flateyri mun vera elsta upprunalega verslun Íslands. Eyþór er langafasonur stofnanda verslunarinnar og fjórði ættliðurinn sem tekur við rekstrinum.

*/sá*







# Opið fyrir umsóknir

**Opnað var fyrir umsóknir í Matvælasjóð þann 1. febrúar síðastliðinn.**

Matvælasjóður

Þetta verður í fimmta sinn sem úthlutað er úr Matvælasjóð, en hlutverk hans er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu íslenskra matvæla og hliðarafurða þeirra úr landbúnaðar- og sjávarafurðum á landsvísu.

Sjóðurinn veitir styrki í fjórum flokkum; Bára styrkir verkefni á hugmyndastigi um allt að þrjár milljónir króna, Kelda styrkir rannsóknaverkefni sem miða að því að skapa nýja þekkingu um allt að 30 m.kr., Afurð styrkir verkefni sem komin eru af hugmyndastigi og leiða af sér afurð, sem er þó ekki tilbúin til markaðssetningar um allt að 30 m.kr. og Fjársjóður styrkir sókn á markaði og hjálpar fyrirtækjum að koma sínum verðmætum á framfæri um allt að 30 m.kr.

Úthlutað var fyrst úr sjóðnum árið 2020, þá hlutu 62 verkefni samtals 480 m.kr. Árið 2021 hlutu 64 verkefni styrki upp á alls 566,6 m.kr. Árið 2022 hlutu 58 verkefni samtals 584,6 m.kr. Í fyrra var úthlutað 577 m.kr. fyrir 53 verkefni.

Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar en tekið er við umsóknum í gegnum afurd.is.

*/ghp*



# ALVÖRU VINNU-HESTAR

Fullkomnaðu heima-skrifstofuna með Canon prentara.



**Canon i-SENSYS LBP246dw laser-prentari sem prentar í svarthvítu**

- Prentar beggja megin.
- Ethernet og Wi-Fi.
- Notkun á mánuði: 750 – 4000 blöð.

**Listaverð 54.900 kr.**



**Canon MAXIFY GX4050 fjölnota prentari með áfyllanlegum bléktönkum**

- Prentun, ljósritun, skönnun, fax og frumritamatari. Lítill rekstrarkostnaður og framúrskarandi framleiðni.
- A4 litaskjöl: Svartur: 6000 blöð. Litur: 14000 blöð.
- Wi-Fi, Ethernet og tenging við skýið.

**Listaverð 99.900 kr.**



**Canon imageRUNNER C1533iF fjölnota laserprentari**

Hraðvirkur og nettur A4 fjölnota prentari.

- Prentar 33 bls. á mín.
- 7 tommu lita snertiskjár.
- Hægt að bæta við skúffum.
- Aukið öryggi gagna með McAfee Protected og SIEM stuðning.

**Listaverð 259.900 kr.**

Canon

Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði og varahlutir



*Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög*
*Sögunardýpt 19 cm*



*Husqvarna DM230 Kjarnaborvél*
*150 mm Max*



*Husqvarna Trowel BG 245*
*Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm*



*Husqvarna K770 14" Steinsög/Hellusög*
*Sögunardýpt 12,5 cm*



*Husqvarna K970*
*Sögunardýpt 15,5 cm*



*Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa*
*97kg, 500 mm Plata*



*Husqvarna FS400 LV gólfsög*
*Sögunardýpt 16,2 cm*



*Husqvarna Rammer Hoppari LT6005*
*230mm Plata, 69 kg*



*Husqvarna K4000 Steinsög*
*Sögunardýpt 12,5 cm*



*Husqvarna K3600 Vökvasög*
*Sögunardýpt 27 cm*



*Husqvarna K7000 Ring*
*Sögunardýpt 32,5 cm*



*Husqvarna K7000 Pre Cut*
*Sögunardýpt 14,5 cm*

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



Ráðgjafarhópur ræktunar og nytjasviðsins hjá Landi og skógi. Vöxtur og viðgangur skóga hefur víða verið framar vonum. Margir eru vakandi fyrir að skapa verðmæti úr skógum um leið og færi gefst. Myndir / Aðsendar



Skógræktarráðgjafar við skógmælingar. Grannt er fylgst með vexti og viðgangi og þarf að sinna umhirðu skóga vel til að þeir dafni.

## Skógrækt:

# Markviss skógrækt á lögbýlum að skila sér

## – Eftirspurn umfram framboð á skógarafurðum



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

**Skógrækt á lögbýlum er viðamikið verkefni sem teygir anga sína um land allt. Þegar er farinn að sjást mikilvægur árangur, bæði í landbótum og verðmætasköpun.**

Hrefna Jóhannesdóttir er sviðsstjóri ræktunar og nytja hjá Landi og skógi. Hún er M. Sc. í skógfræði og hefur m.a. yfirumsjón með verkefninu Skógrækt á lögbýlum.

„Verkefnið snýst um að skapa skógarauðlind á Íslandi með því að rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð, efla atvinnulíf og jafnframt að græða og bæta landið fyrir komandi kynslóðir," segir Hrefna, aðspurð um inntak Skóga á lögbýlum-verkefnisins.

Rekja má tilurð þess aftur til ársins 1970, með samþykkt laga um Fljótsdalsáætlun sem hafði það markmið að rækta skóg í samvinnu við bændur í Fljótsdal. „Það verkefni náði fótfestu um allt land í gegnum landshlutaverkefni í skógrækt sem síðan urðu hluti af Skógræktinni árið 2016," útskýrir Hrefna. Við sameiningu Skógræktarinnar og Landgræðslunnar 1. janúar sl. haldi þetta starf áfram innan nýrrar stofnunar, Lands og skógar.

### *Þarft og traust byggðaverkefni*

Skógrækt á lögbýlum er á ýmsan hátt afar mikilvæg. „Fyrst ber að nefna skógarauðlindina sjálfa sem er að vaxa upp um allt land," segir Hrefna og heldur áfram: „Hún skapar skjól fyrir menn og málleysingja auk þess sem hún skapar betri ræktunarskilyrði fyrir aðrar nytjategundir og bætir bæði jarðvegs- og vatnsbúskap. Með tímanum verða til verðmætar viðarnytjar sem efla atvinnulíf og sjálfbærni auk þess sem skógrækt stuðlar að kolefnisbindingu," segir hún.

Skógrækt á lögbýlum hefur að sögn Hrefnu reynst bæði þarft og traust byggðaverkefni og eru þátttakendur dreifðir um allt land. Hún segir því ljóst að verkefnið hafi verið afar mikilvægt fyrir bændur og aðra landeigendur sem hafi óskað eftir því að hafa fjölbreyttar og styrkar stoðir undir sinni atvinnustarfsemi.

„Við sjáum nú þegar, í sumum landshlutum, að áherslan er farin að færast af gróðursetningum yfir á snemmgrisjanir og viðarvinnslu. Það er auðvitað alveg frábært að sjá draumana raungerast," segir hún enn fremur.

### *Sjö hundruð lögbýli í verkefninu*

Forvitnilegt er að grennslast fyrir um hvaða árangur hefur náðst af verkefninu. Hrefna segir tæplega 700 lögbýli víðs vegar um landið vera þátttakendur í Skógrækt á lögbýlum og hafa gert ræktunarsamning til 40 ára við ríkið gegnum Land og skóg.

„Samtals eru um 55 þúsund hektarar samningsbundnir og hefur verið gróðursett í ríflega helming þeirra," útskýrir hún og heldur áfram: „Nokkuð er um að innan skógræktarsvæða séu svæði sem ekki verður gróðursett í, svo sem votlendi, klappir, jaðrar og ýmis verndarsvæði vegna minja, lagna, berjasprettu o.s.frv. Innlendar viðarnytjar eru sífellt að verða sýnilegri, það er mjög áþreifanlegur árangur," bætir hún við.



Hrefna Jóhannesdóttir.

Verkefnið getur verið snúið á köflum. Hrefna segir skipulagsmálin einkum vera mjög krefjandi. Þau séu oft flókin og kostnaðarsamt að leysa úr þeim. „Ég tel að allir séu að gera sitt besta með ákveðna hagsmuni í huga," segir hún. „En því fyrr sem við skiljum hvað hinir ýmsu hagsmunaaðilar eru að fara, og verðum sammála um hvernig best sé að vinna málin áfram með heildarhagsmuni í huga, því betra. Ísland er strjálbýlt að stórum hluta og tækifæri til bættrar landnotkunar og aukinnar atvinnustarfsemi eru töluverð.

Svo er eins með þessa eins og alla aðra ræktun, það er alltaf erfitt að horfa upp á áföll eða tjón, t.d. vegna veðurs. En við huggum okkur við að það er erfiðast að koma fyrstu kynslóðinni á legg, hún mun síðan stuðla að betri skilyrðum fyrir þá næstu," segir hún enn fremur.

Vöxtur og viðgangur skóga hefur, að sögn Hrefnu, víða verið framar vonum og hún nefnir Húnavatnssýslurnar sem dæmi þar um. Ánægjulegt sé að fylgjast með því hvað bændur og aðrir landeigendur hafi verið fljótir að tileinka sér að sjá tækifærin sem skapist við skógrækt. Margir séu vakandi fyrir því að skapa sér verðmæti úr skóginum um leið og það er hægt. „Og svo eru skógareigendur alveg frábærir í að miðla af þekkingu sinni og reynslu! Það er hvetjandi fyrir okkur hin að sjá þegar vel gengur hjá öðrum," hnýtir hún við.

### *Hugað að viðarnytjum*

Aðspurð hvert verkefnið stefni og um áherslubreytingar eftir því sem fram vindur segir Hefna að eftir því sem skógurinn eldist verði áherslubreytingar í starfi skógarbóndans. „Hann fer að horfa meira til þess að koma viðarnytjum í nýtanlegt form og á markað. Eins og staðan er í dag þá er eftirspurn umfram framboð á skógarafurðum.

Skógarbændur verða að sinna umhirðu ungskóganna til þess að þeir verði verðmætir í framtíðinni, grisja út lélegustu trén, kvista timburtré og gróðursetja íbætur þar sem þess gerist þörf. Ég tek oft dæmi hvernig það færi ef hrossabóndi ætlaði sér að sækja tilbúinn reiðhest út í stóð án þess að hafa nokkuð hirt um gripinn fram að því," svarar hún.

Hún segir einnig að búast megi við einhverri samþættingu á áherslum Skógræktarinnar og Landgræðslunnar í gegnum hina nýju stofnun, Land og skóg, og að áætlanir um landnotkun verði að einhverju leyti heildstæðari eftir sameininguna. Það séu því spennandi tímar fram undan.

### *Skógræktarstarfið heldur alltaf áfram*

Hvert skyldi þá lokamarkmið Skógræktar á lögbýlum vera? „Þegar skrifað er undir samning um þátttöku í skógrækt þá gildir hann til 40 ára," svarar Hrefna. Að þeim tíma liðnum sé gert ráð fyrir að öllum framkvæmdum sé lokið í samræmi við ræktunar- og umhirðuáætlun sem gerð er fyrir viðkomandi jörð. „Segja má að það sé endapunktur samningsbundinna framkvæmda en sjálft skógræktarstarfið heldur áfram," segir hún og bætir við:

„Ef vel hefur tekist til þá ætti að vera komið að næsta kafla ræktunarstarfsins, grisjunar, sem ætti að skapa einhverjar tekjur sem koma á móti kostnaði. Lokamarkmið getur í sumum tilfellum verið að endurheimta náttúruskóga og leyfa þeim síðan að þróast af sjálfu sér. Og í öðrum tilfellum er lokamarkmiðið rjóðurfelling og endurgróðursetning sömu eða nýrra tegunda, með það í huga að mæta þörfum framtíðarinnar eins vel og núverandi þekking leyfir," segir Hrefna að endingu.

**Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2024**

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra auglýsir eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum fyrir árið 2024. Hlutverk hans er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land.

Framkvæmdasjóðurinn starfar samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð nr. 468/2014. Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr honum. Vísað er til reglugerðarinnar varðandi upplýsingar um þau verkefni sem heimilt er að veita framlög til, afgreiðslu umsókna og reglur varðandi framlög.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að sækja um rafrænt og er umsóknarformið, ásamt nánari upplýsingum, aðgengilegt á vef heilbrigðisráðuneytisins hrn.is og umsóknareyðublöðin á minarsidur.stjr.is.

**Mikilvægt er að vanda til umsókna og skila nauðsynlegum upplýsingum og fylgiskjölum innan tilskilins frests. Ekki verður tekið við umsóknum eftir að umsóknarfrestur er liðinn.**

Umsóknum ber að skila í síðasta lagi
**fyrir kl. 16:00 mánudaginn 4. mars 2024.**

**Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra**

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið



## Hrísey heldur Hinsegin hátíð

**Helgina 21.- 22. júní í sumar verða haldin Hinsegin hátíð í Hrísey.**

Hátíðin fór einnig fram í fyrra og var þá einstaklega vel heppnuð. „Þetta verður enn flottara núna, mikið stuð og stemming enda reiknum við með mikið af fólki. Við hvetjum alla til að taka helgina frá og skella sér í eyjuna okkar á þessu frábæru hátíð,“ segir Linda María Ásgeirsdóttir, sem á sæti í undirbúningsnefndinni. */mhh*

## Mikil ánægja með fjölmenningarráð

**Fjölmenningarráð hefur tekið til starfa í Rangárþingi eystra.**



**Anton Kári Halldórsson.**

Ráðið á að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og upplýsingar um málefni sem tilheyra erlendum íbúum sveitarfélagsins. Ráðið fundar einu sinni í mánuði og fara allir fundir fram á ensku. „Við erum virkilega ánægð með að hafa komið ráðinu á laggirnar því við teljum mjög mikilvægt að raddir íbúa með erlendan bakgrunn heyrist og eigi aðgengi að málefnum sveitarfélagsins. Hlutfall erlendra íbúa hjá okkur í dag er um þrjátíu prósent,“ segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri.

Fimm manns skipa ráðið, allt erlendir íbúar. Auglýst var eftir fulltrúum í þrjár stöður í ráðinu. Sláturfélag Suðurlands tilnefndi einn fulltrúa og ferðaþjónustan í Rangárþingi eystra tilnefndi líka einn fulltrúa. Gina Christie hefur verið kjörin formaður ráðsins. Með ráðinu starfar Helga Guðrún Lárusdóttir, sem er fjölmenningarfulltrúi Rangárþings eystra. */mhh*

**Náttúra:**

# Kúfskelin verður allra dýra elst

## – Elsta kúfskel sem fundist hefur við Ísland var 507 ára gömul



**Steinunn Ásmundsdóttir**
steinunn@bondi.is

**Elsta kúfskel sem fundist hefur við Ísland klaktist árið 1499; um það bil sem Sviss varð sjálfstætt ríki, landkönnuðurinn Vasco de Gama sneri aftur til Lissabon úr allra fyrstu siglingunni til Indlands og eyjan Arúba fannst í Karíbahafi og var helguð Spáni.**

Skelin fannst á hafsbotni við Grímsey, á um 80 m dýpi, sumarið 2006 og komst í heimsmetabækur fyrir að vera þá elsta dýr jarðar sem fundist hefur á lífi. Fékk hún nafnið Hafrún með vísan í að hún hefði skráð sögu hafsins. Skelin var fryst um borð í hafrannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni og í kjölfarið rannsökuð.

„Rannsóknir á efnasamsetningu Hafrúnar og 28 annarra kúfskelja af Íslandsmiðum hafa leitt í ljós mikilsverðar upplýsingar um ástand sjávar undan norðurströnd Íslands þúsund ár aftur í tímann. Rannsóknirnar eru undirstaða skeljatímatals sem er gagnagrunnur sem skráir breytingar frá ári til árs allan þann tíma, m.a. um hafstrauma á Norðurhveli. Skeljatímatalið er mikilvægur grunnur til rannsókna á hlýnun jarðar.“, segir í Náttúrufræðingnum, 2.-4.h., 87. árg. 2017.

### *Hér einkum veidd í beitu*

Kúfskelin, einnig nefnd kúskel á síðari tímum, er kennd við Ísland og nefnist *Arctica islandica* á fræðimáli. Hún er algeng við strendur Íslands. Helstu búsvæði hennar eru einkum á sandbotni, á um 0-100 m dýpi. Skelin liggur niðurgrafin í sjávarbotninn, oft á 10-15 cm dýpi, er staðbundin en getur fært sig upp og niður í botnlaginu með hjálp fótarins. Hún síar fæðu úr sjónum með hjálp tálkna. Hún getur orðið allt að 120 mm að lengd. Samkvæmt upplýsingum frá Stefáni Áka Ragnarssyni, sjávarvistfræðingi hjá Hafrannsóknastofnun, hefur fremur lítil vinna farið í aldurslesningu kúfskelja. Gamlar skeljar þurfi ekki endilega að vera óalgengar hér við land og myndu ef til finnast í meira mæli ef farið væri í ítarlegri leit að þeim. Kúfskel og fleiri svonefndar samlokur eru verðmæt neysluvara á heimsvísu vegna hás eggjahvítuinnihalds og bragðgæða. Bandaríkjamenn hafa m.a. veitt mikið af kúfskel þótt það fari minnkandi.



Kúfskel getur orðið mörg hundruð ára gömul. Hér er mynd af tómri skel og má glögglega sjá vaxtarrendur hennar. Myndir / Aðsendar



Á sjávarbotni í Önundarfirði. Sjá má öndunarop kúfskelja sem hafa grafið sig niður á botninum.

Kúfskel var veidd hér við land á tímabili og fóru umfangsmestu veiðarnar fram frá Þórshöfn á Langanesi, að sögn Stefáns Áka. Á Íslandi náðu veiðar hámarki á árunum 1920-1945. Lítið sé í dag um kúfskeljaveiðar, nema mögulega í beitu, en þá er um lítið magn að ræða.

„Vegna hægrar nýliðunar og vaxtar geta veiðar haft töluverð áhrif á þær, líkt og þær veiðar sem fóru fram á austurströnd Bandaríkjanna,“ segir Stefán Áki.

„Á hinn bóginn er stofninn gríðarlega stór hér við land og ólíklegt að veiðar hafi haft veruleg áhrif á hann þó að mögulega geti verið staðbundin áhrif. Áhrif veiða á annað botndýralíf geta verið töluverð en þau eru skammvinn,“ segir hann.

### *Löturhæg efnaskipti*

Hár aldur kúfskeljar er líklega kominn til vegna hægs efnaskiptahraða. „Hún hefur mikla aðlögunarhæfni og getur legið grafin á hafsbotni í langan tíma, t.d. þegar aðstæður eru slæmar vegna storma og yfir vetrartímann,“ segir Stefán Áki og bendir á að slæm veður geti þó rótað skel upp á land.

Miklir stormar geta ýft upp botnlag sjávar og valdið því að kúfskelin rótast upp úr sandi eða seti og upp á harðara undirlag þar sem hún nær ekki að grafa sig niður og verður auðveld bráð rándýra.

Síðan sé spurning hvaða áhrif hlýnun sjávar, í tengslum við hnattræna hlýnun sem og súrnun sjávar, hafi á kúfskel.

„Það er hugsanlegt að kúfskel muni færa sig norðar með hlýnun sjávar. Hún gæti verið viðkvæm fyrir súrnun sjávar, en á hinn bóginn hjálpar það henni að hún hefur þykka skel,“ segir Stefán Áki jafnframt. */ sá*




# Hvanneyrar-pistlar

**Hvanneyri í Borgarfirði er vel þekktur skólastaður. Að stofni til byggðarhverfi – sveitaþorp – með aldagamlar rætur.**

Það breyttist fyrir einni öld og þriðjungi betur þegar þar var settur búnaðarskóli með tilheyrandi skólabúi. Í dag er Hvanneyri þéttbýli í sveit, raunar háskólaþorp, fjölbreytt að gerð og mannlífi, og með langa sögu.

Nokkurn hluta sögu Hvanneyrar hefur Bjarni Guðmundsson, lengi kennari þar, nú tekið saman í þrjú rit sem hann nefnir Hvanneyrar-pistla. Pistlarnir eru harla fjölbreyttir að efni. Þeir eru allt frá sagnfræði byggðri á rannsóknum höfundar og lýsingum á stað og umhverfi til þjóðsagna og munnmæla. Inn í millum er skotið persónulegum minnisgreinum, reynslusögum og jafnvel álitamálum.



Hvanneyrar-pistlana hefur Bjarni kosið að birta í rithlöðu sinni á vefstaðnum www.issuu.com/bjgudm Þar liggja Hvanneyrarpistlarnir frammi á rafrænu formi, öllum sem vilja aðgengilegir til lesturs og án endurgjalds. Er það eins konar framlag Bjarna til Hvanneyrarstaðar eftir 63 ára kynni og samfylgd. Í sparnaðar- og umhverfisverndarskyni og í anda tíðarinnar verður að svo stöddu ekki um prentaða útgáfu Hvanneyrar-pistlanna að ræða.



**Bjarni Guðmundsson hefur tekið sama þrjú rit um sögu Hvanneyrar.**

Þórunn Edda Bjarnadóttir braut um efni Hvanneyrar-pistlanna og gaf þeim afar snoturt og læsilegt útlit. Þeir eru alls 328 bls. að stærð, prýddir fjölda ljósmynda og teikninga.


Stálgrindarhús frá Weckman Steel
35 ára reynsla á Íslandi
1 x Iðnaðarhurð
2 x Gönguhurð
1 x Gluggi
• Húsin standast mestu snjó- og vindálagskröfur
• Úrval lita á þak og veggi
• Þak klætt 80mm PIR yleiningum
• Veggir klæddir 60mm PIR yleiningum
• Reyklosunarplötur á þaki sem hleypa inn birtu
• Aðaluppdrættir, sökkulteikningar og burðarvirki fylgja
Breidd 9m / Lengd 16,8m
Vegghæð 3,6m
151 m2
Verð kr. 11.153.000 m. vsk.
Breidd 11m / Lengd 21,2m
Vegghæð 3,6m
231 m2
Verð kr. 15.290.000 m. vsk.
Breidd 14m / Lengd 21m
Vegghæð 3,6m
294 m2
Verð kr. 17.865.000 m. vsk.
Breidd 14m / Lengd 25,2m
Vegghæð 3,6m
353 m2
Verð kr. 20.450.000 m. vsk.
Breidd 16m / Lengd 25,2m
Vegghæð 3,6m
403 m2
Verð kr. 23.280.000 m. vsk.
*Tilboðsverð gilda til 01.05.2024
H. HAUKSSON EHF.
Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is


Garðyrkja
Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna
Allt frá fræjum til afurða
Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016
Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is
Samhentir

## Ásahreppur:

# Nýtt fólk á Berustöðum

## – Héldu að fólk tæki bara við af foreldrum sínum

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is





Emil Þórðarson og Hulda Björk Haraldsdóttir eru nýju bændurnir á Berustöðum. Áður bjuggu þau á Selfossi þar sem Hulda vann við tamningar og hrossarækt og Emil við vörubíla- og vélaverktöku. Þau segja að ef maður ætli sér eitthvað þá geti maður það. Myndir / ál

**Emil Þórðarson og Hulda Björk Haraldsdóttir tóku við kúabúinu á Berustöðum í Ásahreppi um áramótin. Þau bjuggu áður á Selfossi og segja ótrúlegt að þeim hafi tekist markmið sitt að gerast bændur verandi úr þéttbýli.**

Á Berustöðum voru Egill Sigurðsson og Erla Traustadóttir bændur og eru þau ekkert tengd nýjum ábúendum.

Emil ólst upp á Hvolsvelli og var mikið í kringum búskap sem krakki þar sem hann á ættir að rekja til Bakkakots í Vestur-Landeyjum. Í gegnum föður sinn hefur Emil frá unga aldri verið viðriðinn véla- og vörubílaútgerð og stofnaði fyrirtæki utan um landbúnaðarverktöku árið 2021. Hulda bjó með foreldrum sínum til tíu ára aldurs á Sólheimum í Blönduhlíð í Skagafirði þar sem þau stunduðu búskap. Fluttu þau þaðan til Reykjavíkur en síðan á Selfoss. Fjölskylda hennar hefur allta tíð stundað hrossarækt og Hulda starfað mikið við tamningar.

Emil er tuttugu og sex ára og Hulda þrítug. Þau kynntust árið 2016 og saman eiga þau tvo stráka og átti Hulda einn fyrir. Sá elsti heitir Baldur og er tíu ára, svo koma Þórður, fimm ára og Haraldur, þriggja ára.

### *Féllu fyrir bænum*

„Þetta hefur síðustu árin tosað mikið í okkur," segir Hulda aðspurð hvort það hafi lengi verið draumur hjá þeim að gerast bændur. Þau voru búin að liggja yfir fasteignaauglýsingum og voru Berustaðir auglýstir snemma síðasta sumars.

Þrátt fyrir þennan draum voru þau sannfærð um að það væri ekki möguleiki fyrir þau að gerast bændur og höfðu þau aldrei farið á staðinn til að skoða jörð sem var á sölu. Þegar þau sáu Berustaði auglýsta höfðu þau hins vegar samband við fasteignasöluna og bókuðu skoðun í byrjun júlí.

> „Þetta hefur síðustu árin tosað mikið í okkur ..."

„Ég vissi ekki til hvers í ósköpunum," segir Emil því hann gat ekki séð að það væri möguleiki að kaupa jörð með þessum verðmiða. „Maður hélt að þetta væri bara þannig að fólk tæki við af foreldrum sínum." Þegar þau mættu var blíðskaparveður og féllu þau alveg fyrir staðnum, aðstæðunum og því sem jörðin hafði upp á að bjóða. „Það er frábært fjós, miklir möguleikar í ferðaþjónustu, gott land og frábær tækjalistinn sem fylgdi. Þessi jörð hafði allt," segir Hulda. Emil bætir við að búið hafi staðið vel undir verðinu.

Þau vissu til þess að fleiri hefðu sýnt Berustöðum áhuga og sendu því kauptilboð um miðjan júlí. „Við vorum að stökkva í djúpu laugina. Okkur fannst eins og þetta væri jörðin, þetta væri búið og þetta væri það sem við vildum kaupa," segir Hulda.

### *Byggðastofnun völundarhús*

Þá hófst langt ferli þar sem þau leituðu að fjármagni til kaupanna. Þau voru búin að leggja grunn að þeim með því að kaupa sína fyrstu fasteign á Selfossi árið 2019 áður en mesta hækkunin á húsnæðisverði gekk yfir. Fyrst leituðu þau til viðskiptabanka en þar var viðmótið það að þau væru heldur bjartsýn og ættu að safna sér meiri pening.

Eftir það leituðu þau til Byggðastofnunar þar sem viðtökurnar voru mun betri. Framvindunni þar líkja þau þó við völundarhús og benda á að fólk þurfi að gefa sér góðan tíma þar sem stofnunin sé ekki hraðvirk. Ferlið sé þó á margan hátt svipað hvort sem verið sé að fjármagna fasteign fyrir fimmtíu milljónir eða fimm hundruð. Það taki þó styttri tíma þegar fjárhæðin sé lægri.

Í lok september fengu þau tilkynningu um að stjórn Byggðastofnunar hefði samþykkt að veita þeim lán. Þá hafi þau drifið í að selja hús sem þau voru að byggja á Hvolsvelli og tóku fráfarandi ábúendur íbúðina þeirra á Selfossi upp í.



Skepnurnar á bænum eru nálægt þrjú hundruð og áttatíu.

Um miðjan október settust Hulda og Emil á fund með Agli og Erlu, þáverandi bændum á Berustöðum, þar sem gerð var áætlun um ábúendaskiptin. Unga parið flutti svo á Berustaði í lok október og var ákveðið að þau tækju endanlega við um áramótin. Þau fengu því liðlega tvo mánuði til að læra á búreksturinn af fráfarandi bændum og voru fljótlega farin að taka fullan þátt í bústörfum.



Fjósið er nútímalegt með lausagöngu og tveimur mjaltaþjónum.



„Þetta var mjög dýrmætur tími þar sem við gátum verið með þeim, bæði Agli og Erlu og Eygló, dóttur þeirra. Því betur sem ég kynntist þeim varð ég alltaf þakklátari fyrir að við hefðum keypt af þessu fólki,“ segir Hulda. Þau hafi lært mikið á þessum tíma og voru forréttindi að vera undir þeirra leiðsögn. „Þau hefðu mátt búa hérna alltaf mín vegna,“ bætir Emil við glettinn.

### *Uppbygging fram á síðasta dag*

Þau segja fyrri ábúendur hafa haldið áfram uppbyggingu þangað til þau stigu út úr fjósinu í síðasta sinn. Emil og Hulda vilja halda á sömu braut í búskapnum fyrst um sinn því það þurfi ekki að gera miklar breytingar á því sem gangi vel. Hins vegar ætli þau að hefja uppbyggingu á ferðaþjónustu, en með jörðinni fylgdu aukalega tvö einbýlishús og eitt sumarhús.

„Komandi úr þéttbýli, þá er það einstakt frelsi að komast í sveitina. Við horfum í kringum okkur og það er land allt um kring sem við sjáum um og ráðum yfir. Þetta eru algjör forréttindi,“ segir Emil. Þá finnist þeim dýrmætt að geta gefið börnunum sínum tækifæri til að alast upp í sveit því það þurfi rétt að stíga út úr húsi til að vera kominn í heim ævintýra. „Mér er alveg sama hvað vinnudagurinn minn er langur á meðan það er gaman,“ segir Emil. Þau vilji ná langt og það sem þau taki sér fyrir hendur vilji þau gera vel

Hann segir hálf ótrúlegt að þeim hafi tekist að komast í búskap svona ungum. „Það er einhvern veginn þannig að ef maður ætlar sér eitthvað þá getur maður það. Það þarf bara að finna leiðina til að gera það.“



Emil og Hulda fjármögnuðu kaupin í gegnum Byggðastofnun en höfðu lagt grunninn með því að kaupa sína fyrstu fasteign árið 2019.



Berustaðir eru í Ásahreppi í Rangárvallasýslu, rétt hjá Landvegamótum. Þar er rekið bú með rúmlega níutíu kúm, tæplega hundrað kindum, þrjátíu og fimm hestum og hundruð og fimmtíu nautgripum.



Hulda segir tímann sem þau áttu með fyrri ábúendum dýrmætan og er hún þakklát fyrir að hafa kynnst hjónunum Agli og Erlu ásamt Eygló, dóttur þeirra.

### *Kýr, kindur og hestar*

Á Berustöðum er lausagöngufjós með tveimur mjaltaþjónum. Þar eru að jafnaði rúmlega níutíu kýr og var heildarframleiðsla mjólkur síðasta árs rúmlega 650.000 lítrar. Þá er nokkur nautakjötsframleiðsla þar sem aldir eru kálfar frá bænum. Með kaupunum voru innifalin fjárhús með níutíu og sex kindum og segist Emil hafa óvart fengið algjöra dellu fyrir sauðfé, þó svo að hann hafi verið búinn að ákveða að einbeita sér að kúnum.

Þá eru þau búin að flytja þrjátíu og fimm hesta á jörðina sem tilheyrðu upphaflega hrossarækt foreldra Huldu, sem þau hafa tekið yfir. Sex kettir fylgdu með kaupunum á Berustöðum sem sinna meindýravörnum í útihúsunum og eignuðust þau hvolpinn Bellu í haust. Emil og Huldu telst til að skepnurnar á bænum séu nálægt þrjú hundruð og áttatíu.




Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
547 9100

BL ehf.
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Ljós og líf í hverju húsi við ströndina

**Það er fátt varðandi íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið sem allir geta verið sammála um, en eitt atriði er óumdeilt: kvótakerfið hefur verið byggðarstefnulegt stórslys.**



Kjartan Sveinsson.

Vissulega eru til byggðarlög sem enn lifa að stórum hluta á fiskveiðum, sem sýnir það og sannar að sterkasta lyftistöngin fyrir sjávarþorp er að veita þeim aðgang að sjávarauðlindum. Fyrir flestar brothættar byggðir hefur blóðtakan þó verið vægðarlaus.

Frá sjónarhóli stórútgerðarinnar er þetta einfaldlega sá fórnarkostnaður sem fylgir því að reka fyrirtæki með ofurhagnaði. Fyrir þeim er samþjöppun veiðiheimilda á fáar hendur eina leiðin til að byggja upp risafyrirtæki þar sem íslenskir útgerðaraðilar geta verið menn með mönnum á alþjóðlegum markaði. Þetta virðist vera sjálfstætt markmið og vegur þyngra en afkoma hundruð fjölskyldna um allt land. Ef ljósin slokkna í húsum við sjávarsíðuna, þá verður bara svo að vera.



Smábátaveiðar eru mikilvæg lyftistöng fyrir brothættar byggðir. Mynd / Kjartan Sveinsson

### *Stefnubreyting hjá Norðmönnum*

Það dró til tíðinda í fiskveiðistjórnun Norðmanna þegar Cecilie Myrseth, sjávarútvegsráðherra þeirra, boðaði stefnubreytingu í ræðu sem hún flutti 12. janúar síðastliðinn. Hugmyndin, sagði hún, er að útdeila „kvótanum á fyrirsjáanlegan og sanngjarnari hátt sem tryggir breidd og fjölbreytni í fiskiskipaflotanum og fleiri heilsársstörf í byggðarlögum meðfram allri ströndinni“.

Þessu ætlar hún að áorka með því að endurúthluta 6.000 tonna þorskkvóta frá togurum til smábáta. Auk þess hyggst hún endurreisa „Trålstigen“ svokallaða: dreifingarkerfi þorsks milli haf- og strandflota, sem er breytilegt eftir stærð heildarkvóta Noregs. Hlutfallið lækkar í 27% fyrir togara þegar heildarkvóti þorsks er lítill en hækkar í 33% þegar hann er mikill.

Það sem er sérstaklega áhugavert við stefnubreytinguna er sú samfélagslega umræða sem hún hefur hrint af stað. Norska stórútgerðin orgar að sjálfsögðu eins og stungnir grísir og hótar öllu illu enda hafa norskir stórútgerðarmenn ekki farið í neinar grafgötur með það að þeir horfa öfundaraugum til íslenskra kvótakónga. En röksemdafærsla norsku ríkisstjórnarinnar er tvíþætt: 1) að núverandi úthlutun aflaheimilda sé óréttlát og 2) að togveiðiflotinn hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að tryggja byggð og atvinnu í sjávarþorpum.

Markmiðið er að stuðla að fjölbreyttum skipaflota þar sem minnstu bátunum sé ekki síður sinnt en þeim stærstu. Með því að saxa á forskot stórútgerðarinnar skal tryggja jafnræði milli útgerðarflokka og gera smábátaútgerð að raunhæfum atvinnumöguleika. Ef stórútgerðin treystir sér ekki til að axla ábyrgð á atvinnusköpun við sjávarsíðuna þarf að hleypa öðrum að sem eru færir um það.

### *Íslensk stjórnvöld í þveröfuga átt*

Strandveiðifélag Íslands hefur einmitt kallað eftir hugarfarsbreytingu sem þessari innan íslenskrar stjórnsýslu. Fiskveiðifloti Íslands er fjölbreyttur þar sem ýmis útgerðarform eru brúkuð til þess að sækja mismunandi tegundir sjávarfangs við fjölbreyttar vistfræðilegar aðstæður.

Kerfið verður að endurspegla og gera ráð fyrir fjölbreytileika og hlúa að ólíkum útgerðarformum og hafa opnar dyr fyrir fólk sem vill stunda sjóinn á eigin forsendum. Styrkja þarf hið svokallaða félagslega kerfi og þá sérstaklega strandveiðikerfið innan þess.

Smábátaveiðar eru mikilvægur hlekkur í því að styrkja brothættar byggðir og glæða sjávarpláss lífi á ný. Kosturinn við smábátaveiðar er að þær eru alfarið sjálf sprottin grasrótarlausn á byggðavandanum. Þar að auki eru þær algjörlega sjálfbær liður í því að styrkja brothættar byggðir. Þeim fylgir enginn kostnaður fyrir skattgreiðendur, þar sem smábátaflotinn leggur miklu meira til ríkisins en hann tekur út.

Engu að síður virðist stjórnsýslan vera föst í þeirri kreddu að einkaeign sé eina leiðin til að ná ábyrgri og sjálfbærri nýtingu auðlindar. Þess vegna má ekki hrófla við framseljanleika kvótans, auk þess sem best væri að sökkva strandveiðiflotanum.

Endrum og eins má þó heyra á stjórnvöldum að þeim ofbýður ofríki sægreifanna. Í kjölfar kaupa Síldarvinnslunnar á Vísi virtust íslensk stjórnvöld til dæmis taka við sér, í orði ef ekki á borði. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagðist hafa miklar áhyggjur af aukinni samþjöppun í sjávarútvegi og að endurskoða þyrfti regluverkið varðandi kvótaþak og tengda eigendur: „Síðan eðlilega hefur maður áhyggjur af áhrifum á byggðarlögin. Við erum auðvitað með sögu þar sem við höfum oft séð að hagræðing hefur ráðið för en ekki sjónarmið um samfélagslega ábyrgð eða byggðafestu. Þannig að ég hef líka áhyggjur af því.“ Katrín vitnaði í „ákvæði í lögum um fiskveiðistjórnunarkerfið um að auðlindin sé sameign þjóðarinnar“ máli sínu til stuðnings.

### *Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg*

Þrátt fyrir þetta og mörg önnur dæmi um blákalda hörku kvótakónganna (nægir þar að nefna síðastliðið haust þegar Síldarvinnslan lagði niður 30 störf á Seyðisfirði) þá hefur matvælaráðherra í umboði flokks forsætisráðherra lagt fram frumvarp sem boðar aukna samþjöppun í sjávarútvegi á kostnað nýliðunar og samkeppni.

Opna á 5,3% pottinn enn frekar fyrir stórútgerðinni. Tilgangurinn er augljóslega að smygla félagslega kerfinu inn í kvótakerfið bakdyramegin. Þá er það sturlun að potturinn skuli ekki lengur vera lögfestur heldur háður heimild frá ráðherra. Að sama skapi eru það algjör svik við smábátasjómenn að skerða strandveiðar með því að fella á brott heimild strandveiðiskipa til að landa ufsa án þess að sá afli teljist til hámarksafla.

Sú hugmynd að hækka kvótaþakið úr 12% í 15% mun hafa þær afleiðingar að örfáar fjölskyldur sitja uppi með nánast allar aflaheimildir með tilheyrandi blóðtöku sjávarbyggða. Eins er hin svokallaða „innviðaleið“ – þar sem heimildir sem áður runnu til sjávarbyggða eru leigðar út og leigutekjur renni til sveitarfélaga – ávísun á frekari skell fyrir brothættar byggðir. Í þeirri innviðaleið sem greinilega er stefnt að er einfaldlega verið að múta sveitarfélögum með þeirra eigin peningum. Er þeim þar með gert að gleyma fiskveiðum fyrir fullt og allt og sætta sig við að íbúar sjávarplássa eigi ekkert tilkall til hafsins og auðlinda þess.

Þetta er svívirðileg og siðlaus aðferð til þess að neyða íbúa sjávarplássa til að sætta sig við „orðinn hlut“. Það sést vel á þeim sjávarplássum sem ekki hafa farið illa út úr kvótabraski að besta leiðin til þess að styrkja byggðir í nálægð við fengsæl fiskimið er að leyfa þeim að sækja sjóinn. Eins og lesa má í umsögnum Tálknafjarðarhrepps, Vopnafjarðarhrepps, Skagastrandar og Vesturbyggðar um þetta frumvarp þá vita þessar innviðatillögur ekki á gott.

Spurningin sem stjórnvöld verða að svara er því þessi: hvers vegna horfa þau algjörlega framhjá 1. grein laga um stjórn fiskveiða? Þar stendur skýrum stöfum að eitt meginmarkmið laganna sé að tryggja „trausta atvinnu og byggð í landinu“. Stefnan ætti að vera: Ljós og líf í hverju húsi við ströndina.

*Höfundur er trillukarl og formaður Strandveiðifélags Íslands.*





# Nýlegir rafmagnaðir bílar




**Porsche Taycan 4S - 4x4**
2020 | Rafmagn | Ekinn 22 þ.km. | Sjálfsk.
**Verð: 13.990.000 kr.**




**Tesla Model 3 LR - 4x4**
2022 | Rafmagn | Ekinn 43 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 5.990.000 kr.**




**Cadillac ELR Plug-In**
2013 | Hybrid | Ekinn 79 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 2.990.000 kr.**




**Suzuki Across GLX Plug-In - 4x4**
2020 | Hybrid | Ekinn 76 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 5.390.000 kr.**




**Renault Captur E-Tech Plug-In**
2021 | Hybrid | Ekinn 59 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 3.290.000 kr.**




**Lexus UX300E Premium**
2021 | Rafmagn | Ekinn 17 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 5.190.000 kr.**




**Audi E-Tron 55 Quattro**
2019 | Rafmagn | Ekinn 53 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 6.490.000 kr.**




**Porsche Cayenne Plug-In - 4x4**
2018 | Hybrid | Ekinn 32 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 11.990.000 kr.**




**Tesla Model 3 LR - 4x4**
2022 | Rafmagn | Ekinn 26 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 6.290.000 kr.**




**Jaguar I-Pace S 400 - 4x4**
2020 | Rafmagn | Ekinn 34 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 6.990.000 kr.**




**Mercedes-Benz EQC 400 4Matic**
2022 | Rafmagn | Ekinn 25 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 8.490.000 kr.**




**Range Rover Sport P400 Plug-In - 4x4**
2020 | Hybrid | Ekinn 57 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 10.900.000 kr.**




**Opel Ampera-E**
2020 | Rafmagn | Ekinn 39 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 3.290.000 kr.**




**Opel Grandland X Plug-In - 4x4**
2021 | Hybrid | Ekinn 63 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 4.790.000 kr.**




**Opel Mokka**
2022 | Rafmagn | Ekinn 29 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 4.490.000 kr.**




**Mercedes-Bens C 300 E Plug-In**
2020 | Hybrid | Ekinn 26 þ.km. | Sjálfskiptur
**Verð: 5.790.000 kr.**

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

**Meira úrval á**
notadir.benni.is



**Bílabúð Benna** | Opið virkadaga 9 til 17 og laugardaga 12 til 16
| Krókháls 9 | 110 Reykjavík | 590 2035

Bílabúð Benna
Notaðir bílar



Læsanlegar átgrindur ættu að vera til í öllum fjósum þar sem gripir eru í lausagöngu. Mynd / Fremtiden Staldinventar



Allar burðarstíur ættu skilyrðislaust að vera með mannopum. Mynd / Anja Juul Freudendal

# Fjós geta verið hættulegir vinnustaðir

**Meðhöndlun á skepnum er líklega algengasta skýring þess að slys verða á fólki í landbúnaði og þetta á sérstaklega við um bændur sem búa með nautgripi enda vita auðvitað allir kúabændur að fjós geta verið hættulegir vinnustaðir, en það þarf nú þrátt fyrir það að sækja vinnuna kvölds og morgna og þess á milli eins og gengur.**



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Helstu ástæður þess að fjós geta reynst hættuleg sem vinnustaður er auðvitað fyrst og fremst vinnan við nautgripina sjálfa og þekkja vafalítið flestir bændur hér á landi til slysa eða óhappa á fólki, bæði smávægilegra sem og alvarlegra, þar sem nautgripir hafa komið við sögu. Þrátt fyrir að ávallt sé verið að rækta upp skapbetri gripi þá geta komið upp tilvik þegar nautgripirnir missa hreinlega stjórn á sér, eins og t.d. hefur komið fyrir nýbærur. Eins eru nautgripir vissulega þungir og það eitt og sér getur leitt til óhappa, svo sem þegar nautgripir troða sér einhvers staðar og starfsmaður lendir í klemmu svo dæmi sé tekið. Þrátt fyrir að framangreind vitneskja liggi fyrir, verða árlega slys á fólki í landbúnaði og sýna tölur erlendis frá að oft hefði mátt koma í veg fyrir slysin með einföldum hætti.

### *Helstu hættusvæðin*

Það er mikilvægt að gera sér vel grein fyrir því hvar helstu hættusvæðin, innan fjóss, eru og gera ráðstafanir til þess að minnka líkurnar á því að óhöpp verði. Þetta hefur verið skoðað nokkuð vel víða um heim og samkvæmt norskum upplýsingum þá eru helstu áhætturnar í fjósum tengdar við:

- Meðhöndlun á gripum
- Mjaltir
- Meðhöndlun fóðurs og fóðrun
- Þrif

Við þessa upptalningu má bæta fleiri atriðum og líklega margir sem hugsa til hræringar á mykju. Tilfellið er þó, sem betur fer, að ekki eru mörg slík slys skráð og vonandi flestir sem hafa hugfast þá hættu sem felst í rangri gasmyndun við meðhöndlun mykju.

### *Meðhöndlun gripa*

Kúabændur þurfa óhjákvæmilega að meðhöndla gripi daglega, færa þá á milli staða og/eða vinna með gripina eins og gengur og gerist. Algeng skýring slysa í fjósum er m.a. tengd við burð kúa, en mörg dæmi eru um slys og jafnvel banaslys vegna þess að kýr hafi misst stjórn á sér í kringum burðinn. Það eru í raun eðlileg viðbrögð kúa og mjög náttúruleg, það að verja afkvæmi sitt fyrir „árás“ og þó svo að þetta náttúrulega viðbragð kúa sé að mestu ræktað úr flestum stofnum þá koma stöku sinnum fyrir sterkir einstaklingar sem þarf að hafa varann á sér gagnvart. Hvert kúabú ætti því að vera vel útbúið stíum með mannopum og læsigrindum, svo unnt sé að hemja gripi sem þarf að vinna við og/eða forða sér auðveldlega út ef á þarf að halda.

Mannop, sem eru einfaldlega greið leið fyrir fólk út úr griparými, ætti að staðsetja í alla aðstöðu þar sem kúm er ætlað að bera sem og þar sem kýr eru almennt í lausagöngu. Þá ætti að hafa mannop í öllum stíum þar sem naut eru í eldi. Mannop eru vanmetin af mörgum og ekki einungis draga þau úr líkum þess að fólk lendi í óhöppum heldur auka þau verulega vinnuhagræði, þar sem mun einfaldara er að ganga um griparými þar sem mannop eru til staðar.

Læsanlegar átgrindur eru líka einkar hentugar þar sem nautgripir eru annars vegar enda hægt að læsa nautgripina fasta við fóðurgang sem gerir alla vinnu auðveldari svo sem ef setja á múl á grip, sprauta, klippa eða hvað það nú er sem stendur til að gera. Læsanlegar grindur eru einnig afar heppilegar til þess að halda eftir ákveðnum gripum, ef flytja þarf hluta þeirra í annað rými. Þá eru einfaldlega allir gripir læstir fyrst við fóðurgang og svo þeir sem þarf að flytja losaðir og þá er vinnan mun auðveldari heldur en ef allir gripir væru lausir og taka þyrfti grip eða gripi út úr hópnum. Það ættu því að vera til læsanlegar átgrindur í öllum fjósum nú til dags, tala nú ekki um í stíum hjá kvígum sem snarléttir sæðingavinnuna.

### *Mjaltir*

Helstu slysahættur við mjaltir eru líklega spörk, ástig og troðningur, þ.e. fólk lendir á milli grips og innréttinga. Á Íslandi eru mjaltaþjónar algengustu mjaltatækin og stundum verða óhöpp þegar verið er að koma þrjóskum kúm inn í mjaltaþjóninn eða vegna þess að ásetningararmur mjaltaþjóns veldur slysi á þeim einstaklingi sem er þar við vinnu.

Þá getur gólfið við mjaltaþjóninn, sérstaklega þeim megin sem gripirnir eru ekki, verið hált. Almennt þarf að hafa varann á sér á þessu vinnusvæði og er mikill kostur að vera með mannop beggja vegna mjaltaþjóns sem og að hafa vinnusvæðið aftan við mjaltaþjóninn með undirlagi á gólfinu sem er stamt en þó auðvelt að þrífa. Heppilegar gúmmímottur geta verið gagnlegar en geta orðið sleipar ef mjólkurleifar lenda á þeim svo hafa þarf varann á.

### *Meðhöndlun fóðurs*

Meðhöndlun fóðurs á kúabúum er auðvitað mjög fjölbreytt og mismunandi á milli búa hvaða tæknibúnaður er notaður. Almennt séð eru þó flestir bændur að nota einhver tæki eða tól sem geta valdið slysum. Því þarf að tryggja að rétt sé staðið að vinnunni og góð þumalfingursregla er að skoða vel aðstöðuna á búinu og gera áhættumat á því hvar hætturnar geti legið og þá jafnframt hvernig eigi að draga úr líkum á því að slys verði.

Liðléttingar eru nú orðið mikið notaðir í fjósum og eru til mörg dæmi um slys við notkun þeirra svo sem vegna ofhleðslu eða veltu. Reynsla Norðmanna af þessum tækjum sýnir að best sé að koma í veg fyrir slys vegna liðléttinga með því að tryggja rétta notkun og að aðstaðan bjóði ekki upp á slysahættu svo sem vegna akstur á römpum eða



Rykgrímur eru mismunandi að gæðum. Fyrir vinnu í fjósum ætti ekki að nota grímur sem eru með lægri rykstöðvunarstuðul en P2 og við háþrýstiþvott á að nota tegundir sem kallast P3.





**Mannop þarf að setja í þau rými þar sem gripir eru lausir. Þetta eykur bæði öryggi fólks og auðveldar einnig vinnuna.** Mynd / Anja Juul Freudendal

misfellum sem og að miða hleðslu við stærð tækisins. Sérstaklega þarf hér að huga að þyngdarpunkti liðléttingsins sem snarbreytist þegar þungu fóðrinu er lyft upp.

Undanfarin ár hafa margir kúabændur hérlendis komið sér upp fóðurblöndunarkerfum og eðli þessara kerfa er að þau hræra saman ólíkum fóðurefnum og oftar en ekki eru í þessum hrærum beittir hnífar sem skera niður gróffóður. Hnífana þarf að brýna reglulega og eru til mörg dæmi, erlendis frá, þegar orðið hafa alvarleg slys á fólki við þessa iðju. Oftast vegna þess að kerfin hafa verið gangsett á sama tíma og einhver er að vinna við hnífana. Afleiðingarnar eru því miður oftast mjög alvarlegar og mörg banaslys orðið vegna þessa. Því þarf að tryggja verkferla við þetta verk þannig að ekki sé með nokkrum hætti hægt að setja kerfið af stað, þegar þessi vinna fer fram. Skiptir þar engu máli hvort venjulega sé ekki nokkur annar sem á að koma að verkinu en reynslan sýnir að það er einmitt í slíkum tilvikum sem slysin verða. Fyrir einhverja tilviljun kemur einhver að og setur blandarann af stað með skelfilegum afleiðingum. Því er alltaf ráðlagt í dag að aftengja allan drifbúnað fyrir brýningu eða útskiptingu á hnífum.

Mörg önnur dæmi mætti nefna og þó svo að rúlluskerar séu líklega minna notaðir núorðið en áður, þá eru til dæmi um skurðarslys vegna rangrar notkunar skeranna og/eða bara óhappa. Öryggisskór eða stígvél með stáltá geta í einhverjum tilvikum dregið úr líkum á slysum vegna rúlluskera, þó það sé vissulega ekki tryggt.

Fallhætta í tengslum við meðhöndlun fóðurs er einnig til staðar, bæði vegna vinnu við og í sílóum, gryfjum o.fl. Hér ættu allir bændur að gera áhættumat og vera með verkferla sem draga úr líkum á slysum svo sem með því að hafa handrið þar sem þörf krefur og jafnvel nota líflínur.

***Þrif***

Síðasta atriðið sem hér verður tekið fyrir eru fjósþrifin en vegna eðli nautgriparæktar þarf að þrífa ansi oft og mikið. Smáar agnir í loftinu, sem koma til við þrifin, geta valdið bændum og starfsfólki á búum miklu tjóni og tilfelli lungnasjúkdóma eru nokkuð algeng meðal fólks sem starfar í landbúnaði.

Þetta er m.a. rakið til þess að oft er fólk ekki nógu passasamt við þrifin og ver ekki öndunarveginn vel, t.d. er algengt að háþrýstiþvo án þess að nota grímu og oft tengir fólk ekki vatnsúða við hættu. Rykagnir geta þó, með hinum örfínu dropum sem koma frá háþrýstiþvotti, borist djúpt niður í öndunarveginn með framangreindum afleiðingum. Þessar rykagnir innihalda oft lífræn efni og jafnvel örverur eins og bakteríur eða myglu. Sumar þessara örvera innihalda eða framleiða eiturefni sem geta einnig valdið ertingu í augum og eins og áður segir á öndunarfærum. Til lengri tíma litið getur þetta valdið ofnæmi, astma, berkjubólgu eða langvinnri lungnateppu. Allt eru þetta sjúkdómar sem eru langvinnir og alvarlegir. Þess vegna þarf að nota grímur þegar háþrýstiþvottakerfi eru notuð í fjósum og þessar grímur ættu að vera af svokölluðum P3 gæðum, þ.e. sérstaklega hannaðar til að stöðva lífrænar agnir. Almennt ætti ekki að nota grímur af minni gæðum en P2 í vinnu í fjósum þar sem talið er að þörf sé á grímunotkun.

Hér er ekki hægt að telja allt upp en best er að gera áhættumat, fara yfir það hvernig vinnan fer fram og skoða vel hvar mögulegar hættur eru til staðar. Þegar það hefur verið gert er svo næsta skref að gera ráðstafanir til þess að draga úr slysahættunni, hvernig sem það er gert.








## Bændablaðið á Instagram & Facebook





## VOPNABÚRIÐ STYRKIST

Þann 17. janúar 2022 var kunngert að hin verndandi genasamsæta fyrir riðuveiki, ARR, hefði fundist í fyrsta sinn í sauðfé á Íslandi. Þá var staðfest að á bænum Þernunesi við Reyðarfjörð væru fundnar 5 ær ásamt hrútnum Gimsteini 21-899 sem bæru ARR. Við greiningu á hjörðinni fundust 8 ARR ær til viðbótar.

Haustið 2022 voru til á Þernunesi 19 lambhrútar með ARR, flestir synir Gimsteins. Þrír hrútar voru valdir á sæðingastöð, nokkrir seldir á önnur bú og restin nýtt heima í Þernunesi.

Haustið 2023 hafði framboð ARR hrúta margfaldast. Þá voru 15 ARR hrútar frá 14 búum fengnir til notkunar á sæðingastöðvunum. Þeir voru vel nýttir en 17.271 ær voru skráðar með sæðingu við ARR hrútum samkvæmt Fjárvís.is. í janúar 2024. Ásettir ARR lambhrútar á búum vítt og breitt um landið eru nú 622 auk þeirra er á stöðvunum standa. Áætla má að haustið 2024 verði nálægt 10.000 lambhrútar til í landinu sem bera samsætuna.

Allir ARR hrútar landsins í dag eru undan gripum frá Þernunesi nema einn og vissuleg felst í því talsverð áskorun. Þessi eini hrútur sem ekki rekur ættir í Þernunes er Vörður 23-459 frá Vífilsdal. Vörður var notaður á 37 fullorðnar ær á síðustu fengitíð. Því má ætla að næsta haust gætu komið til álita undan honum 15 ARR hrútar.

Saga ARR á Íslandi er rétt að hefjast en mikið hefur þó áunnist á þeim tveim árum sem eru síðan fyrstu ARR gripirnir fundust. Ekki má gleyma því að vopnabúrið sem ræktendur búa yfir styrkist talsvert þegar nokkrar arfgerðir voru skilgreindar sem mögulega verndandi (breytileikarnir T137, C151 og H154) síðastliðið haust. Og nú styrkist vopnabúrið enn á ný þegar ný ættlína ARR hefur fundist með Vörð frá Vífilsdal í broddi fylkingar.

# Fjársjóður fundinn í Dölunum

## – Ný ættlína ARR kinda finnst í Vífilsdal

**Þann 26. janúar sl. var staðfest að fundin er ný uppspretta af ARR genasamsætunni, sem veitir vörn gegn riðuveiki í sauðfé.**



Eyþór Einarsson.

Þessi genasamsæta fannst fyrst hér á landi í janúar 2022 á Þernunesi við Reyðarfjörð. Síðan þá hafa verið greind sýni úr fjölmörgum gripum víðs vegar um land en ekki fundist meira ARR nema í afkomendum Þernuneshrútanna. Því er ljóst að tíðni þessarar genasamsætu er afar lág í stofninum enda lengst af talið að hún fyrirfyndist ekki í sauðfé hér. Þessi nýja ættlína vekur þó von um að hún geti leynst í fleiri hjörðum á landinu. Það að nú sé komin fram önnur ættlína með ARR er mikill happafengur fyrir ræktunarstarfið og mun auðvelda verkefnið sem fram undan er, að innleiða verndandi arfgerðir hratt og vel í fjárstofninn í landinu.



Gullbrá 16-189 frá Vífilsdal býr yfir hinni fágætu ARR genasamsætu. Mynd / Hörður Hjartarson




***Vörður 23-459 og Gullbrá 16-189***

Á bænum Vífilsdal í Hörðudal, Dalasýslu fannst ARR genasmsætan óvænt í haust í lambhrút. Það sem gerði niðurstöðuna óvænta var að hrúturinn á ekki að vera undan Þernuneshrútunum og því vöknuðu spurningar um hvort lambið væri rangt feðrað eða ný uppspretta af ARR samsætunni væri fundin. Nú er búið að tvígreina sýni úr móður hrútsins, Gullbrá 16-189, og þar með staðfesta að fram er kominn nýr ættbogi sem býr yfir þessari fágætu genasamsætu.

Gullbrá er kollótt og hreinhvít að lit. Faðir hennar er Baggi 12-441 sem var kaupahrútur frá Ragnari og Sigríði á Heydalsá. Faðir Bagga, Strengur 09-891, og móðurfaðir, Bogi 04-814, eru þekktir sæðingastöðvahrútar sem vitað er að ekki báru ARR. Baggi er ógreindur og á ekki fleiri lifandi afkvæmi en Gullbrá. Hins vegar eru til afkomendur hans. Frekari greiningar á hjörðinni gætu því hugsanlega varpað ljósi á það hvort Gullbrá erfir ARR í gegnum Bagga frá Heydalsá eða hvort móðurætt hennar hafi búið yfir því.

Móðurætt Gullbrár má rekja í beinan móðurlegg sex ættliði aftur í Fjárvís.is, í ána Dunu H 82-076 frá Vífilsdal. Duna var hyrnd en H í nafni hennar staðfestir það. Móðurætt Gullbrár er talsvert innblönduð af sæðingahrútum, bæði hyrndum og kollóttum. Einn kauphrút er að finna í ættartrénu en það er Golsi 02-346 frá Háafelli í Miðdölum. Þeir stöðvabekrar sem næstir henni standa eru Bogi 04-814 frá Heydalsá (MFF), Bjargvættur 97-869 frá Jaðri (MMFF), Eir 96-840 frá Smáhömrum (MFMFF), Hnykkur 91-958 frá Skeiðháholti (MFMMFF og MMMFF) og Askur 97-835 frá Svínafelli (MMFMMF). Lengra aftur má finna þá Sólon 93-977 frá Heydalsá, Kokk 85-870 frá Hesti, Odda 85-922 frá Hjarðarfelli, Stúf 81-994 frá Hesti, Þribba 80-849 frá Steinstúni og Lalla 79-813 frá Hjallanesi 2. Fremur ólíklegt verður að teljast að ARR hafi dreifst með sæðingum, a.m.k. í seinni tíð og því er það spennandi ráðgáta hvaðan samsætan er komin.

Gullbrá er farsæl ær sem verður átta vetra nú í vor, bæði frjósöm og mjólkurlagin. Hún átti þó ekki lamb veturgömul. Hún hefur verið þrisvar sinnum tvílembd og þrisvar sinnum þrílembd en Vörður er fæddur þrílembingur. Hún stendur nú í 6,9 afurðastigum.

Vörður 23-459, sem erft hefur ARR frá Gullbrá móður sinni er sonur Tóns 18-855 frá Melum. Það er skemmtileg tilviljun að fyrsti hrúturinn sem fannst í Þernunesi, Gimsteinn 21-899 var einnig undan hrút frá Melum í Árneshreppi en hvorugur þessa hrúta hefur þó fengið ARR frá föður sínum. Vörður er prýðilega gerður hrútur. Við skoðun í haust vó hann 50 kg, mældist 107 mm á legg og mældist með 33 mm þykkan bakvöðva. Hann stigaðist upp á 86,5 stig og þar af 18,5 fyrir læri. Hann stendur sterkur í kynbótamati fyrir alla eiginleika.

***Vífilsdalur og uppruni fjárins***

Í Vífilsdal standa fyrir búi þau Hörður Hjartarson og Elín Jónsdóttir. Þar er rekið myndarlegt fjárbú með tæplega 500 vetrarfóðrum kindum. Hörður tók við fénu af föður sínum sem bjó í Fremri-Vífilsdal. Síðar var Fremri-Vífilsdalur sameinaður Neðri-Vífilsdal og heitir jörðin Vífilsdalur í dag. Í Dölunum var að hluta til skorið tvisvar niður vegna mæðuveikinnar. Í seinna skiptið var það árið 1963 vegna þurramæði og var þá skorið í Suðurdölum (Haukdal, Miðdölum og Hörðudal) og sá hluti hólfsins afmarkaður í kjölfarið. Í hið nýja Suðurdalahólf kom fjárskiptafé haustið 1964. Það fé var aðalega sótt í Miðfjarðarhólf. Í Miðdalahreppinn, sem var einn þeirra þriggja hreppa sem stóðu að fjárskiptunum, komu einnig nokkur lömb austan úr Mýrdal en hrútar upprunnir þaðan koma fram á hrútasýningum haustið 1965 í Dölunum. Í Vífilsdal, sem þá tilheyrði Hörðudalshreppi, kom fjárskiptaféð aðallega frá þremur búum í Hrútafirði; Melum, Bálkastöðum og Brandagili. Auk þess gætu hafa komið hrútlömb frá fleiri bæjum en staðfesting á því liggur ekki fyrir. Um það bil 16 árum áður en þessi fjárskipti áttu sér stað var skipt um fé í Miðfjarðarhólfi og það fé var fengið frá Vestfjörðum. Má því ætla að grunnurinn að stofninum í Vífilsdal sé Vestfjarðafé.

***Frekari leit að ARR***

Næstu skref eru að kortleggja hjörðina í Vífilsdal en tiltölulega fáir gripir eru arfgerðargreindir þar í dag. Niðurstaðan úr þeirri skoðun mun vonandi gefa frekari vísbendingar um það hvert sé vænlegast að horfa varðandi frekari leit að ARR. Hver ný hjörð sem uppgötvast sem ný uppspretta ARR er mikils virði fyrir ræktunarstarfið í landinu og mun geta leitt til þess að innleiðing á ARR genasamsætunni geti gengið hraðar en áætlanir hafa gert ráð fyrir.

Á næstu dögum verður opnað fyrir pantanir hjá RML á sýnatökubúnaði vegna arfgerðargreininga fyrir árið 2024 og fyrirkomulag kynnt. Vonandi munu Dalamenn, sem og aðrir, verða duglegir við sýnatökur á árinu. Ef skoðað er eftir sýslum hve hátt hlutfall lifandi kinda (ær og hrútar) eru arfgerðargreindar, liggur það á bilinu 4% til 32%.

Þetta hlutfall er í Dalasýslu 5% og því ljóst að þar geta leynst óuppgötvaðir gullmolar. Í því sambandi er rétt að undirstrika að mikilvægast er að allir hrútar séu greindir.

*Höfundur er ráðunautur á búfjárræktar- og þjónustusviði.*





Gamall einir á Hólasandi. Sá stærri gæti verið á aldur við þann elsta sem þar fannst og reyndist um 280 ára gamall, elsta tré á Íslandi.
Mynd / Pétur Halldórsson

# Einir *(Juniperus communis)*

**Einir telst til grátviðarættar sem reyndar er líka kölluð ýmist einiætt, lífviðarætt eða sýprusætt. Einir er hægvaxta barrviður með einkennandi aldinum og fíngerðum en beittum barrnálum.**

Nálarnar standa saman þrjár og þrjár á greinunum ef vel er skoðað. Einir er útbreiddasta barrtrjátegund í heiminum og vex um stóran hluta norðurhvels jarðar. Þótt allt sé þetta flokkað sem sama tegundin eru skilgreindar allnokkrar deilitegundir af eini enda fjölbreytnin innan tegundarinnar talsverð.

Tegundin vex við ýmiss konar skilyrði og aðstæður, allt upp í 2.400 metra hæð yfir sjó. Ein deilitegund vex jafnvel ofan trjámarka í fjallgörðum meginlands Evrópu og austur til Síberíu. Hjá okkur er einirinn eina barrtréð sem vex villt á landinu. Hann er fremur algengur um mestallt land en samkvæmt Flóruvefnum er þó lítið af honum í Húnavatnssýslum, Rangárvallasýslu og vestanvert í Skaftafellssýslu. Útbreiðslan er allnokkuð slitrótt. Einir er harðgerður, getur þrifist í rýrum jarðvegi og þolir vel bæði kulda og næðing. Hins vegar er hann ljóselskur og líður best þar sem hann fær ríkulega birtu. Í skógarskugga verður hann gjarnan uppsveigður.

Fyrir okkur Íslendingum er einirinn lágvaxinn, jafnvel jarðlægur runni en til eru í heiminum deilitegundir sem ná gjarnan um tíu metra hæð. Af því að tegundin verður meira en fimm metra há einhvers staðar á útbreiðslusvæði sínu telst hún til trjátegunda, þar með á Íslandi. Hæstu einitré sem þekkjast eru um sextán metra há en slíkt er sjaldgæft. Á Íslandi eru skilgreindar tvær deilitegundir einis, J. communis spp. communis og J. communis spp. nana. Hefur sú fyrrnefnda meiri tilhneigingu til að teygja sig upp í loft. Hin er jarðlægari eða dvergvaxnari eins og deilitegundarheitið nana gefur til kynna. Ekki er þó með öllu víst að þessi flokkun stæðist nánari skoðun en það yrði erfðagreining að leiða í ljós. Til eru dæmi um mannhæðarháan eini hérlendis, til dæmis bæði í Fnjóskadal og á Þórsmörk. Sá hæsti sem vitað er um vex innan um birki í Bakkaselsskógi í Fnjóskadal. Hann er uppsveigður og tveggja metra hár en lengsti stofninn um þrír metrar á lengd. Jafnvel er mat sumra að slíkur einir sé farinn að teygja sig meira upp í loftið með hlýnandi loftslagi þótt ekki sé það staðfest með vissu.

Einir hefur mjög sérstakan ilm. Ilmolíur úr eini hafa víða verið notaðar frá fornu fari í ýmsum tilgangi, meðal annars til lækninga. Einiberin eru notuð sem bragðefni við framleiðslu á gini en líka sem krydd. Reyndar er strangt tiltekið ekki rétt að tala um ber því þetta eru í raun könglar, stundum kallaðir berkönglar. Könglar myndast á eini rétt eins og á öðrum barrtegundum en einiberin verða til með því að þrjú efstu blöð köngulsins tútna mjög út. Neðri blöðin eru aftur á móti mjög smágerð og birtast okkur sem eins konar varta neðan á berinu. Einiberin standa græn á greinunum ári eftir að frjóvgun á sér stað en á þriðja ári ná þau fullum þroska og verða dökkblá. Algengt er að sjá bæði græn og blá einiber á sömu plöntunni. Einir er sérbýlisplanta þannig að plönturnar eru annað hvort karlkyns eða kvenkyns.

Einir getur orðið mjög gamall, sérstaklega karlplönturnar sem vitað er til að hafi náð meira en tvö þúsund ára aldri. Fyrir fáeinum árum kom í ljós að elsta tré á Íslandi sem vitað er um væri einir á Hólasandi norðan Mývatnssveitar. Þar tókst með hjálp víðsjár að telja 250 árhringi í stofni og töldu sérfræðingar að bæta mætti þrjátíu árum við þá tölu. Elsta tré á Íslandi er því á að giska 280 ára gamalt. Áður höfðu birkitré í Hallormsstaðaskógi verið álitin elstu tré landsins, um 200 ára gömul. Einir hefur því þraukað á Hólasandi þrátt fyrir að landið blési þar upp og breyttist í auðn á 19. og 20. öld. Þeir eru til vitnis um horfið gróðurlendi á svæði sem nú er unnið við að græða upp.

Einiviður verður seint til mikilla nytja á Íslandi en í löndum þar sem finna má stórvaxnari einitré er hann eftirsóttur í ýmsa sérsmíði, einkum smærri nytjahluti eins og hnífsköft, smjörhnífa og sleifar en líka ýmsa skrautmuni. Vegna þess hve viðurinn er þéttur og stutt milli árhringja verður hann mjög stöðugur og sterkur. Sérstakur ilmurinn endist líka mjög lengi. Eftirsóttastur er viðurinn úr viðarnýrum sem myndast geta á eini eins og ýmsum öðrum trjátegundum. Slíkur viður af eini er mjög skrautlegur og harður enda nýttur í margvíslega gripi og skart.

---

*Pétur Halldórsson*
*kynningarstjóri.*






**Skaftárhreppur**

### Auglýsing um skipulagsmál

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 28. janúar 2024 að auglýsa breytingu á eftirfarandi deiliskipulagi:
**Breyting á deiliskipulagi fyrir Ása 1, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010**
Gerð er breyting á uppdrætti og greinargerð þar sem lóð er stækkuð, bætt er við nýjum byggingarreit fyrir tvær byggingar og skilmálar uppfærðir.
Tillagan mun liggja frammi til kynningar á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4, á skrifstofutíma sveitarfélagsins frá 2. febrúar til og með 15. mars 2024. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á www.klaustur.is og undir www.skipulagsgatt.is.
**Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustri eða á netfangið klaustur@klaustur.is.**

Sveitarstjóri Skaftárhrepps






Íslenski sauðfjárstofninn er erfðafræðilega einstaklega fjölbreyttur. Myndir / ke




Kortið sýnir hvar breytileikarnir T137 og R171 (ARR) fundust upphaflega. Allar þessar uppsprettur eru ótengdar hve annarri – nema í Miðfjarðarhólfinu.

# Útrýmum riðuveiki, ræktum 18 verndandi arfgerðir!

**Lengi héldu margir að ARR væri ekki til í sauðfjárstofninum – einangrunin átti að hafa takmarkað fjölbreytileikann, sem mér fannst reyndar aldrei sannfærandi rök. Fyrir tveimur árum fannst það samt. Þá héldu margir að Þernunes væri kannski eini bærinn með „upprunalegt“ ARR í landinu. Núna kom í ljós að þeir eru að minnsta kosti tveir, meira að segja hvor sínum megin í landinu – Vífilsdalur bættist við. Stórglæsilegar fréttir!**



**Karólína Elísabetardóttir.**

En þetta kemur í rauninni ekki alveg á óvart: Grænlenska féð – sem byggir að langmestu leyti á gömlum íslenskum stofni fyrir mæðiveiki-niðurskurði – er með nákvæmlega sömu breytileikana og íslenski stofninn (plús T112 í mjög litlum mæli sem hefur ekki fundist hér á landi), en ARR ( = R171) og T137 eru miklu algengari á Grænlandi. Þess vegna er ég að vona að ARR sé eðlilegur hluti upphaflega íslenska stofnsins líka.

Stofninn er einstaklega fjölbreyttur varðandi liti, hornafjölda og annað sem er útlitstengt, en hann býr einnig yfir að minnsta kosti 28 mismunandi arfgerðum príongensins. Ekki nóg með það, 18 þeirra teljast verndandi eða „mögulega verndandi“ og 2 lítið næmar fyrir riðusmiti! Þar með verður auðvelt að útrýma riðuveiki á Íslandi – og varðveita samt fjölbreytileikann í stofninum, ef allir taka í sama streng.

Þetta mat byggir á umfangsmiklum lykilrannsóknum með aðkomu reyndustu riðusérfræðinga á alþjóðavísu. Skýrsla með niðurstöðum þeirra má finna ásamt útskýringum á RML-heimasíðunni: www.tinyurl.com/ridurannsoknir

***Af hverju ekki bara nota eingöngu ARR?***

ARR eða R171 er þekktasti verndandi breytileikinn. Af hverju ekki nota eingöngu hann – eins og hefur verið gert í öðrum löndum með góðum árangri?

- Langflest sauðfjárkyn voru strax í upphafi með talsvert hlutfall ARR-gripa. Svo er hins vegar ekki á Íslandi – þótt það leynist greinilega víðar en gert var ráð fyrir, er ólíklegt að hlutfallið í stofninum sé meira en 1%.
- Hins vegar sýna ofangreindu rannsóknirnar fram á að fleiri breytileikar og arfgerðir stofnsins búa yfir mikilli vernd gegn íslensku riðusmiti: T137, C151 og H154 ( = AHQ) eru sterkastir og núna kallaðir „mögulega verndandi“; en líka N138 er talsvert betra en villigerð ARQ (áður kölluð „hlutlaus“) eða auðvitað V136 ( = VRQ eða áhættugerð).
- Smitefnið eða mismunandi riðustofnar („scrapie strains“) geta með tímanum aðlagast breytileikum/arfgerðum; margt bendir til þess að á Íslandi séu að minnsta kosti tveir ólíkir stofnar virkir – annar þeirra á auðvelt með að smita ARQ/ARQ en erfitt með að smita VRQ/VRQ (sem telst t.d. í Englandi langnæmast). Ástæðan gæti verið að ARQ/ARQ hefur verið í langan tíma langalgengasta arfgerðin á Íslandi. Ekki er útilokað að riðustofn aðlagist einhvern tímann ARR/ARR ef lítið annað er eftir. Hins vegar er svo gott sem útilokað að riðustofn sigri á sama tíma ARR, T137, C151 og H154 í öllum hugsanlegum samsetningum. Því fjölbreyttara sem „arfgerðalandslagið“ er, því ólíklegra er að smitefnið aðlagast.
- Og eins og ég nefndi í upphafi: Í erfðafræðilegum fjölbreytileika felast ómetanleg verðmæti sem önnur lönd öfunda okkur af og sem má ekki stefna í voða að óþörfu.

| | |
|---|---|
| T137 + | T137 |
| | N138 |
| | C151 |
| | H154 (AHQ) |
| | R171 (ARR) |
| | villigerð (ARQ) |
| N138 + | N138 |
| | ARQ |
| C151 + | C151 |
| | N138 |
| | H154 (AHQ) |
| | R171 (ARR) |
| | villigerð (ARQ) |
| H154 (AHQ) + | H154 (AHQ) |
| | N138 |
| | R171 (ARR) |
| | villigerð (ARQ) |
| R171 (ARR) + | R171 (ARR) |
| | N138 |
| | villigerð (ARQ) |

| | |
|---|---|
| verndandi | |
| mögulega verndandi | |
| lítið næmt | |
| fínt í dag en ætti að | hverfa seinna |

*Staða: janúar 2024*

**Staða í janúar 2024. Tafla yfir allar verndandi, mögulega verndandi og lítið næmar arfgerðir.**

***Vincent: „Mistök að ESB einblíni eingöngu á ARR“***

Dr. Vincent Béringue, einn helsti riðusérfræðingur heims með sérstaka þekkingu á sviði næmismats, kallaði það „mistök“ að önnur lönd hafi einblínt á ARR eingöngu og benti á Ítalíu þar sem T137 hefur reynst eins verndandi. Á fræðsluhringferð sl. haust kynnti hann bæði niðurstöður úr lykilrannsókninni sinni fyrir bændum og tók skýra afstöðu varðandi nýju möguleikana á grunni hennar.

Ísland gæti að hans mati verið



Forystufé er ekki alltaf hyrnt og ekki alltaf með áhættuarfgerð eins og sumir halda – AHQ hefur alltaf verið til í því og nú er verið að rækta inn ARR og T137 líka.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



**Lengi blés hressilega á móti íslenska fénu hvað riðumál varðar – en: Öll él birtir upp um síðir, nú eru komnar betri tíðir.**

brautryðjandi með nýju ræktunarstefnuna sína að stóla á mismunandi verndandi breytileika og alls konar samsetningar þeirra.

Yfirdýralæknir er nú þegar búinn að taka tillit til þessarar nýju þekkingar og í fyrsta skipti fengu kindur að lifa sem eru með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir þegar skorið var niður á Stórhól. Með árunum mun koma meiri reynsla á „nýju“ arfgerðirnar og rannsóknir halda áfram allan þennan tíma. Náttúran býður aldrei upp á 100 prósent öryggi, hún krefst alltaf sveigjanleika og vilja til að aðlagast nýjum aðstæðum – og þekkingu. Á þennan hátt getum við stöðugt aðlagað ræktun og reglugerðir og náð hámarks árangri.

### *Uppsprettur „mögulega verndandi“ arfgerða*

Kortið sýnir hvar breytileikarnir T137 og R171 (ARR) fundust upphaflega. Allar þessar uppsprettur eru ótengdar hver annari – nema í Miðfjarðarhólfinu.

C151 var til dæmis að finna í sæðingahrútunum Húni frá Hesti (fæddur 1992), Bolla frá Miðdalsgröf (greinilega komið frá Bollu, mömmu hans), sem var kollóttur, og Máv frá Mávahlíð, sem var hyrndur. Langflestar núlifandi kindur með þennan breytileika rekja ættir til þessara hrúta, en það virðast fleiri uppsprettur til. Það borgar sig að arfgerðagreina afkomendur þeirra.

H154 (eða AHQ), áður fyrr kallað „verndandi“, þá kallað „lítið næmt“, í dag kallað „mögulega verndandi“, er útbreiddastur af öllum verndandi/mögulega verndandi breytileikum. Þónokkrir bændur fóru að rækta hann, ekki síst í Skagafirði – frægasta búið er örugglega Ytra-Vallholt þar sem stofninn samanstendur nærri eingöngu af kindum sem bera þennan breytileika, sem er einsdæmi. N138 var og er að finna í u.þ.b. 10% stofnsins. Þessi breytileiki er blár í dag, „lítið næmur“, það þýðir að hann er



**Á hringferð. Vincent Béringue fylgdist spenntur með forystufé í Sandfellshaga í haust.**

talsvert betri en villigerðin ARQ þótt ekki sé hægt að kalla hann (mögulega) „verndandi“.

Umfangsmiklar rannsóknir í Hollandi hafa sýnt fram á að riða getur ekki breiðst út lengur þegar stofninn er kominn með 70% verndandi arfgerðir – og verndandi þýðir í þessu tilfelli ARR/ARQ. Ég er heilt yfir séð alveg sammála ræktunarmarkmiðum fagráðs í sauðfjárrækt eins og þau voru kynnt í haust; þau byggja á þessum tölum. Stefnt skuli að því að allur stofninn beri lítið næmar eða verndandi arfgerðir eftir 20 ár í síðasta lagi og þar af að lágmarki 75% beri verndandi arfgerðir. Mig langar að bæta við að helst ætti ekki að vera neitt gult (villigerðin ARQ) eða rautt (V136 eða VRQ) eftir í stofninum – nema kannski örfáar kindur í hólfunum fjórum þar sem aldrei hefur komið upp riða – þótt arfgerðir samansettar úr grænni og gulri genasamsætu geti verið verndandi. Betra er að hafa blátt í staðinn ef grænt er ekki í boði.

Þegar við erum komin það langt, ætti riðuveiki að vera úr sögunni, alveg sama hversu mikið af smitefninu leynist í umhverfinu. Og á sama tíma er stofninn þá eins fjölbreyttur og hann er í dag, bara með örlítið öðruvísi áherslur.










## Loftslagsvænn landbúnaður:

# Heimsókn í Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum og Hólsgerði í Eyjafirði

**Árlega hittast þátttakendur og leiðbeinendur í Loftslagsvænum landbúnaði á einhverju þátttökubúanna. Þetta er mikilvægur þáttur í verkefninu þar sem bændur læra hver af öðrum og fá fræðslu frá ráðgjöfum um þætti sem geta haft áhrif á búreksturinn.**


Berglind Ósk Alfreðsdóttir.

Í sumar buðu Aðalbjörg Ásgeirsdóttir og Eyvindur Ágústsson þátttakendum í heimsókn að Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum og Sigríður Bjarnadóttir og Brynjar Skúlason gerðu slíkt hið sama í Hólsgerði í Eyjafirði. Þátttakendur velja á hvorn staðinn þeir mæta, eftir því sem hentar betur hvað varðar staðsetningu og tímasetningu.


Þátttakendur og leiðbeinendur hittust í Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum í sumar. Myndir / Bjarki Sigursveinsson

***Loftslagsvænn landbúnaður***

Loftslagsvænn landbúnaður er samstarfsverkefni Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, Lands og skógar, matvælaráðuneytisins og umhverfis-, orku- og loftslags- ráðuneytisins. Markmið hans er að auka þekkingu bænda á loftslags- og umhverfismálum, með fræðslu og ráðgjöf. Bændur setja sér markmið og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og vegna landnýtingar, ásamt því að auka kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri. Í verkefninu eru nú 56 þátttökubú í sauðfjárrækt, nautgriparækt og nú í haust bættust við grænmetisbændur sem stunda útiræktun grænmetis. Í loftslagsvænum landbúnaði er leitast við að minnka kolefnisspor samhliða því að hagræða í rekstri.

***Stóra-Mörk undir Eyjafjöllum***

Í Stóru-Mörk er búið með nautgripi, bæði til mjólkur- og kjötframleiðslu en einnig með sauðfé og enn fremur er þar rekin ferðaþjónusta. Bændurnir þar hafa verið þátttakendur í Loftslagsvænum landbúnaði frá árinu 2020 og unnið að markmiðum sem m.a. miða að því að minnka notkun tilbúins áburðar án þess að skerða magn uppskeru og fóðurgæði, sá niturbindandi plöntum í allar nýræktir á búinu og minnka olíunotkun.

Í Stóru-Mörk er unnið mjög öflugt landgræðslustarf og hlutu þau sem þar búa m.a. landgræðsluverðlaunin 2021. Þau hafa markvisst unnið að því að bæta ástand illa gróins lands og nú er markmið þeirra að endurheimta birkiskóg á Merkurnesi.


Þátttakendur og leiðbeinendur hittust í Hólsgerði í Eyjarfirði í sumar.

Dagurinn byrjaði á því að Aðalbjörg og Eyvindur sögðu frá búrekstrinum, sögu bæjarins og þeim áskorunum sem þau standa frammi fyrir í sínum rekstri. Þau hafa nýverið sameinað jarðirnar og reksturinn í Stóru-Mörk I og III. Þau hafa verið mjög öflug í uppgræðslu og Stóra-Mörk er eitt af fáum búum sem hefur verið í verkefninu Bændur græða landið frá upphafi. Fyrir hádegi var mikil áhersla lögð á túnrækt og uppgræðslu, hvað hægt sé að gera til þess að auka og bæta uppskeru. Ráðunautar lögðu m.a. áherslu á að bændur taki jarðvegssýni til þess að þekkja samsetningu og sýrustig jarðvegarins, velji rétt yrki og noti smára til þess að auka niturbindingu í jarðveginum.

Eftir hádegi var Símonarskógur í landi Dalssels skoðaður þar sem skógræktarfulltrúi sýndi umhirðu í nýskógrækt, m.a. snyrtingu og toppaklippingar.

Síðan var farið á Geitasand á Rangárvöllum þar sem fjallað var um áhrif ólíkra tegunda og samsetningar af lífrænum áburði á uppgræðslu, en þar eru í gangi tilraunir þar sem borin eru saman áhrif mismunandi lífrænna efna á gróðurframvindu á rýrum mel.

***Hólsgerði í Eyjafirði***

Í Hólsgerði er rekið sauðfjárbú og þar er þess utan mjög mikil áhersla lögð á skógrækt, þá sérstaklega nytjaskógrækt en einnig eru skjólbelti mikið notuð til þess að skýla búfé og ræktarlandi.


Valdimar Reynisson skógræktarráðgjafi sýnir umhirðu nýskógræktar.

Frá því að Sigríður og Brynjar fluttu í Hólsgerði hefur fjölskyldan verið samhent í að rækta skóg, en skógræktarsvæðið var að hluta frekar rýrt og illa farið vegna ofbeitar en er nú skógi vaxið. Þau hafa verið þátttakendur í Loftslagsvænum landbúnaði frá árinu 2020. Þau hafa m.a. sett sér markmið um bætta nýtingu á búfjáráburði, ræktun smára í túnum og fara sparlega með


Túnrækt, val á yrkjum og notkun á smára var sérstaklega rædd.




Gestgjafar buðu upp á ketilkaffi við komuna í Hólsgerði.


Brynjar Skúlason segir frá skógrækt á jörðinni.


Anna Bau segir frá jarðræktartilraunum á Geitasandi.

olíu ásamt því að auka afurðir með góðri frjósemi og beit.

Í Eyjafirði byrjaði dagurinn með heimsókn í jarðgerðarstöðina Moltu þar sem Kristján Ólafsson framkvæmdastjóri og Hermann Ingi Gunnarsson, sem hefur mikla reynslu og þekkingu af notkun moltu í túnrækt, sýndu hópnum framleiðsluferlið og ræddu um notkun moltunnar.

Þegar komið var í Hólsgerði tóku Brynjar og Sigríður á móti hópnum og buðu upp á ketilkaffi á meðan þau sögðu frá bænum, sögu hans, rekstri og umhverfis- og loftslagsaðgerðum. Brynjar er menntaður skógfræðingur og hefur mikla þekkingu ásamt reynslu af skógrækt, sem hann miðlaði til þátttakenda. Hann kynnti allt ferli skógræktar, s.s. gróðursetningu, áburðargjöf, umhirðu og nýtingu skógarafurða, en þau hjónin eru m.a. að undirbúa að klæða íbúðarhúsið á jörðinni með veggskífum úr trjám sem þau hafa ræktað.

*Höfundur er verkefnastjóri Loftslagsvæns landbúnaðar.*









### Jarðvegsefnagreiningar:

# Grunnur að áburðarráðleggingum og niðurstöður síðustu ára

**Ein leið til að áætla magn næringarefna sem þarf að bera á ræktarland, er að vita hvað jarðvegurinn geymir.**



Sigurður Max Jónsson.

Jarðvegsefnagreiningar gefa upplýsingar um sýrustig (pH) jarðvegs og magn auðleystra plöntunæringarefna sem eru svo nýttar í gerð áburðaráætlana og til að áætla áburðarþarfir og þörf á kölkun. Plöntunæringarefnin sem eru mæld í jarðvegsefnagreiningum hér á landi eru aðalnæringarefnin fosfór (P), kalsíum (Ca), magnesíum (Mg) og kalíum (K), og á síðustu árum var snefilefnunum mangan (Mn), sink (Zn) og kopar (Cu) bætt við, sem nýtast til að byggja undir ráðleggingar á snefilefnum í framtíðinni. Auk þess er rúmþyngd jarðvegsins mæld sem gefur vísbendingar um jarðvegsgerð en það er samt ekki nákvæm mæling.

Til að betrumbæta og auka við upplýsingar sem jarðvegsefnagreiningar gefa ákvað RML að bæta við nýja mælingu á jarðvegssýnum, svokallaða glæðitapsmælingu sem er til mikilla bóta fyrir. Köfnunarefni (N) hefur ekki verið hluti af stöðluðum jarðvegsefnagreiningum hér á landi þar til í fyrrahaust vegna þess að nokkuð dýr tæki þarf til þess að mæla N í jarðvegi. Hins vegar hafa niðurstöður nýlegra rannsókna sýnt að hægt er að nálgast N í jarðvegi með aðferð sem nefnist glæðitap, sem er miklu ódýrari og auðveldari í framkvæmd.

Í stuttu máli þá er glæðitap mæling á lífrænu innihaldi jarðvegs sem nýtist líka sem óbein mæling á köfnunarefni því mjög sterkt samband er á milli lífræns efnis og N í jarðvegi. Þessi mæling er mikilvæg til að meta grunnfrjósemi lands ásamt því nýtast til að styrkja ráðleggingar varðandi köfnunarefnisþörf ræktarlands í gras- og kornrækt.

Ólíkt niðurstöðum frá öðrum plöntunæringarefnum þá mælir glæðitap heildarhlutdeild köfnunar- efnis í jarðvegi en ekki bara plöntuaðgengilegan hluta þeirra. Því þarf að nálgast með útreikningum hversu mikið köfnunarefni í jarðveginum verður aðgengilegt plöntum á vaxtartímabilinu.

**Niðurstöður jarðvegssýna frá árunum 2019-2023 skipt upp í landshluta (Meðaltal)**

| Landshluti | Ár | fjöldi | pH | P (mg/kg) | Ca (mg/kg) | Mg (mg/kg) | K (mg/kg) | Glæðitap (%) | Rúmþyngd (g/cm3) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vesturland | 2019 | 33 | 5,2 | 48 | 2430 | 457 | 210 | | 0,36 |
| Vesturland | 2020 | 46 | 5,1 | 47 | 2736 | 457 | 198 | | 0,51 |
| Vesturland | 2021 | 69 | 5,3 | 47 | 3205 | 370 | 188 | | 0,53 |
| Vesturland | 2022 | 53 | 5,2 | 36 | 3755 | 398 | 163 | | 0,52 |
| Vesturland | 2023 | 37 | 5,0 | 50 | 1807 | 429 | 151 | 39,8 | 0,52 |
| Vesturland | Meðaltal | 48 | 5,2 | 45 | 2916 | 414 | 182 | 39,8 | 0,49 |
| Norðurland | 2019 | 74 | 5,4 | 48 | 2981 | 672 | 226 | | 0,51 |
| Norðurland | 2020 | 169 | 5,3 | 38 | 2415 | 621 | 203 | | 0,54 |
| Norðurland | 2021 | 285 | 5,5 | 42 | 2569 | 526 | 160 | | 0,57 |
| Norðurland | 2022 | 387 | 5,4 | 33 | 2381 | 482 | 135 | | 0,57 |
| Norðurland | 2023 | 287 | 5,3 | 44 | 2596 | 464 | 159 | 28,1 | 0,57 |
| Norðurland | Meðaltal | 240 | 5,4 | 39 | 2519 | 520 | 162 | 28,1 | 0,56 |
| Austurland | 2019 | 9 | 5,3 | 30 | 2022 | 369 | 117 | | 0,38 |
| Austurland | 2020 | 42 | 5,2 | 55 | 2420 | 530 | 225 | | 0,55 |
| Austurland | 2021 | 15 | 5,3 | 34 | 2161 | 310 | 100 | | 0,65 |
| Austurland | 2022 | 47 | 5,3 | 22 | 2000 | 362 | 149 | | 0,71 |
| Austurland | 2023 | 29 | 5,3 | 78 | 1909 | 387 | 207 | 17,2 | 0,72 |
| Austurland | Meðaltal | 28 | 5,3 | 45 | 2124 | 412 | 122 | 17,2 | 0,64 |
| Suðurland | 2019 | 32 | 5,6 | 27 | 1206 | 285 | 119 | | 0,59 |
| Suðurland | 2020 | 159 | 5,3 | 36 | 1265 | 291 | 212 | | 0,64 |
| Suðurland | 2021 | 102 | 5,6 | 25 | 1233 | 232 | 148 | | 0,73 |
| Suðurland | 2022 | 153 | 5,5 | 17 | 1314 | 235 | 110 | | 0,72 |
| Suðurland | 2023 | 67 | 5,4 | 34 | 988 | 210 | 124 | 17,7 | 0,75 |
| Suðurland | Meðaltal | 103 | 5,4 | 27 | 1232 | 252 | 152 | 17,7 | 0,69 |

***Framsetning niðurstaðna RML til bænda***

Eins og áður kom fram þá meta jarðvegsefnagreiningar ástand jarðvegs með tilliti til sýrustigs í jarðveginum og forða tiltekinna plöntunæringarefna.

Þegar niðurstöður jarðvegssýna eru komnar í hús þá er hvert tiltekið næringarefni flokkað í lágar, miðlungs eða háar tölur. Sú flokkun gefur grunnhugmynd um hvaða áburðarskammta á að bera á tiltekið ræktarland, til þess að fá bæði mestu uppskeruna og sem mestu nýtni á áburðarefnunum.



RML búið
RML staðir
1000 Þjónustulandi

Búsnúmer 9999999
Sýni greind: janúar 2024

**Jarðvegssýni**

| | Merking | Sýnisnr. | pH | Glæðitap % | N % | P mg/kg | P kg/ha* | Ca mg/kg | Mg mg/kg | K mg/kg | K kg/ha* | Na mg/kg | Mn mg/kg | Cu mg/kg | Zn mg/kg | Rúmþ. g/cm³ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 1 Heimatún | 3604 | 5,0 | 16,1 | 0,52 | 128 | 73 | 1491 | 305 | 72 | 41 | 155 | 41 | 1,9 | 6,2 | 0,57 |
| 2 | 2 Langaslétta | 3605 | 5,8 | 16,7 | 0,54 | 4 | 3 | 2673 | 494 | 130 | 87 | 175 | 67 | 4,2 | 6,7 | 0,67 |
| 3 | 3 Barð | 3606 | 5,5 | 23,1 | 0,74 | 55 | 34 | 2714 | 512 | 258 | 160 | 161 | 72 | 2,7 | 22,2 | 0,62 |
| 4 | 10 Hái Krókur | 3607 | 5,8 | 16,8 | 0,54 | 18 | 12 | 2073 | 494 | 56 | 36 | 160 | 76 | 2,9 | 7,9 | 0,65 |
| 5 | 22 Leigutún | 3608 | 5,2 | 14,6 | 0,48 | 100 | 70 | 1070 | 255 | 56 | 39 | 132 | 53 | 1,4 | 7,4 | 0,70 |

Ca, Mg, K: Aðalnæringarefni; Na, Mn, Cu, Zn: Snefilefni

* magn auðleystra efna í efstu 10 cm jarðvegs

**Út frá þessum mælingum má ráðleggja eftirfarandi áburðarþörf sem viðmið við meðal aðstæður í túni;**
Til að ákvarða nákvæmari gildi þarf að taka mið af ýmsum þáttum s.s. ræktunarsögu, aldri ræktunar, áburðargjöf og jarðvegsgerðar.

| | Merking | Sýrustig pH | Köfnunarefni, N N-tala g/L | | kg/ha | Fosfór, P | kg/ha | Kalí, K | Mói kg/ha | Mýri kg/ha | Ca | Mg |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 1 Heimatún | ath kölkun | 3,0 | Lágt | 110-130 | Mjög hátt | 5 | Lágt | 50-90 | 60-100 | Lágt | Í lagi |
| 2 | 2 Langaslétta | Í lagi | 3,6 | Lágt | 110-130 | Lágt | 20-30 | Lágt | 50-90 | 60-100 | Í lagi | Í lagi |
| 3 | 3 Barð | ath kölkun | 4,6 | Meðal | 80-100 | Meðal | 12-20 | Hátt | 20-50 | 20-60 | Í lagi | Í lagi |
| 4 | 10 Hái Krókur | Í lagi | 3,5 | Lágt | 110-130 | Lágt | 20-30 | Lágt | 50-90 | 60-100 | Í lagi | Í lagi |
| 5 | 22 Leigutún | ath kölkun | 3,3 | Lágt | 110-130 | Mjög hátt | 5 | Lágt | 50-90 | 60-100 | Lágt | Lágt |

**UMSÖGN:** Í ár var bætt við mælingu á lífrænu efni jarðvegs sem nefnist glæðitap, sem nýtist sem óbein mæling á heildarköfnunarefni. Köfnunarefnið í spildunum telst vera lágt í þessum spildum. Sýrustig þessarra spildna telst vera frekar lágt en vegna þess að rúmþyngdin er há þá er jarðvegurinn trúlega mikið malar- og/eða sandblendinn. Slíkan jarðveg er tiltölulega auðvelt að hækka sýrustigið í. Fosfórforðinn er í meðallagi í spildu nr 2 en lágur í spildu nr 11. Kalsíum-, magnesíum- og kaliforði jarðvegsins í þessum spildum er lágur.

**Jarðvegssýni eru tekin úr 0-10 cm dýpt.**




**Til athugunar: Hér ber að líta mynd byggða á niðurstöðum jarðvegssýna. Hér er hægt að sjá myndrænt hvar jarðvegssýnin standa innbyrðis á milli spildna. Bæði fyrir steinefnin (súlurnar) og fyrir sýrustigið (svart strik) sem spildurnar hafa. Tölurnar sem eru settar fram við svörtu strikin tákna sýrustig spildnanna og má bera þær tölur saman við flokkana á hægri væng myndarinnar. Súlurnar eru fyrir köfnunarefni, fosfór, kalsíum, magnesíum og kalí og má bera þær saman við flokkana á vinstri væng myndarinnar. Köfnunarefni spildu getur aðeins verið á bilinu lágt-meðal-hátt.**




**Til athugunar: Hér er hægt að bera saman niðurstöður úr jarðvegssýnum búsins samanborið við jarðvegssýni sem voru tekin á landinu. Rúmþyngdina má nota til þess að áætla jarðvegsgerð. T.d. eru mýrar með lága rúmþyngd (0,2 - 0,5 g/cm3) meðan sendin tún eru með háa rúmþyngd (0,8 - 1,4 g/cm3).**

RML sendir frá sér túlkunarblað til hvers og eins bónda sem lét RML taka jarðvegssýni þar sem niðurstöðurnar eru teknar saman og túlkaðar . Einnig eru niðurstöðurnar settar fram með myndrænum hætti til að sýna mismuninn á milli sýnanna sem tekin voru á búinu og einnig sýnt hvernig þær koma út í samanburði við sýni sem voru tekin af landinu öllu.

***Samantekt jarðvegssýna síðustu 5 ára***

Niðurstöður jarðvegssýna eru mikilvægar fyrir hvern og einn bónda en þær eru líka mikilvægar til að sjá þróun einstakra efna eða pH yfir lengri tíma og jafnvel milli landshluta.

Tekin hafa verið saman niðurstöður jarðvegssýna síðustu ára skipt upp eftir landshlutum, sjá töflu, en eins og sést að þá getur verið munur á milli landshluta. Almennt má segja að sýrustig sé hagstæðast á Suðurlandi en lægst á Vesturlandi en á móti kemur að næringarefnaforði jarðvegs er lægri á Suðurlandi en á öðrum landshlutum. Almennt er kalsíumforði jarðvegs hæstur á Vesturlandi, en niðurstöður úr túnum sem hafa verið nýlega kölkuð geta sýnt háar tölur í kalsíum en einnig eru tún á Vestfjörðum sem eru á skeljasandsfjörum með mjög há kalsíumgildi og þar af leiðandi líka hátt sýrustig.

Magnesíum- og kalíforði jarðvegs er hæstur á Norðurlandi en það skýrist kannski helst á því að magnesíum, kalsíum og kalí skolast auðveldlega úr jarðvegi þar sem úrkoma er mikil og tíð, eitthvað sem Norðurland glímir almennt ekki við og getur skýrt þessi gildi, allavega að hluta.

Þar sem glæðitap var í fyrsta skipti greint í jarðvegssýnum á síðasta ári þá er bara eitt ár með slíkum niðurstöðum og þær sýna að jarðvegsýnin frá Vesturlandi í fyrra hafi hlutfallslega verið með mesta heildarköfnunarefnið en Suðurland með hlutfallslega lægsta.

*Höfundur er ráðunautur í jarðrækt.*




Dagskrá
**12. febrúar**

11:00/13:00 til 16:00/17:00 - Deildafundir búgreina

18:00 til 22:00 - Léttar veitingar á Vox Club

**13. febrúar**

09:00 til 16:00/18:00 - Áframhaldandi deildafundir hjá nautgripa- og sauðfjárdeild auk aðalfunda LK og LS

Allar upplýsingar á bondi.is

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

## Bændageð:

# Nýja árið

**„Gleðilegt ár!“ er sennilega algengasta setningin sem hljómar fyrstu daga og vikur í upphafi á hverju nýju ári og ber með sér að við óskum bæði okkur og hvert öðru gleði á nýju ári.**


Halla Eiríksdóttir.

Óneitanlega vilja allir ganga glaðir inn í nýtt ár en það gengur oft misvel að halda í gleðiblöðruna sem svífur frá okkur um leið og við sleppum hendinni af henni. Fyrir marga eru fyrstu mánuðir ársins erfiðir því það táknar upphaf á nýju ári með öllum þeim væntingum, sem geta jafnvel verið markaðar óvissu sem bændur og aðrir þurfa að mæta. Framtíðin getur birst mörgum sem kvika þar sem allt undirlagið er óstöðugt. Versnandi fjárhagur, lítt hjaðnandi verðbólguáhrif og hátt vöruverð aðfanga og eða þjónustu. Allt eru þetta utanaðkomandi þættir sem geta framkallað þau áhrif að við missum frá okkur gleðiblöðruna; hún hreinlega springur.

Að manni læðist kvíði við tilhugsunina um framtíðina og þá fá kvíðahugsanir að dansa frjálsar í kollinum. Þessar hugsanir geta verið lúmskar og við áttum okkur jafnvel ekki á því hvað er að gerast í „danshöllinni“. Kvíðadanshugsanir byrja í hægu tempói svona eins og rólegur vals. Við verðum önugri en venjulega, málrómurinn verður höstugri og við pirrumst yfir hlutum sem trufluðu okkur jafnvel ekki áður.

Kvíðatilfellum fjölgar, danstakturinn herðist. Við hættum að sofa eins og áður, eigum erfitt með að festa svefn og andvökunæturnar ágerast. Skapið þyngist og við sjáum fyrir okkur að flest er að fara á verri veg, og þá meina ég flest allt. Tökum dæmi; ef veðrið er gott hjá mér, þá verð ég upptekin af vonda veðrinu í öðrum landshlutum og bíð eftir því að það komi til mín þó svo að veðurspáin gefi ekki vísbendingu um að slíkar veðurfarsbreytingar séu í kortunum. Nú, eða þú færð boð á þorrablót, en nei, það gengur ekki af einhverjum ástæðum, sem jafnvel væri hægt að leysa, en það er einfaldara að finna til einhverja afsökun fyrir því að mæta ekki.

Nú eru hugsanirnar komnar á fullt og dansinn dunar. Vorverkin fram undan, skítmokstur, vélaviðhald, girðingavinna, nú fer hugurinn á flug, jarðvinnsla, heyskapur, nei, þetta er svo yfirþyrmandi að ég sef aðeins lengur. Herði mig upp og næ að klára dagsverkið, fæ mér einn kaldan í lok dags til að róa danstaktinn eða réttara sagt sljóvga hugsanir. Það sem næst liggur fyrir er að við förum að fresta ýmsu sem við þurfum að gera, „gleymum óvart“. Tilhugsunin um öll verkefnin sem bíða verður til þess að okkur líður enn verr og þá deyfum við hana með smá „sutli“ eða einhverju sem róar hugann. Svona heldur þetta áfram stigmagnandi og árið er rétt nýhafið.

Kvíðinn er nefnilega svo lúmskt fyrirbæri sem við áttum okkur oft ekki á eða hvað hann getur stjórnað lífi fólks og gerir okkur oft erfiðara að vera til. Það hjálpar ekki til þegar birtingarmynd framtíðarinnar er kynnt fyrir okkur, hlaðin ógn og óvissu sem við fáum vart umflúið nema slökkva á öllum fjölmiðlum og samfélagsmiðlum. Hvernig eigum við að trúa því að eitthvað gott geti raungerst á þessu ári þegar ástandið í landbúnaðinum er eins og það er? Það eru komin skörð með tilheyrandi skaða sem mögulega er hægt að lagfæra en þá aðeins með stórvirkum aðgerðum. Landbúnaðarkerfið hangir í óvissu, eftirspurnin eftir matvælum er til staðar en greiðsluviljinn um alla virðiskeðjuna er takmarkaður.

Starfsumhverfi bænda sætir verulegum áskorunum þessa dagana líkt og þeirra sem standa frammi fyrir óvissu um sína framtíð. Það er skiljanlegt að framtíðin sé kvíðvænleg en þeim mun mikilvægara að gera sér grein fyrir því að það er eðlilegt að vera kvíðinn upp að vissu marki en jafnframt minnug þess að kvíðahugsanir geta heltekið huga fólks og orðið að vandamáli.

Vertu á verði, hlúðu að þér og þínum því það er að minnsta kosti á þínu valdi að hafa stjórn á eigin tilfinningum og hugsunum, hvað svo sem framtíðin ber í skauti sér.

*Höfundur er stjórnarmaður BÍ, hjúkrunarfræðingur og sauðfjárbóndi.*









Pistill framkvæmdastjóra

# Félagskerfi bænda er áskorun

**Fækkun, meiri fækkun og enn meiri fækkun bænda í hinum rótgrónu greinum nautgriparæktar og sauðfjárræktar er staðreynd. Við sem störfum fyrir bændur erum meðvituð um þessa stöðu og þær áskoranir sem henni fylgja í félagskerfinu.**


Vigdís Häsler.

Eins og myndirnar sýna voru sauðfjárbændur um 3.800 árið 1996 en voru á síðasta ári innan við 1.800 og hefur fækkað um nærri 800 frá því núgildandi búvörusamningar tóku gildi árið 2016. Í nautgriparæktinni er fækkunin enn meiri en þar voru um 1.900 býli árið 1996 en voru á síðasta ári aðeins 630 á landinu öllu, hafði þeim þá fækkað um rúmlega 200 frá gildistöku núverandi búvörusamninga.

Þetta er staðan sem við þurfum að horfast í augu við og er líka ein af meginástæðum þess hversu mikilvægt er að allar greinar landbúnaðarins vinni saman sem ein heild. Með sameinuðum Bændasamtökum árið 2021 var þeim áfanga náð og hefur mikið áunnist frá þeim tíma í að ná aftur áheyrn bæði stjórnvalda og landsmanna allra á málefnum bænda. Einnig eru boðleiðir innan félagskerfis sameinaðra Bændasamtaka stuttar og því auðvelt fyrir félagsmenn að koma skoðunum og hugmyndum á framfæri. Minni þátttaka er þó staðreynd.



Fjöldi sauðfjárbænda eftir árum.

Flestir sem starfa að félagsmálum í dag þekkja að þátttaka hefur almennt minnkað, það er viss ládeyða sem er einkennandi þessa fyrstu mánuði ársins og þátttakan er því hlutfallslega minni en var áður. Ábyrgðin er þannig sett á færri hendur en áður var. Þessi staða veldur áskorunum í félagskerfi Bændasamtakanna af því það er mikilvægt að sem flestir bændur komi sínum skoðunum á framfæri þegar verið er að sýsla með hagsmuni landsbúnaðarins sem er ein af undirstöðu atvinnugreinum landsins.

Sem framkvæmdastjóri Bændasamtakanna er mér þetta málefni afar hugleikið. Stjórnir búgreinadeilda Bændasamtakanna bera eðlilega talsverðan hita og þunga af þessu hlutverki að vera tengiliðir við grasrótina þar sem stærri hluti félagsmanna hefur beinan aðgang að starfinu þar. Skrifstofa samtakanna vinnur síðan beint að þeim málefnum sem búgreinadeildirnar óska eftir hverju sinni. Árleg hringferð Bændasamtakanna, þar sem stjórn BÍ, stjórnir búgreinadeilda og starfsfólk fara hringinn, er einnig einn þáttur í því að ná beinni tengingu við félagsmenn og hafa þær ferðir mælst vel fyrir.



Fjöldi nautgripabænda (mjólk og kjöt) eftir árum.

Á næstu vikum og mánuðum munu félagsmenn síðan sjá breytingar sem miða að því að auka til muna upplýsingamiðlun til félagsmanna. Það er von mín að þær breytingar verði til þess að fleiri félagsmenn láti sig hagsmunabaráttuna varða með beinum hætti og láti sínar skoðanir í ljós innan félagskerfisins.

Ein af þeim spurningum sem verður að spyrja sig er hvort sú þróun sem við sjáum á myndunum sé ásættanleg. Enn eru þrjú ár eftir af gildistíma núverandi búvörusamninga sem samþykktir voru árið 2016 en fækkun bænda er nú þegar nálægt þriðjungi á gildistímanum. Hvar eru byggðasjónarmið stjórnvalda sem sett hafa verið fram í ýmsum orðum og áætlunum og hvernig á að takast á við félagslega þáttinn í byggðum landsins þegar fækkunin er jafnmikil og raun ber vitni? Þetta er eitt af mörgum atriðum sem félagskerfið þarf að taka til skoðunar áður en nýir búvörusamningar verða gerðir.

Stöðug fækkun er ekki sjálfbær, því verðum við að efla okkar starf og sækja fram.

***Vigdís Häsler**, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.*

Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram

# Framboð til formanns Bændasamtaka Íslands

**Síðastliðin fjögur ár hef ég gegnt formennsku fyrir hönd bænda og Bændasamtaka Íslands. Þessi tími hefur verið áhugaverður, strembinn, gefandi og skemmtilegur.**


Gunnar Þorgeirsson.

Fyrstu tvö árin mín í embætti einkenndust af viðbrögðum við heimsfaraldri, leysa úr vanda Hótel Sögu, sameiningu og endurreisn Bændasamtaka Íslands.

Margir myndu telja að nú væri ef til vill tímabært að draga sig í hlé, en það hefur alltaf verið markmið mitt að gera Bændasamtökin að þeim málsvara sem bændur eiga skilið. Við þurfum að horfa til framtíðar, hvetja til grósku innan atvinnugreinarinnar, tengja neytendur enn betur við bændur og snúa vörn í sókn.

Sameining allra bænda undir Bændasamtökunum hefur reynst bændum vel, því nú snýr baráttan gagnvart stjórnvöldum og við sem sameinað afl getum skilað öflugri hagsmunagæslu um málefni bænda – um málefni atvinnugreinarinnar. Vissulega er einhverjum sem þykir aðgerðir stjórnvalda síðustu ár hafa verið sem plástur á opið beinbrot. Og eins voru það vonbrigði fyrir allar búgreinar að endurskoðun búvörusamninga leiddu ekki til þeirra breytinga sem atvinnugreinin þarfnaðist. Hafa ber þó í huga að barátta bænda síðastliðin tvö ár hefur skilað nýju fjármagni inn í greinina upp á nærri 5,2 milljarða

> „Sameining allra bænda undir Bændasamtökunum hefur reynst bændum vel, því nú snýr baráttan gagnvart stjórnvöldum og við sem sameinað afl getum skilað öflugri hagsmunagæslu um málefni bænda – um málefni atvinnugreinarinnar.“

króna. Og ég er langt frá því að vera hættur, núna þurfum við að undirbúa mótun á nýjum samningum sem taka gildi eigi síðar en árið 2027. Sú vinna er þegar hafin á skrifstofu Bændasamtakanna og samtalið verður mótað á deildafundum búgreina og á næstu mánuðum við alla bændur.

Nú er það okkar bænda að koma fram með stefnu um hvernig nýir samningar þurfi að hljóma. Í gildandi samningum má finna yfir fjörutíu ómælanleg markmið og öll framleiðsla sem bætist við gerir það að verkum að minni stuðningur er þá til skiptanna. Að mínu mati þurfum við að setja fram markmið sem eru mælanleg og tryggi m.a. kröfur um fæðuöryggi á Íslandi til framtíðar. Það eru því í raun engir hvatar í kerfinu sem hvetja okkur bændur til að gera betur eða auka við framleiðslu sem er umhugsunarvert, bæði með auknum ferðamannastraumi og fjölgun íbúa á landinu.

Annað sem við verðum að taka á í samtalinu er hvernig við komum til móts við fjárfestingar í landbúnaði með hagstæðari fjármögnun, ekki bara á grunni aukinnar framleiðslu heldur ekki síður með nýliðun í landbúnaði. Þar höfum við bent á að hlutdeildarlán eru ekki möguleg í landbúnaði þrátt fyrir að hluti fjárfestinga er í íbúðarhúsnæði, og af hverju er ekki heimilt að nýta séreignarsparnað í fjárfestingum í landbúnaði? Þetta eru brýn mál sem þurfa farsælan farveg til framtíðar. Við höfum einnig bent á einföldun regluverks undanfarin tvö ár en talað fyrir daufum eyrum þar til nú, og er nú starfshópur stjórnvalda að störfum við að skoða gullhúðun regluverks. Þar munum við beita okkur fyrir lagfæringu á íþyngjandi ákvæðum sem hafa flotið í gegnum þingið, en enginn virðist kannast við neitt fyrr en hindranirnar koma í ljós með auknum tilkostnaði fyrir fyrirtæki og bændur.

Við þurfum einnig að sameinast um stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum, en skuldbindingar Íslands munu ekki raungerast án aðkomu landbúnaðar. Við höfum lagt okkar af mörkum í þeirri vinnu og bændur hafa horft til aðgerða sem ætlað er að draga úr losun og ekki síður til að binda kolefni til framtíðar svo sem með aukinni landgræðslu og skógrækt.

Við ykkur ágætu félagsmenn vil ég segja; verum framsýn og verum hugrökk til að taka samtalið um framtíð íslensks landbúnaðar. Ég hvet ykkur öll til að nýta kosningarétt ykkar til formannskjörs og vona að þið sjáið möguleikana til framtíðar landbúnaðinum til heilla.

*Höfundur er garðyrkjubóndi að Ártanga í Grímsnesi.*

# Samtalið

**Mér þykir vænt um að hafa víða fengið góðar viðtökur við framboði mínu til formennsku í Bændasamtökunum. Ég veit að þær byggjast á trausti sem til mín er borið og fyrir það er ég þakklátur.**


Trausti Hjálmarsson.

Framboðsfrestur til formanns rennur út þann 22. febrúar og rafræn kosning hefst viku og einum degi síðar, þann 1. mars, enda ber febrúar „tvenna fjórtán“ þetta árið. Dagana 14. og 15. mars á Búnaðarþingi er svo kosið um aðra stjórnarmenn í samtökunum. Ég er ekki í vafa um að þar verði valinn maður í hverju rúmi.

Ég geri mér grein fyrir því að nýkjörinni stjórn Bændasamtakanna verður ekki til setunnar boðið að kosningum loknum. Hagstæðir vindar blása um þessar mundir með okkur úr ýmsum áttum og grípa þarf tækifærin á meðan þau gefast. Í fyrsta lagi hefur okkur tekist að opna augu og eyru stjórnvalda fyrir vandamálum okkar og tækifærum. Það eitt og sér er kærkomið tilefni til bjartsýni.

Við erum einnig að upplifa sterka vitundarvakningu um nauðsynlega sjálfbærni í matvælaframleiðslu þjóðarinnar. Og við finnum stöðugt sterkara ákall heimsbyggðarinnar um heilnæmi matvæla og ræktun þeirra og framleiðslu með vistvænum búskaparháttum. Í þeim efnum eru íslenskir bændur án nokkurs vafa í allra fremstu röð. Til viðbótar hefur stóraukin fjölgun landsmanna og stöðugt vaxandi ferðamannastraumur stækkað innanlandsmarkaðinn svo um munar. Þjóðin er einhuga í jákvæðri afstöðu sinni til landbúnaðar

> „Nái ég kjöri til formennsku er ég sannfærður um að seta mín á formannsstóli geti laðað fram allt það besta í því fólki sem bændur velja sér til forystu. ...“

í landinu. Það er líka ánægjulegt hvað sjá má mörg nýleg dæmi um góðan skilning stjórnvalda á aðstæðum okkar. Skýrsla Byggðastofnunar fyrir um tveimur árum var afdráttarlaus, spretthópur matvælaráðherra var það líka og ráðuneytisstjórahópurinn varð svo kannski endanlega til þess undir lok síðasta árs að opna augu og eyru stjórnvalda.

Engum dylst að við þurfum frekari verðleiðréttingar fyrir afurðir okkar í mörgum búgreinum. Óhugsandi er að velta slíkum hækkunum að fullu út í verðlagið til neytenda. En það eru ýmsar aðrar leiðir færar og þá ekki síst með aukinni hagræðingu. Það er t.d. galið að ausa 1–2 milljörðum króna á ári út um gluggann af því að ekki fást heimildir til sameininga og verkaskiptingar hjá afurðastöðvum í kjötiðnaði. Á þeim vettvangi blasir stærðarhagkvæmnin við og hana eigum við auðvitað að nýta út í ystu æsar. Í þessu sambandi er líka rétt að hafa það í huga að landbúnaður fær hvergi þrifist í heiminum án opinbers stuðnings til þess að greiða fólki aðgang að afurðunum á viðráðanlegu verði.

Nýlegar fréttir um fyrirhugaða fjárfestingu í tómataræktun eru dæmigerðar fyrir þau tækifæri sem fólgin eru í hinum íslensku kjöraðstæðum fyrir matvælaframleiðslu. Fjárfesting upp á ríflega 20 milljarða króna í 27 hektara stóru gróðurhúsi og áform um u.þ.b. tífóldun núverandi tómataræktunar á Íslandi, getur vart byggst á öðru en alþjóðlegum markaðstækifærum vegna hreinleika vatnsins, jarðvarma og „grænu“ rafmagni. Því víðar sem hróður íslenskra matvæla spyrst út, því betra fyrir okkur öll.

Engum vafa er undirorpið að enginn ræðst í fjárfestingu af þessu tagi án þess að hafa reiknað dæmið til fulls. Og um leið og vörn er snúið í sókn í íslenskum landbúnaði verður áreiðanlega unnt að fá jákvæða niðurstöðu úr fleiri reikningsdæmum sem lúta að þróunar- og nýsköpunarfærum í ýmsum búgreinum. Í þeim efnum eiga Bændasamtökin að vera hvetjandi alla daga ársins og blása bændum bjartsýni í brjóst.

Brýnasta verkefnið sem blasir við forystu Bændasamtakanna, og þar af leiðandi formanni þeirra, er að efla samstarf á milli ólíkra búgreina, samstarf við hin fjölmörgu fyrirtæki sem tengjast landbúnaðinum og samstarf við stjórnvöld um stöðugleika í umgjörð búreksturs og svigrúm til greiðslu mannsæmandi launa í honum. Rétt eins og trúin flytur fjöll er ég sannfærður um að gott samtal okkar við velunnara í öllum kimum samfélagsins getur orðið landbúnaðinum mikil lyftistöng.

Nái ég kjöri til formennsku er ég sannfærður um að seta mín á formannsstóli geti laðað fram allt það besta í því fólki sem bændur velja sér til forystu. Samtalið og samstarfið innan stjórnar og við starfsfólk Bændasamtakanna verður þar í öndvegi og vonandi aflvaki margra góðra verka.

*Höfundur er frambjóðandi til formennsku í Bændasamtökunum.*



Vefjaræktaðar kartöflur í tilraunaglasi.



Ræktun á kartöflu í tilraunaskyni.



Gunnar Þorgeirsson, Axel Sæland, Sæmundur Sveinsson, Hans Arne Krogsti, Helgi Jóhannesson og Anja Haneberg í heimsókn hjá Graminor AS.

# Með kartöflur á heilanum

**Í Noregi er mikil þekking í vefjaræktun kartaflna og er þar viðhaldið tæplega 400 yrkjum, 4 sinnum á ári. Þó svo að plantan sé ekki mikið stærri en 20 cm og í grönnu tilraunaglasi þá er mikil vinna sem fer í það að viðhalda hverju yrki í hvert sinn.**



Guðrún Birna Brynjarsdóttir.

Í Noregi er óheimilt að flytja inn kartöfluútsæði erlendis frá og hafa þeir skapað sér mikla sérstöðu í þessum málum. Má því segja að mikilvægi hreinna, veiru- og sjúkdómslausra kartöfluyrkja er mikið fyrir okkur Íslendinga þar sem málefni fæðuöryggis þjóðarinnar hefur sjaldan verið jafn umtalað í okkar samfélagi.

Nú í janúar fór 5 manna sendinefnd frá Íslandi til að kynnast þessu nánar. Voru það formaður BÍ, Gunnar Þorgeirsson, formaður Deildar garðyrkjubænda, Axel Sæland, sérfræðingur á skrifstofu BÍ, Guðrún Birna Brynjarsdóttir, ráðunautur RML í garðyrkju, Helgi Jóhannesson og Sæmundur Sveinsson, fagstjóri í erfðagreiningu hjá Matís.



F.v.: Sæmundur Sveinsson, Zhibo Hamborg, Helgi Jóhannesson, Sissel Haugslien, Gunnar Þorgeirsson, Dag-Ragnar Blystad, Guðrún Birna Brynjarsdóttir, Axel Sæland og Morten Rasmussen.

Í Noregi var farið á tvo staði sem vinna að rannsóknum og fjölgun á kartöfluyrkjum. Annars vegar fyrirtækið Graminor AS sem staðsett er í Ridabu, tæpa tvo klukkutíma norður af Osló, og hins vegar NIBIO í Ås, þrjátíu mínútur suður af Osló.

Þessir staðir voru ólíkir en gífurlega fróðlegt að heimsækja þá báða. Graminor AS er staðsett á fallegum stað í norskri sveitasælunni og er þar rekið tilraunabú sem sérhæfir sig í fjölgun og ræktun heilbrigðra plantna á borð við korn, kartöflur og fóðurplöntur og hafa þau til þess í kringum 100 hektara svæði. Þar er verið að rannsaka og þróa yrki fyrir ákveðin landsvæði í Noregi en getur það tekið milli 10 og 20 ár að þróa nýtt yrki að plöntum.

Hjá NIBIO, sem er norska lífhagfræðistofnunin, fer fram faglegt rannsóknarstarf með þeirra helstu sérfræðingum á sviði plöntuerfðafræði, plöntusjúkdóma og vefjaræktunar. Hjá þeim er yfir 100 ára þekking á fjölgun veiru- og sjúkdómslausra kartöfluyrkja og hafa þau tæplega 400 yrki á sinni ábyrgð.

Bæði hjá Graminor og hjá NIBIO var vel tekið á móti okkur og sköpuðust dýrmætar tengingar, vilyrði um samvinnu ásamt því að gefa okkur innsýn inn í faglegt starf Norðmanna á þessu sviði. Er því óhætt að segja að við sem í þessu ferð fórum horfum full bjartsýni til komandi tíma í málefnum kartöflunnar hér á landi. Undirrituð er að minnsta kosti með kartöflur á heilanum.

*Höfundur er sérfræðingur á skrifstofu Bændasamtaka Íslands.*





Veitulausnir

MÁLMSTEYPA Þorgríms Jónssonar ehf.
Miðhrauni 6, 210 Garðabæ, s. 544 8900
m@malmsteypa.is malmsteypa.is





**Hilltip Icestriker 900–1600L**
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 380–550L**
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 600 TR**
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



**Hilltip Snowstriker VP**
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



**Hilltip Snowstriker SP**
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



**Hilltip Fjölplógur MVP**
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel Stofnað 1957

**A Wendel ehf.**
**Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,**
**S:551 5464 - wendel@wendel.is**
**www.wendel.is**


**Bændablaðið kemur næst út 22. febrúar**

# Eru auðlindir Íslands til sölu?

**„Ef virkjað verður meira mun rafmagnið seljast upp. Það verður alltaf umfram eftirspurn,“ segir orkumálastjóri, Halla Hrund Logadóttir.**


Ágústa Ágústsdóttir.

Á meðan sumir telja slíkt af hinu góða sem merki um aukna hagsæld og sterkara hagkerfi, spyrja aðrir sig að því hvenær nóg sé nóg. Í dag eru framleiddar 20 terrawattstundir af raforku á ári en sú framleiðsla þyrfti að aukast upp í 42 terrawattstundir ef orkuskiptin eiga að geta átt sér stað.

Til að setja hlutina í samhengi samanstendur ein terrawattstund (TW) úr 1.000.000 megawöttum (MW). Kárahnjúkavirkjun er 690 MW með framleiðslugetu upp á 4.600 gígawattstundir (GW) á ári. 1 TW samanstendur af 1.000 GW. Samkvæmt þessu þyrftum við orku rúmlega 5 Kárahnjúkavirkjana til að klára orkuskiptin. Og jafnvel þá, getum við leitt að því líkur að enn þá verði eftirspurn eftir rafmagni. Spurningin er hvort þá sé komið nóg? Verður hagkerfið þá orðið nógu stórt til að hætta að stækka? Ég leyfi mér að staðhæfa að sú verði ekki raunin hjá þeim sem munu eiga hagsmuna að gæta í orkuiðnaðinum sem og hjá erlendum fjárfestum sem, miðað við stefnu stjórnvalda, munu fá afhenta æ stærri sneið af orkuauðlindum Íslendinga ef fram fer sem horfir.

### *Hömlur og eignarhald*

Í skýrslu Viðskiptaráðs í kjölfar Viðskiptaþings í febrúar 2023 kemur skýrt fram að menn telji samkeppnisstöðu á orkumarkaðinum skekkta vegna of mikils eignarhalds hins opinbera í orkuframleiðslufyrirtækjum. Það hamli aðgengi nýrra aðila inn á markaðinn. Brýnt og aðkallandi sé því að liðka fyrir aðkomu erlendra fjárfesta vegna þeirra miklu fjárfestinga sem þörf sé á. Þá kemur fram að hömlur á erlenda fjárfestingu í orkuframleiðslu á Íslandi eru þær mestu meðal OECD-ríkja. Þar sem 1,0 tákni algjöra takmörkun trónir Ísland efst með 0,56. Þar á eftir er Finnland með 0,16. Í grein Innherja um aukinn kostnað virkjana í febrúar 2023 er haft eftir Ásgeiri Margeirssyni, ráðgjafa og fyrrverandi forstjóra HS orku að 7% orkuframleiðslu landsins sé í höndum einkaaðila. 93% sé á vegum hins opinbera. Þar sé Landsvirkjun langstærsti raforkuframleiðandi landsins með um 75% hlutdeild og ráði yfir nánast allri vatnsmiðlun í raforkukerfinu. Næststærst er svo Orka náttúrunnar með um 20% hlutdeild og er jafnframt stærsti raforkuframleiðandi landsins með jarðhita.

### *Sala vindorku erlendra einkaaðila inn á kerfi sem getur ekki tekið við því*

Þá kemur fram í skýrslu Viðskiptaráðs að nauðsynlegt sé að koma á virkum raforkumarkaði og tryggja þurfi vindorkuframleiðendum jafnari aðgang að „stýranlegu afli á móti vindorku“ (Stýranleg orka er vatnsaflsorka. Vindorka er ekki stýranleg orka). Það kemur á daginn og kemur skýrt fram í greinargerð með þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, sem lá inni á samráðsgátt stjórnvalda í janúar (í furðulega stuttan tíma), að til að mæta þeim miklu sveiflum sem verða við orkuframleiðslu vindorkuvera þarf svokallaða jöfnunarorku. Sú orka þarf að koma frá öðrum orkuverum og má ætla að sú orka muni koma frá vatnsafli frekar en jarðhita þar sem það er talið hentugra afl til slíkrar jöfnunar. 40% stýranlegt vatnsafl er talið þurfa á móti uppsettu vindafli. Þetta þýðir að ef t.d. yrði sett upp 500 MW vindorkuver eins og áætlað er á Austurlandi þá þyrfti aukalega 200 MW jöfnunarorku tryggða frá vatnsorkuveri (bara fyrir vindorkuverið). Ef vindorkuver er 100 MW þarf það tryggð 40 MW jöfnunarorku.

Til að setja þetta í betra samhengi þá skulum við segja að vindorkuver sé nú þegar risið. Vegna hinnar gríðarlegu stærðar vindmyllanna mynda þær litla umframorku. Þá þarf jafnvel að stöðva spaða túrbínunnar í litlum vind og hún getur ekki framleitt rafmagn. Þá kemur jöfnunarorkan frá vatnsaflsvirkjuninni inn til að koma í veg fyrir stöðvun og engar sveiflur verða þá í rafmagnsframleiðslu inn á kerfið. Hámarksnýtingarhlutfall slíks vindmyllugarðs getur legið á bilinu 25–30%. En hvað gerist ef vindorkuverið er risið og engin jöfnunarorka er til staðar? Skýrt hefur komið fram að engin slík umframorka er í boði eins og staðan er í dag. Þ.a.l. er það ljóst að ekki er hægt að starfrækja vindorkuver nema að byggja upp fleiri og/eða stærri vatnsaflsvirkjanir. Hvað gerist ef stöðva þarf vindorkuver í eigu erlendra fjárfesta sem selja rafmagnið inn á kerfi sem getur ekki tekið á móti því? Getur verið að ríkið sé með því að skapa sér skaðabótaskyldu? Þá væri einnig fróðlegt að vita hvort þessi viðbótar jöfnunarorka sem þarf að vera til eingöngu fyrir vindorkuverin, óháð því hver nýtingin er, sé inni í útreikningum um þau 24 TW sem þurfi fyrir orkuskiptin eða hvort þau bætist við.

### *Orkuauðlindir okkar afhentar á gullfati*

Á sama tíma er talað um atvinnuuppbyggingu í víðu samhengi í tengslum við uppbyggingu vindorkugarða. Ef engin jöfnunarorka er til staðar sé ég ekki fyrir mér að áhugasamir fjármagnseigendur muni leita eftir því að fjárfesta í uppbyggingu nýrra fyrirtækja ef svörin um rafmagnaöryggi eru á þessa leið: „Jú, þið getið fengið tryggt ákveðið hlutfall þess rafmagns sem þið þurfið en restin er bara eitthvað sem við eigum ekki til en hlýtur að reddast einhvern veginn.“ Það er ljóst í mínum huga að það þarf að virkja meira. En það er algjörlega galið að ætla að afhenda orkuauðlindir okkar á gullfati til erlendra fjárfesta, eftirláta þeim gríðarlega víðfeðm landsvæði til röskunar sem hafa að mínu mati enn stærri umhverfisáhrif en vatnsaflsvirkjanir og ætla svo að kaupa af þeim orkuna inn á kerfi sem getur ekki tekið við henni, nema við sérstaklega byggjum til viðbótar nýjar vatnsaflsvirkjanir til að svara þörfum fjárfestanna.

Erum við s.s. tilbúin að leggja land undir vatnsaflsvirkjanir til að gæta hagsmuna erlendra fjármagnsafla með þeim rökum að vindmyllurnar sem munu dreifa trefjaplasti um víðáttur íslenskrar náttúru séu að framleiða græna orku? Viljum við það frekar en að virkja vatnsaflið og jarðvarmann á okkar eigin vegum og standa þá um leið vörð um auðlindir okkar og hagsmuni íbúa?

### *Stjórnvöld öfgahliða*

Við höfum í dag stjórnvöld sem tákna öfga beggja hliða, vinstri og hægri. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir að ein helsta ástæða þess að hún fór í framboð á sínum tíma hafi verið deilan um Kárahnjúkavirkjun. Hún predikar nauðsyn orkuskipta, endalausir skattar eru lagðir á íbúa vegna þessa, hún segir ekki þurfi að virkja meira því hægt sé að loka einu af álverunum til að fá auka orku, hundruð manna missa vinnuna og hún er tilbúin að vinna að því með Sjálfstæðismönnum að auðlindir okkar verði afhentar erlendum fjármagnseigendum svo framarlega sem auðlindagjald sé greitt. Undir þessi sjónarmið taka fylgismenn hennar í Vinstri grænum.

Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis- og orkumálaráðherra greiðir svo götu fjárfestanna með því að predika eins og lobbíisti um nauðsyn vindmyllugarða sem nauðsynlega aðgerð í loftslagsmálum, nýtir dómsdagstalið vel og segir tímann vera að renna út. Sjálfstæðismenn vilja ólmir minnka ítök ríkisins í orkuauðlindum landsins, tala um mögulegan sæstreng til Evrópu og vilja greiða leið erlendu fjárfestanna að helstu mjólkurkú landsins, orkuauðlindinni okkar.

Það er kominn tími til að íslenska þjóðin vakni og átti sig á hvert er verið að leiða landið.

Orkuauðlindir landsins eiga ávallt að vera undir stjórn ríkisvaldsins þar sem Alþingi fer með lokaákvörðunarvald. Þannig er hagsmunum þjóðarinnar best borgið.

*Höfundur er varaþingmaður Miðflokksins í Norðausturkjördæmi.*

# Er framtíðin lægra verð fyrir minni gæði?

**Við sem neytendur gerum miklar kröfur til innlendrar matvælaframleiðslu og við treystum og trúum að þeim kröfum sé framfylgt hér á landi.**


Halla Signý Kristjánsdóttir.

Það hlýtur því einnig að vera sjálfsögð krafa að við neytendur getum treyst á að sömu kröfur séu gerðar til innfluttra matvæla. Annað væri ótækt. Við í Framsókn höfum síðustu misseri tekið okkur stöðu og verið óhrædd við að benda á þá ógn sem við stöndum frammi fyrir hvað varðar fjölónæmar bakteríur. Þessar áhyggjur eru ekki gripnar úr lausu lofti. Samkvæmt Al þjóðaheilbrigðismálastofnuninni er sýklyfjaónæmi einhver mesta ógn við heilsufar manna í dag. Undir þetta taka helstu sérfræðingar á sviði sýkla- og veirufræða. Þeir hafa brýnt fyrir okkur að verja þurfi þá sérstöðu sem við búum við á Íslandi.

### *Innflutningur flæðir yfir*

Nú er það þannig að innflutningur á nautakjöti jókst um 48% á sl. ári og á kjöti í heild um 17%. Kjötframleiðsla innanlands var svipuð og árinu á undan og dróst saman í kinda- og nautakjöti og salan dróst saman um 2%. Staðreyndin er sú að innflutt kjötvara er nú orðin að stærri hluta af sölunni í heild. Samkeppnisstaða íslenskra bænda er sífellt að versna og matvælaöryggi landsins um leið. Samkeppnin er hörð, ekki bara hér á landi heldur einnig út í hinum stóra heimi.

Bændur í Evrópu eru farnir að mótmæla kröftuglega þar sem innflutningur landbúnaðarafurða flæðir yfir landamæri og veikir markaðsaðstæður. Í nágrannalöndum mótmæla bændur stjórnvöldum vegna stöðu sinnar og vekja athygli á að samkeppnisstaða þeirra sé sífellt að veikjast gagnvart innflutningi á matvöru frá nágrannalöndum. Bændur í Frakklandi óttast að mikill innflutningur frá Spáni á grænmeti og ávöxtum dragi úr sölu innlendra framleiðsluvara enda eru þær falar fyrir mun lægra verð, en það er ekki að ástæðulausu. Á Spáni eru ekki gerðar eins ríkar kröfur á umhverfissjónarmið og þar er notað mun meira af eiturefnum við framleiðsluna. Er það framtíðin sem við viljum? Lægra verð fyrir minni gæði?

### *Aðgerðaráætlun í matvælaöryggi*

Aðgerðaráætlun í matvælaöryggi og vernd búfjárstofna var samþykkt á Alþingi árið 2019 eða fyrir fimm árum. Sú áætlun var í 17 liðum og er ágætt að fara yfir hvað hefur áunnist frá því að hún var sett. Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að hamra á mikilvægi matvælaöryggis hér landi. Það sem yfir okkur hefur dunið frá því þessi áætlun leit dagsins ljós hefur einungis dýpkað skilning okkar enn frekar á mikilvægi þess að tryggja það. Undirrituð sendi fyrirspurn á matvælaráðherra um stöðu aðgerðanna sem settar voru fram. Í svari ráðherra kom fram að öllum aðgerðunum 17 sé annaðhvort lokið eða séu í framkvæmd til lengri tíma. Aðgerðartillögunum 17 er samt aldrei lokið heldur er þetta leiðarljós sem stöðugt þarf að huga að og uppfæra, bæta við og endurmeta reglulega.

### *Sýklalyfjaónæmi*

Ein aðgerð var að átaki skyldi hrundið á stað til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. Árið 2019 var sett á stað vinna í ráðuneytinu við að móta viðbrögð ef greinast sýklalyfjaónæmar bakteríur í dýrum, sláturafurðum og matvælum. Í kjölfarið var ákveðið að víkka verkefnið út og skipa nýjan hóp undir forystu Þórólfs Guðnasonar, fyrrverandi sóttvarnalæknis, sem hefur það hlutverk að auka þverfaglegt samstarf á þessu sviði og móta framtíðarsýn í málaflokknum til næstu 10 ára. Þá er hópnum falið að móta aðgerðaáætlun í málefnum sýklalyfjaónæmis til næstu 5 ára og leggja til leiðir til að koma aðgerðum til framkvæmda auk þess að vinna að vitundarvakningu í samfélaginu um sýklalyfjaónæmi. Hópurinn starfar á vegum heilbrigðisráðuneytisins en verkefnið er unnið í samstarfi þess, matvælaráðuneytis og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Einnig hefur verið gerður samningur við MAST og Tilraunastöð HÍ í meinafræðum á Keldum um að fjármagna og sinna ákveðnum rannsóknum tengdum sýklalyfjaónæmi. Auk þess hafa verið styrkt verkefni í sýklalyfjaónæmi.

### *Styrkja þarf matvælaöryggi landsins*

En eitt er víst og það er að það þarf styrkja matvælaöryggi okkar betur og eins að styrkja samkeppnisstöðu íslenskrar matvælaframleiðslu. Þá hefur Framsókn enn og aftur lagt fram þingsályktunartillögu sem ber með sér að leyfa innlendum afurðastöðvum í kjöti að vinna saman og sameinast til að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjötvara. Innlend matvöruframleiðsla er heilnæm, þar stöndumst við erlendan samburð en við verðum að skapa henni betri samkeppnisstöðu til að standa undir rekstrinum. Að öðrum kosti er ekki svigrúm til nýsköpunar eða framþróunar.

*Höfundur er þingmaður Framsóknar.*





Nýkjörin stjórn og varastjórn Samtaka ungra bænda f.v.: Logi Jökulsson, Ísak Jökulsson, Þuríður Lilja Valtýsdóttir, Mikael Jens Halldórsson, Helga Rún Steinarsdóttir, Sigurður S. Ásberg Sigurjónsson og Steinþór Logi Arnarsson.

# Stefna ungra bænda mörkuð

**Aðalfundur Samtaka ungra bænda (SUB) var haldinn þann 13. janúar síðastliðinn á Hótel Dyrhólaey.**



Steinþór Logi Arnarsson.

Á fundinum voru á fjórða tug félaga úr samtökunum víðs vegar af landinu en landshlutafélögin fjögur sem standa að baki SUB senda hvert sína fulltrúa á fundinn. Samhljómur var á fundinum um að starf SUB á síðastliðnu ári hefði eflst til muna með áberandi hagsmunastarfi, sérstaklega á síðari hluta ársins, sem hafi endurspeglað tilgang og hlutverk samtakanna. Það er til mikils að vinna að starf SUB haldi áfram á þessari braut en til þess að svo verði er lagt upp með að tekjugrunnur samtakanna verði styrktur verulega. Með því verði hægt að auka virkni og sýnileika samtakanna með meira svigrúmi til sérstakra verkefna. Þannig megi hámarka tilætlaðan árangur, landbúnaði öllum og þjóð til hagsbóta og framfara.

Á fundinum var kosið í stjórn og varastjórn Samtaka ungra bænda en kosið er til tveggja ára í senn. Aðeins Sunna Þórarinsdóttir var á miðju kjörtímabili og var því kosið um alla aðra meðlimi stjórnar og varastjórnar. Steinþór Logi Arnarsson var endurkjörinn formaður SUB en hann hefur sinnt því hlutverki síðastliðin tvö ár. Ísak Jökulsson var endurkjörinn í stjórn en Þuríður Lilja Valtýsdóttir og Jónas Davíð Jónasson létu af stjórnarstörfum og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir þeirra framlag. Í stað þeirra komu inn í stjórn Helga Rún Steinarsdóttir og Sigurður S. Ásberg Sigurjónsson. Í varastjórn voru kjörin þau Logi Jökulsson, Mikael Jens Halldórsson og Þuríður Lilja Valtýsdóttir.

Að vanda var ásamt hefðbundnum aðalfundarstörfum mikil málefnavinna unnin en hún á upphaf sitt að rekja til málefnavinnu í landshlutafélögunum sem á sér stað fyrir aðalfund SUB. Meðal helstu málefna á fundinum voru mikilvægi nýliðunar með hvata á borð við skattaívilnanir og bættar fjármögnunarleiðir við kynslóðaskipti og í landbúnaði almennt. Fundurinn taldi verulega brýnt að endurskoða tollasamninga og samræma kröfur milli innfluttra matvæla og þeirra matvæla sem framleidd eru hérlendis og um leið bæta rekjanleika. Nokkur umræða skapaðist um mótmæli bænda með hliðsjón af mótmælum evrópskra bænda en fundurinn mæltist til þess að skoðuð yrði stofnun verkfallssjóðs kæmi til slíkra aðstæðna hérlendis. Þá var snert á málefnum er varða andlega heilsu bænda og mikilvægi verkefnisins „Bændageðs" tíundað. Sóknarfæri landbúnaðar voru kortlögð en meðal annars er talinn mikill fengur í aukinni kynningu á landbúnaði og er stefnt að því að endurvekja framhaldsskólakynningar um landbúnað á vegum SUB. Samhliða þessum og fleiri málum var stefnumótun Samtaka ungra bænda einnig endurskoðuð.

Forysta Samtaka ungra bænda fékk gott veganesti inn í komandi starfsár af aðalfundinum á Hótel Dyrhólaey. Ljóst er að krefjandi en spennandi tímar eru fram undan þar sem leitast verður við að efla íslenskan landbúnað enda þyki það augljóst að til mikils sé að vinna og miklu að tapa um leið takist það ekki. Áþreifanlegur vilji er hjá þeim sem sóttu fundinn og ungum bændum almennt að vera í fararbroddi við að finna leiðir og lausnir við mörgum af stærstu áskorunum okkar samtíma með sjálfbærni í sinni víðustu mynd að vopni, landi okkar og þjóð til heilla.

*Höfundur er formaður Samtaka ungra bænda.*













# Greiðslumarkskerfið er kúabændum hagfellt

**Fyrir nokkrum árum, nánar tiltekið 2016, kom ég að því verki ásamt öðrum að gera athugun á stuðningskerfum við mjólkurframleiðslu.**


Ragnar Árnason.

Niðurstaða þeirrar athugunar var að greiðslumarkskerfið ásamt beingreiðslum væri þjóðhagslega skilvirk leið til að koma opinberum stuðningi til bænda og þeim hagfelld. [sjá nánar skýrslu Hagrannsókna sf. 2016. Stuðningskerfi við mjólkurframleiðslu: Áhrif og valkostir].

Tilefni þessara skrifa nú er að þann 25. janúar sl. gerði Guðrún Hulda Pálsdóttir, ritstjóri Bændablaðsins, vissar hliðar á greiðslumarkskerfinu í kúabúskap að umtalsefni í ritstjórnargrein. Þessu framtaki ber að fagna. Greiðslumarkskerfið ásamt tilheyrandi beingreiðslum hefur um alllangt skeið verið þungamiðjan í opinberum stuðningi við mjólkurframleiðslu í landinu og afskaplega veigamikill þáttur í afkomu kúabænda. Því skiptir miklu máli að bændur geri sér sem skýrasta grein fyrir eiginleikum þess. Góð leið til þess arna eru rökstudd skoðanaskipti um meinta kosti þess og galla.

### *Greiðslumarkskerfið og hagkvæmni þess*

Greiðslumarkskerfið í kúabúskap má rekja til búvörusamnings sem gerður var 1992 og fest í búvörulög árið 1993 (lög nr. 99/1993). Greiðslumark gefur rétt á greiðslum úr ríkissjóði, svonefndum beingreiðslum, fyrir mjólkurframleiðslu upp að greiðslumarkinu.

Í fyrrnefndri skýrslu sem ráðgjafarfyrirtækið Hagrannsóknir sf. gerði árið 2016 er sýnt fram á að svo framarlega sem heildargreiðslumark sé ekki sett of hátt, séu beingreiðslur til bænda á grundvelli greiðslumarks skilvirk leið til að koma fjárstuðningi til bænda án þess að brengla framleiðsluhætti.

Síðan greiðslumarkskerfinu var komið á hefur orðið mjög mikil framleiðniaukning í mjólkurframleiðslu. Fyrirliggjandi athuganir benda til að sú aukning í framleiðni (tæknilega kölluð heildarþáttaframleiðni) hafi numið 2,5–4% á ári að jafnaði. Er það mikil breyting frá þeirri þróun sem áður var í mjólkurframleiðslu og langt umfram framleiðniaukningu flestra annarra atvinnuvega á Íslandi á sama tímabili. Bæði bændur og neytendur hafa notið ábatans af þessari framleiðniaukningu.

### *Fjárbinding í greiðslumarki og fjármagnskostnaður*

Guðrúnu Huldu verður starsýnt á þá fjárbindingu sem felst í greiðslumarkinu og gerir mikið úr tilheyrandi fjármagnskostnaði. Ég fæ hins vegar ekki betur séð en að staðreyndir málsins séu talsvert öðruvísi en henni sýnist.

Það er fyrst að nefna að bændur fengu upphaflegt greiðslumark án þess að greiða fyrir það. Það er því ekki um það að ræða að þeir hafi þurft að fjármagna þá eign með lánsfé og greiða fyrir vexti. Þvert á móti bætti tilkoma greiðslumarksins (að því marki sem það var verðmætt) efnahag bænda og styrkti greiðslugetu þeirra. Tilkoma greiðslumarksins hefði því að öðru jöfnu átt að lækka þann fjármagnskostnað sem bændur voru krafðir um. Þannig standa rök til þess að greiðslumarkskerfið sem slíkt hafi lækkað fjármagnskostnað bænda en ekki hækkað hann.

Kaup á greiðslumarki krefjast hins vegar vissulega fjármögnunar. Sá fjármögnunarkostnaður fellur á kaupandinn sem telur sig væntanlega hagnast á viðskiptunum engu að síður. Seljandinn sem auðvitað er einnig bóndi breytir greiðslumarki sínu í handbært fé. Hans fjárbinding minnkar því um söluverðið og þar með hans fjármagnskostnaður. Augljóst er að engin ástæða er til að ætla að samanlagður fjármagnskostnaður viðskiptaaðila, sem væntanlega eru báðir kúabændur, vaxi þrátt fyrir viðskipti þeirra með greiðslumark.

Eina leiðin til að hafa áhyggjur af aukinni skuldsetningu og vaxtakostnaði vegna viðskipta með greiðslumark er að skoða aðeins eina hlið viðskiptanna, þ.e. kaupandann, en gleyma hinum aðilanum, sem einnig er kúabóndi a.m.k. þar til viðskiptin eru frágengin.

### *Er unnt að nota fjármagnskostnaðinn í annað?*

Guðrún Hulda spyr með fyrirvörum um að hún sé e.t.v. að „ofureinfalda“ málið hvort ekki sé betra að nota það fé sem fer í að borga fjármagnskostnaðinn af greiðslumarkinu í eitthvað þarfara í búrekstrinum.

Stutta svarið er að það sé því miður ekki unnt. Fyrir því eru nokkrar ástæður.

Í fyrsta lagi er augljóst að til þess að þessi fjármagnskostnaður hverfi þarf að leggja niður greiðslumarkskerfið. Sé það enn til staðar mun ætíð liggja í því fjárbinding og tilsvarandi fjármagnskostnaður.

Í öðru lagi er fjármagnskostnaður af þeim hluta greiðslumarks sem fjármagnaður er með lánum samningsbundin skuld við lánveitanda. Sú skuld félli ekki niður og fjármagnskostnaður af henni yrði ugglaust innheimtur þótt greiðslumarkskerfið væri aflagt. Því til viðbótar þyrftu viðkomandi bændur að greiða niður höfuðstól lánsins án nokkurrar eignamyndunar í greiðslumarki. Þessar bændur myndu því alls ekki bæta hag sinn heldur verða fyrir tilfinnanlegu tjóni.

Í þriðja lagi er fjármagnskostnaður af þeim hluta greiðslumarks sem ekki er fjármagnaður með lánsfé einungis reiknistærð. Þeirri reiknistærð er ekki unnt að breyta í reiðufé með afnámi greiðslumarkskerfisins. Hún hverfur einfaldlega með greiðslumarkskerfinu. Á hinn bóginn myndi efnahagur viðkomandi bænda rýrna sem nemur fyrri eign þeirra í greiðslumarki. Lánstraust þeirra í fjármálakerfinu myndi þá ugglaust rýrna að sama skapi og fjármagnskostnaður hækka.

### *Lokaorð*

Það eru hagsmunir bænda og þjóðhagslegt lykilatriði að stuðningskerfi við landbúnaðinn

(i) nýtist sem allra best til að bæta hag bænda á líðandi stund,

(ii) sé til þess fallið að auka framleiðni og styrkja þannig landbúnaðinn og afkomu bænda til framtíðar,

(iii) sé til þess fallið að tryggja neytendum öruggt framboð á heilnæmum landbúnaðarvörum,

(iv) sé skýrt og gagnsætt.

Greiðslumarkskerfið í kúabúskap nær þessum fjórum markmiðum. Því er miklu vænlegra fyrir bændur og raunar samfélagið í heild að styrkja það fremur en veikja.

*Höfundur er prófessor emeritus í hagfræði við Háskóla Íslands.*

# Hæ, öll, bestu vetrardekkin eru ónegld!

**Nú þurfum við ekki lengur að aka á negldum vetrardekkjum til að tryggja öryggi okkar og þeirra sem við elskum.**


Lárus Elíasson.

Samtímis getum við sparað samfélaginu mikla fjármuni með því að slíta götum eins og við ökum á einum bíl, en ekki 20 samtímis. Líka ef við ökum öll á naglalausum dekkjum þá fórnum við ekki 300 íslenskum lífárum árlega.

Þessi gleðitíðindi hafa litla athygli fengið, kannski vegna þess að gömul reynsla segir annað og mögulega er Pisa-læsi ekki bara slök hjá ungmennum, heldur hjá þeim eldri líka.

Í FÍB blaðinu (3. tbl. 2023) er dekkjapróf frá norsku og sænsku systursamtökum FÍB. Niðurstöður þeirrar könnunar eru ekki birtar hér heldur er fjallað um meðvitað eða ómeðvitað getuleysi FÍB til að lesa í þessar prófunarniðurstöður.

Prófuð voru átta negld og átta ónegld vetrardekk í sitt hvoru lagi. Niðurstaðan sem EKKI er dregin fram er samt sláandi. Bestu ónegldu vetrardekkin koma betur út úr sama prófi en bestu negldu vetrardekkin. Reyndar eru þrjú bestu ónegldu vetrardekkin




jafngóð eða betri en besta neglda vetrardekkið. Á sama skala má sjá að lélegustu negldu vetrardekkin eru skárri en lélegustu ónegldu vetrardekkin, sem er reyndar í samræmi við reynslu margra eldri ökumanna, sem hafa þá hreinlega misst af tækniþróuninni í gerð nýjustu ónegldra vetrardekkjanna.

Af hverju þetta er ekki dregið fram er óskiljanlegt. Nema þá ef það samræmist ekki úreltum skoðunum einhverra hjá FÍB, sem þá birta niðurstöðu sem þau eru annaðhvort ekki (Pisa) læs á, eða kjósa að þegja yfir þar sem þær hugnast þeim ekki.

Niðurstaðan er samt sláandi. Ef þú vilt vera örugg, aktu þá á einu af bestu naglalausu vetrardekkjunum.

Einhver kann að segja að þetta sé heildarstigagjöf og eigi ekki við akstur á ís. En því er til að svara að besta neglda dekkið og þriðja besta ónegldа vetrardekkið fá sömu stigagjöf fyrir akstur á ís.

Með óskum um að nota rannsóknir, vísindi og staðreyndir í umfjöllun um málefni í stað gamalla bábilja.

*Höfundur er skógarbóndi í Rauðsgili.*

## Báknið:

# Grýlan er rammíslensk

**Í skýrslu sem Margrét Einarsdóttir lagaprófessor vann fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið um innleiðingu EES-reglna í landsrétt á málefnasviði ráðuneytisins á árunum 2010–2022, kemur fram að í 41% tilvika voru reglurnar meira íþyngjandi en EES-samstarfið kveður á um.**


Oddný Anna Björnsdóttir.

Ef eingöngu er litið til sl. fjögurra ára var hlutfallið 50% sem sýnir að vandamálið hefur verið að aukast. Þessi herðing á reglum og heimasmíðuðu ákvæði hafa verið kölluð gullhúðun eða blýhúðun. Eitt lítið dæmi sem útskýrir vandann mjög vel er þegar ákveðið var í innleiðingarferli að krefjast þess að lagnir í jörð færu í umhverfismat ef þær væru lengri en 1 km þó regluverk ESB krefðist þess að það yrði gert ef þær væru lengri en 40 km.

Annað dæmi er þegar innleiddar voru íþyngjandi reglur á stórfyrirtæki. Á Íslandi var fjöldi þeirra fyrirtækja teljandi á fingrum annarrar handar og því var ákveðið að útvíkka þær svo þær næðu einnig til minni fyrirtækja sem hafði óþarfa íþyngjandi áhrif á hundruð fyrirtækja. Um þetta var fjallað á framleiðsluþingi Samtaka iðnaðarins á dögunum en upptökuna má nálgast á vef samtakanna.

### *Dregur úr verðmætasköpun og samkeppnishæfni Íslands*

Undirrituð hefur kosið að nota orðið blýhúðun frekar en gullhúðun því það lýsir betur áhrifum íþyngjandi regluverks þegar það leggst af fullum þunga yfir atvinnulífið og borgarana. Blýhúðunin dregur úr framkvæmdavilja, verðmætasköpun, veldur óþarfa töfum og eykur kostnað við verk og athafnir. Fyrirtæki hafa svo engra annarra kosta völ en að velta þessum heimatilbúna aukakostnaði út í verðlagið.

Blýhúðunin á einnig við um regluverk sem almenningur þarf að lúta og skerðir því að óþörfu ráðstöfunartekjur og dýrmætan tíma venjulegs fólks. Heildaráhrifin eru þau að blýhúðunin dregur úr lífsgæðum og hagsæld hér á landi sem og samkeppnishæfni Íslands.

### *Ekki allt ESB / EES samningum að kenna*

Samtök smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli (SSFM/BFB) hafa um árabil bent á að regluverk Evrópusambandsins sé ekki sú Grýla sem margir vilja meina að það sé, heldur sé Grýlan að stórum hluta alíslensk, eins og móðir íslenskra jólasveinanna.

Grýlan birtist ekki einungis í hertari reglum og heimasmíðuðum ákvæðum í innleidda regluverkinu. Þegar kemur að framkvæmdinni læsir hún klónum ekki síður í fólk og fyrirtæki.

Með því er átt við þær heimatilbúnu hindranir sem eftirlitsaðilar búa allt of oft til í leyfisveitingaferlinu og við reglubundið eftirlit sem og viljaleysið til að nýta það svigrúm sem þó er gefið í innleidda regluverkinu, sinna leiðbeiningaskyldu og virða tímafresti.

### *Losum heimatilbúnu hlekkina*

Utanríkisráðherra skipaði á dögunum starfshóp um aðgerðir gegn umræddri gullhúðun. Í frétt frá ráðuneytinu kemur fram að „starfshópurinn skuli taka mið af fyrri vinnu og skoða einstök tilvik um gullhúðun sem hópurinn fær ábendingar um eða hafa komið fram á öðrum vettvangi. Hópurinn geti í framhaldi af því lagt til almennar úrbætur eða vegna einstakra mála sem eru til þess fallnar að draga úr áhættunni á að gullhúðun eigi sér stað.“



Ekki er dregið úr mikilvægi þeirrar vinnu, þá sérstaklega ef hópurinn kemur með hugmyndir að úrbótum sem koma í veg fyrir að hægt sé að blýhúða regluverkið án vitundar og umræðu á Alþingi. En það er morgunljóst að ekki er nóg að skoða handahófskennt einstök mál á ólíkum málefnasviðum.Nauðsynlegt er að hver og einn ráðherra fái sérfræðing til að rýna regluverkið á sínu málefnasviði og gera sambærilega skýrslu. Engin ein aðgerð hefur meiri möguleika á að draga úr óþarfa kostnaði og verðbólgu en sú aðgerð; og það besta er að kostnaðurinn við slíka vinnu er brotabrotabrot af þeim fjárhagslega ávinningi sem hún hefur möguleika á að skapa. Matvælaráðuneytið er þar engin undantekning enda erum við í SSFM/BFB ekki í nokkrum vafa um að niðurstaðan yrði sambærileg ef regluverkið á málefnasviði þess yrði rýnt; enda bent á ýmis tilvik í ræðu og riti á undanförnum árum.

### *Skorum á starfandi matvælaráðherra*

Við skorum því á starfandi matvælaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, að fara fram á sambærilega úttekt án tafar, enda fáar aðgerðir betur til þess fallnar að auka innlenda matvælaframleiðslu og gera hana arðbærari. Ekki er vanþörf á.

*Höfundur er framkvæmdastjóri SSFM/BFB.*

# Gerist ekkert hjá VG?


Álfhildur Leifsdóttir, oddviti VG og óháðra í Skagafirði.


Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir, oddviti VG í Suðurkjördæmi.

**Nú á tímum orkuskipta er mikilvægt að næg orka sé til svo hægt verði að halda áfram á þeirri braut í þágu þjóðar, umhverfis og náttúru.**

Þar er mikilvægt að gæta hagsmuna almennings og heimila í landinu með jöfnuð og hófsemi að leiðarljósi. Orkan er nefnilega sameiginleg auðlind þjóðarinnar sem á að nýtast okkur öllum á sem hagstæðustu verði. Þar er aldeilis ekki skynsamlegt að framleiða stöðugt meira náttúrunni okkar til skaða, heldur verður að staldra við og leggja allt kapp á að nýta betur aflið frá þeim auðlindum sem þegar hafa verið virkjaðar. Um leið þarf að skilgreina í hvað orkan fer og bæta flutningsleiðir hennar þannig að hún dreifist vel um landið og ekki þurfi að notast við mengandi orkugjafa. Þá fyrst verður hægt að fara skynsamlega af stað í næstu skref.

Landsvirkjun heldur stöðugt uppi svörtustu sviðsmynd af orkuskorti, hugsanlega vegna þess að hún hefur kosið að selja of mikla orku til stóriðjunnar. Á meðan aðrir benda á að hér á landi sé ekki orkuskortur, enda framleiði Íslendingar mest allra þjóða af grænni orku miðað við höfðatölu. Eðlilega verður almenningur ringlaður þegar hvor höndin er svona uppi á móti annarri, ýmist er til næg orka eða ekki í landi sem framleiðir einna mest af grænni raforku í heimi. Vantar raforku fyrir almenning eða er verið að horfa til erlends markaðar og samkeppni? Hvað er rétt og hvernig getum við staðið vörð um heimilin í landinu og séð til þess að orkan verði áfram aðgengileg á sanngjörnu verði fyrir þau öll?

Það hefur aldrei verið mikilvægara að taka stöðuna og greina bæði orkuþörf og orkusóun um leið og tryggt verði að heimilin séu ávallt í forgangi. Staðreyndin er að mengandi stóriðja notar 80% af raforku landsins. Önnur fyrirtæki nota um 15 % raforkunnar og heimilin nýta sér einungis 5% hennar. Með því að markaðssetja orkuna og bjóða hana hæstbjóðanda er verið að forgangsraða henni í þágu fárra. Arðurinn af þessari auðlind okkar allra verður þá ekki í formi hagstæðrar orku til landsmanna heldur fer hann í arðgreiðslur til örfárra líkt og við þekkjum hvað varðar aðrar auðlindir. Því verður að tryggja heimilum aðgang að orku og heitu vatni á sanngjörnu verði með lagasetningu því það eru þau sem sannarlega eiga að njóta góðs af þessari auðlind um ókomna tíð.

Ráðherra orkumála segir í viðtölum að lítið hafi gerst í raforkumálum síðustu 15 árin. Hann vill meina að engin umræða hafi verið um orkumál eða græn orkumál almennt þegar hann tók við ráðuneytinu. Að hans mati ganga loftslagsmál út á það að verið er að skipta bensíni, dísel, kolum og gasi út fyrir græna orku sem er töluverð einföldun. Hann gerir lítið úr öðrum aðgerðum líkt og flokkun sorps og vitnar til eigin grænbókar og COP, þar sem fram kom að þrefalda þurfi alla græna orkuframleiðslu í heiminum í það minnsta. Við lýsum furðu okkar á þessu og viljum meina að það sé einfaldlega ekki verið að vísa til okkar, þjóðarinnar sem framleiðir mesta græna orku miðað við höfðatölu eins og áður hefur komið fram. Þessi vilji ráðherrans til að framleiða meira af orku virðist einfaldlega vera til að setja hana á erlendan markað enda flokkur hans fjallað um möguleika á aukinni framleiðslu okkar Íslendinga á grænni orku vegna skorts á erlendum mörkuðum.

Það er nefnilega margt sem hefur gerst í umhverfis- og loftslagsmálum síðustu fimmtán ár og ekki síður í raforkumálum. Að halda öðru fram er hjákátlegt og bagalegt að ráðherra málaflokksins sé svo illa að sér í málefnum eigin ráðuneytis. Sem dæmi má nefna Búðarhálsvirkjun sem gangsett var fyrir tæpum 10 árum og framleiðir um 595GWst á ári. Þá var stækkun Búrfellsvirkjunar tekin í notkun 2018 og jók rekstraröryggi og sveigjanleika raforkukerfisins og orkugetu um allt að 300GWst. Jarðavarmavirkjun á Þeistareykjum var gangsett 2017 með framleiðslu upp á 738GWst á ári og stækkun Reykjanesvirkjunar, sem lauk árið 2023, jók framleiðslugetu hennar og er ársframleiðsla hennar því 830GWst á ári. Brúarvirkjun í Tungufljóti var sett af stað árið 2020 með framleiðslugetu upp á 82,5GWst og stækkun Hellisheiðarvirkjunar sama ár jók framleiðslugetu hennar í 2.300GWst á ári. Þetta er eitthvað, ekki satt? Á vakt VG voru rammaáætlanir unnar og samþykktar og í júní 2022 samþykkti Alþingi 3. áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu landsvæða, sem unnin var á árunum 2017-2021. Þá talaði ráðherra fjálglega um að með afgreiðslu rammaáætlunar væri mikilvægum lið í metnaðarfullum markmiðum Íslands í loftslagsmálum náð.

Á meðan Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur staðið vörð um náttúruna og gætt að hófsamri nýtingu hennar til orkuöflunar hafa aðrir flokkar flestir verið með stöðugan áróður um orkuskort.

Verðmæti náttúrunnar Íslands eru gríðarleg. Okkur hefur verið falið að gæta hennar með öllum hennar víðernum, fossum, jöklum, jarðhitasvæðum og einstökum jarðmyndunum. Náttúra landsins er einstök og eftirsóknarverð. Sá mikli fjöldi ferðamanna sem heimsækir landið til að upplifa náttúruna er vitnisburður þess. Eigum við að fórna henni fyrir allar hugmyndir, stórar og smáar, sem ekki miða að því að mæta loftslagsmarkmiðum okkar? Eða ætlum við að tryggja heimilum forgang að raforku, fara vel með auðlindina okkar og halda jafnvægi þegar kemur að sambúð okkar og náttúrunnar.

*Höfundar sitja í stjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.*















# „Fjall er merkileg eign“



Þorsteinn frá Hamri.

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Þorsteini frá Hamri.**

Þorsteinn (Jónsson) frá Hamri var fæddur 15. mars 1938 að Hamri í Þverárhlíð í Borgarfirði. Hann lauk gagnfræðaprófi og landsprófi frá Reykholtsskóla 1954 og stundaði síðan nám í Kennaraskóla Íslands 1955 til 1957. Þorsteinn vann sem aðstoðarbókavörður á Bókasafni Kópavogs frá 1961 til ársins 1967, en frá þeim tíma hafði hann ritstörf að aðalstarfi. Þorsteinn vann jafnframt að gerð útvarpsþátta, prófarkalestri og þýðingum.




Fyrsta ljóðabók Þorsteins, Í svörtum kufli, kom út árið 1958. Þorsteinn var afkastamikið ljóðskáld en ritaði einnig skáldsögur og þætti. Fyrsta skáldsaga hans, Himinbjargarsaga eða Skógardraumur, ævintýri kom út 1969. Hann var einnig ötull þýðandi og þýddi m.a. fjölmargar barnabækur. Hann lést árið 2018.

Þorsteinn hlaut fjölda viðurkenninga fyrir ritstörf sín, meðal þeirra má nefna Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 1992 fyrir ljóðabókina Sæfarinn sofandi, riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu fyrir ritstörf árið 1996, heiðurslaun Alþingis árið 2001 og verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu árið 2009. Þorsteinn var gerður að heiðursfélaga Rithöfundasambandsins árið 2006. */sá*

*... Þó hefur margur maðurinn eignazt sína friðarvin hér lengra upp um óbyggðina. Bændur hafa löngum minnzt hljóðlátra stunda við heiðavötnin, og þess eru dæmi að menn hafi legið þar við dorg við köld kjör einir, horfið þangað síðan á efri árum og trúlega dáið í heiðina að lyktum. Hvítsíðungar áttu fyrrum seljaland gott á Kjarradal, og þótt mörgu hafi verið logið um seljasælu voru þar sumargrið, stundarhlé á hinni venjubundnu vinnuþrælkun heima fyrir. ...*

Möttull konungur eða Caterpillar, úr kaflanum Staðir norðan Strúts; Brunnur. 1974. Ritsafn, Iðunn, 1998.

***Fjall***

*Fjall sem þú ert að skoða og fást við hefur margar hliðar og fleti; þú gengur umhverfis það, klífur það og kannar hvert drag, hvern dýjakrók, hverja skriðu, einkum með tilliti til greiðfærra leiða. Þó er fremur ólíklegt að þú bindir mesta tryggð við þá staði þar sem uppgangan er auðveldust og ferðalangar leita helzt útsýnis. Því fjall er merkileg eign: þegar alls er gætt sérðu fjall einungis frá þeirri ógleymanlegu hlíð sem þér var gefið það.*

Fiðrið úr sæng Daladrottningar, 1977. Ritsafn, Iðunn, 1998.

***Mörg eru ljóðin***

*Mörg eru ljóðin glaðbeitt og græn*
*ofsareið og eldrauð*
*blá eins og heiðríkjan*
*brún eins og lyng haustsins*
*og koma inn til manna auðmjúk*
*eða krefjandi.*

*Vera má að önnur ljóð segi öllu færra;*
*sum koma sjóvot*
*og sumum fer eins og*
*beitarhúsmanni*
*sem barizt hefur alla nóttina við*
*staðardrauginn:*

*það líður yfir þau í ljósinu.*

Fiðrið úr sæng Daladrottningar, 1977. Ritsafn, Iðunn, 1998.



Þorri:

# Hrútspungar og heimagerð BBQ-sósa

**Einn af meginþáttum þorra er neysla hefðbundinna íslenskra matvæla sem kallast þorramatur. Er hann oft varðveittur með geymsluaðferðum eldri tíma, á borð við súrsun, gerjun eða á annan svipað heillandi máta, en þó í hugum margra hið mesta hnossgæti. Þótt réttirnir kunni að virðast óvenjulegir fyrir þá sem ekki tilheyra þessari þjóð hafa þeir mikla menningarlega þýðingu fyrir Íslendinga og njóta sín sem hluti af þorrahátíðinni.**



**Sigrún Pétursdóttir**
sigrunpeturs@bondi.is

Nokkur dæmi um þorramat eru hákarl, hvalur, súrsaðir hrútspungar, svið, lundabaggar, lifrarpylsa, riklingur, kannski rúllupylsa, saltkjöt og hangikjöt sem við nútímamennirnir þekkjum helst. Margir kannast við magále, bringukolla, hnakkaspik og rafabelti en það er síður á boðstólum.

Sú nýlunda kom á markað fyrir tæpum áratug að boðið var upp á lambatittlinga, en hversu girnilegt það þykir að láta slíkt inn fyrir sínar varir fylgir ekki sögunni.

***Nýjung Naustsins, þorramatur í trogi***

Þorramatur hefur ekki alltaf verið auðfenginn þó svo mætti telja en var helst í boði innan lokaðra félagasamtaka. Um miðja öldina voru landsmenn orðnir þyrstir í þessa rammíslensku fæðu og tók eitt vinsælasta veitingahús Reykjavíkur skref sem átti aldeilis eftir að vinda upp á sig enda forveri þess sem við þekkjum í dag sem svokallaðan „matseðil þorrablóts“.

Það var árið 1956 sem grein í Morgunblaðinu kynnir „Nýjung í Nausti“. Fjallaði greinin um þá nýlundu að boðið yrði upp á mat að

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
www.byggd.is
TRAUST FASTEIGNASALA
464 9955 byggd@byggd.is
SKIPAGATA 16 ◇ OPIÐ KL. 9-17 FÖS 9-16 ◇ FASTEIGNASALAN BYGGÐ
VÍÐIGERÐI Í EYJAFJARÐARSVEIT



**Til sölu er jörðin Víðigerði í Eyjafjarðarsveit í um 16 km aksturs-fjarlægð frá Akureyri.** Á jörðinni stendur stórt einbýlishús á þremur hæðum, hlaða, votheysturn, fjós sem var fyrst byggt árið 1967 og viðbygging frá 2008. Lítið alifuglahús, fjárhús og hlaða við það sem stendur efst og nyrst af byggingunum. Einnig eru þar tvær véla og verkfærageymslur, neðst bygginga á jörðinni.

Stærð jarðar er talin vera um 200 ha. og af því ræktað land um 50 hektarar Jörðinni fylgir um 235 þús l. mjólkurkvóti, nú 45 mjólkandi kýr og 40 aðrir gripir í uppeldi Tæki sem fylgja skv. tækjalista sem má nálgast með því að hafa samband á skrifstofu



Leiklist:

# Leiklistarráðstefna í Retz

**Tuttugasta og fimmta ráðstefna IDEA Drama / Theatre in Education verður haldin dagana 22. til 27. mars, í Retz, Austurríki, nú í 50. skipti.**

IDEA (*International Drama/Theatre and Education Association*) eru samtök einstaklinga og fagfélaga sem styðja og efla leiklist og fræðslu henni tengdri. IDEA er opið svæðisbundnum og alþjóðlegum samtökum sem og öðrum stofnunum, aðilum, tengslanetum, samtökum, menntastofnunum eða einstaklingum sem starfa við leiklist og menntun.

Um ræðir alþjóðlega leiklistarráðstefnu IDEA sem haldin hefur verið árlega nú í 50 ár. Munu fastagestir, sumir sem mætt hafa alveg frá upphafi, standa fyrir uppákomum eða fræða og gleðja gesti með minningum sínum.

Meginviðfangsefni ársins í ár hefur yfirskriftina: Samskipti & umhyggja – hvert barn skiptir máli, staður unga fólksins í heiminum eða *Sharing&Caring – every child matters, The Place of Young People in our World* á frummálinu. Litið er til þess að sérhver þátttakandi kynnir persónulegt sjónarhorn inn í heim leiklistar með reynslu sinni og menntun – sem á móti gerir ráðstefnuna bæði farsælli og fjölbreyttari.

Farið verður yfir ýmis málefni og línurnar lagðar fyrir næstu fimmtíu árin þar sem þátttakendur eru hvattir til að koma hugmyndum sínum á framfæri með samvinnu og hugmyndaflæði. Vinnustofudagar eru á dagskrá, fyrirlestrar og kynningar – fjölbreytt leikhúslíf er í nánasta umhverfi og að sama skapi er víngerð rík í menningunni og því upplagt að kynna sér hana einnig að einhverju leyti.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu BÍL www. leiklist.is eða á síðunni www.ideadrama.org. */sp*

fornum hætti, í trogi hvorki meira né minna og sjálfskeiðungur og gulaldinvatn með. Var þetta hugmynd veitingamannsins Halldórs Gröndal, eiganda veitingastaðarins Naustið, sem lét smíða trogin sérstaklega fyrir veitingahúsið, eftir trogi sem var til sýnis í Þjóðminjasafninu.

Kom hugmyndin til vegna þess að yfir árin höfðu ýmis átthagafélög boðið félagsmönnum sínum upp á mat, verkaðan að fornum hætti, sem torfengur var öðrum. Segir svo í fréttinni:

*„Nú á síðasta aldarfjórðungi hafa ýmis átthagafélög tekið upp þann sið að hafa þorrablót og láta bera þar á borð íslenzkan mat, verkaðan að fornum hætti: reyktan, súrsaðan og morkinn. Matur sá, sem þarna hefur verð á borðum, hefur verið torfenginn ella, og hefur það verið sælkerum bæjarins nokkurt áhyggju- efni. Má reyndar telja fullvíst, að átthagafélag Strandamanna og önnur slík samtök séu góður félagsskapur, en ekki er til þess ætlazt, að þar komi aðrir en þeir, sem geta rakið ættir sínar í viðkomandi héruð, svo að ýmsir hafa ekki átt þess neinn kost að snæða það góðmeti, sem hér um ræðir. Hinn hugkvæmi veitingamaður í Nausti við Vesturgötu, Halldór Gröndal, hefur nú gert ráðstafanir til að hér verði bót á ráðin. Frá og með deginum í dag geta menn fengið þar í veitingahúsinu sérstaklega tilreidda íslenzka máltíð, en þar sem allmikið þarf fyrir öllum undirbúningi að hafa verður ekki unnt að selja matföng þessi nema keypt sé máltíð handa 3 saman hið fæsta. Maturinn verður reiddur fram í trogum. Hafa þau verið smíðuð sérstaklega fyrir veitingahúsið eftir trogi í Þjóðminjasafninu. í þeim verður margvíslegur matur og fær hver maður óskammt- að. Ekki verður þess kostur að fá aska til að snæða úr, heldur við borð dúkað með venjulegum hætti og hnífapör við hvern disk. Jafnframt er þó sjálfskeiðungur látinn hjá diskunum, og má því stýfa matinn úr hnefa, ef fólk vill. Eru bornar handlaugar — litlar leirskálar með vatni og gulaldinskífum — fyrir hvern mann, ef þeir vilja þvo hendur sínar að máltíð lokinni.“*

### *Þorrapitsa?*

Í dag er áhugi fyrir þorramat því miður eitthvað að þverra með yngri kynslóðum. Mögum þykir gaman að smakka en eiga erfitt með að koma niður helstu bitunum þó gjarnan vildu. Til gamans tók annar bekkur Hótel- og veitingaskólans létt tvist á þessu þjóðarhnossgæti okkar, en í þætti RÚV, *HVAÐ ER Í GANGI,* föstudaginn 26. janúar sl., kepptu nemendur um gerð „bestu þorrapitsunnar“.

Má nærri geta að frumlegheitin hafi verið í fyrirrúmi, enda þurftu keppendur, sem skipt var í fjögur lið, að nota þrenns konar þorramat í bland við annað og mátti velja um sviðasultu, svið, hrútspunga, lifrarpylsu, blóðmör, hákarl og hangikjöt.

Þáttastjórnendum var boðið upp á smakk, en áttu að mestu erfitt með að halda andlitinu og ekki er hægt að segja að pitsan hafi beinlínis runnið ljúflega niður.

Hinrik Carl Ellertsson matreiðslumeistari fór í sæti dómara og var niðurstaðan sú að pitsa þriðja liðsins hlyti fyrstu verðlaun.

**Pitsa 1.** Krispí hangikjöt, steikt svið, sviða- og rjómaostasósa.
**Pitsa 2.** Hákarl, rjómaostur, graslaukur, hangikjöt og svið.
**Pitsa 3.** Hrútspungar, rjómaostur, svið (tunga, kinn baconstyle,) oregano, sætpikklað fennel, graslaukur.
**Pitsa 4.** Var ekki pitsa heldur Wellington; fars með eggjahvítum, rjóma, sviðasultu, blóðmör, hrútspungum og heimagerðri BBQ-sósu.

Með þessum niðurstöðum og mögulegri framþróun er því örlítil von til þess að þorramatur haldi velli sem hátíðargóðgæti, en það veltur víst á matgæðingunum sem nú vaxa úr grasi.



Trogið með þorramatnum útbúið í Nausti. Frá vinstri eru Geir Magnússon yfirmatsveinn, Halldór Gröndal veitingamaður, Páll Arnljótsson þjónn og Bragi Ingvarsson matsveinn. Mynd / timarit.is

## Til upplýsingar

**Rafabelti:** Feitasti hluti lúðu, uggarnir og holdið næst þeim.

**Magálar:** Reykt eða súrsuð slög af sláturdýrum.

**Riklingur:** Lengjur af heilagfiski og steinbít hertar eða ætlaðar til herðingar.


Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur

Vélaskólinn
Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu
www.velaskolinn.is

Fjósbitar frá Andersbeton fyrir kýr og ungviði.
Gólfplötur undir allar gerðir mjaltaþjóna.
Flutt heim á býli.

Flatgryfjur og fylgihlutir, ss. yfir, hliðar og undirplast, fergingarnet, dekkjahringir og jöfnunarvalsar.

Rúlluplast bæði með og án meindýravarna, ss. vörn bæði fyrir fugli og músum.
Rúllunet og bindigarn.
Verð á plasti og neti miðað við afhendingu á býli.

Haughrærur og dælur.

Litli Krummi ehf.
Benedikt Hjaltason
s.8946946
fjosbitar@simnet.is




BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
STÖÐLUÐ STÁLGRINDARHÚS
Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²
Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó-og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum.
Hafðu samband: bondi@byko.is




XWolf 700L
• Bein innspýting
• 4x4
• Driflæsing
• Rafstýri
• Sjálfskipt CVT
1.690.000 kr.
Án vsk. 1.362.903,-
AFLVÉLAR
TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI
Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is
2018 2023 Strongest in Iceland

Vélabásinn:

# Upplagður í ófærðina

## – Prufuakstur á Polestar 2



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Polestar 2 fékk nýlega andlitslyftingu (e. facelift). Breytingarnar eru smávægilegar þegar kemur að útlitinu en framleiðandinn hefur stækkað rafhlöðuna og gert mótorana skilvirkari.

Myndir / ál

**Hér er tekin til kostanna uppfærð útgáfa af Polestar 2 Long range Dual motor rafmagnsbílnum.**

Þetta er meðalstór fólksbíll sem keppir helst við bíla eins og Tesla Model 3 og Hyundai Ioniq5. Smávægilegar breytingar eru á ytra útliti á meðan helsta uppfærslan felst í stærri rafhlöðum og skilvirkari aflrás.

Nýja útgáfan er auðþekkjanlegust þegar horft er á grillið sem er núna heil plata samlit bílnum, á meðan grillið á eldri bílnum var dökkt og með mynstri. Þar sem Polestar 2 var einstaklega fríður bíll til að byrja með hefur ekki verið nein þörf á frekari breytingum. Ýmis útlitseinkenni sverja sig í ætt við bíla frá Volvo, sem er systurfyrirtæki Polestar. Þar er augljósast að nefna framljósin.

### *Hefðbundin innrétting*

Þegar stigið er um borð tekur dökk og fallega hönnuð innrétting á móti manni. Hún minnir á vandaðan skandínavískan húsbúnað og svo gott sem allt sem fingurnir geta snert er ýmist fóðrað, mjúkt eða úr þéttu og þykku plasti. Umhverfið er á margan hátt hefðbundið og er ekkert sem kemur á óvart.

Á milli sætanna er stuttur hnúður til að velja á milli gíra og á bakvið stýrið hefðbundnar stangir fyrir ljós og rúðuþurrkur – eitthvað sem er ekki til staðar í nýja Tesla Model 3. Stýrishjólið er klætt með leðri sem er milt viðkomu og er það með takka fyrir hraðastilli og helstu skipanir fyrir útvarpið. Þar að auki er hiti í stýrinu. Geymsluhólfið milli sætanna er ekki sérlega stórt en á móti kemur víðáttumikið hanskahólf. Þá er einn glasahaldari rétt framan við armpúðann og djúpir hurðavasar beggja vegna.

### *Snertiskjár ekki alltaf augljós*

Í miðri innréttingunni er býsna smekklegur margmiðlunarskjár. Hann er ekki felldur inn í innréttinguna, heldur stendur hann út og er á hæðina, ekki breiddina eins og algengast er. Það tók undirritaðan smá tíma að læra inn á kerfið og eru sumar skipanir ekki alveg augljósar. Á þriðja degi rambaði blaðamaður á flýtilykilinn til að komast á heimaskjáinn. Þrátt fyrir þetta er stýrikerfið ekki alslæmt og nýtist skjárinn vel í það sem hann á að gera.

Þeir sem eru með iPhone geta tengst skerminum með Apple CarPlay á meðan þeir sem eru Android-notendur geta ekki varpað símanum í skjáinn. Sem betur fer eru forrit eins og Spotify og Google Maps innbyggð í kerfið og því ekki mikill missir af Android Auto. Allir símar með Bluetooth geta auðveldlega náð sambandi við kerfið fyrir símtöl og tónlistarspilun.

### *Sæti eins og í Volvo*

Eins og Volvo er von og vísa þá eru þægileg sætin í Polestar 2. Í þessum tiltekna bíl voru þau klædd svörtu taui sem bar ekkert annað með sér en að vera vandað. Rétt er að nefna að sætin eru nokkuð djúp og er hægt að ímynda sér að fólk með viðkvæmar mjaðmir og hné geti átt erfitt með að setjast um borð. Framsætin geta farið langt aftur, en það eru mikil vonbrigði að aðdrátturinn í stýrinu er takmarkaður. Því þurfa háir ökumenn sem vilja rétta úr fótunum að teygja sig nokkuð langt í stýrishjólið



Allir bílar sem hafa komið nýlega frá systurfyrirtækjunum Volvo og Polestar hafa hitt naglann algjörlega á höfuðið þegar kemur að útliti. Polestar 2 er engin undantekning.



Innréttingin er dökk og vel útfærð. Geymsluhólf milli sæta er takmarkað en hanskahólfið er rúmgott.



Skotthlerinn er stór og gefur gott aðgengi að farangursrýminu.

Rýmið í aftursætunum er nokkuð takmarkað og er erfitt að sjá fyrir að fullorðnir einstaklingar geti unað sér vel þar. Ef framsætin eru færð aðeins fram komast fæturnir fyrir, en mjög lágt og þröngt er til lofts. Láti maður sig síga rekast hnén í framsætin. Umhverfið að aftan er hið smekklegasta sem bætir kannski á einhvern hátt upp fyrir þrengslin og hleypir glerþakið inn mikilli birtu.

Skotthlerinn er stór og gefur gott aðgengi að farangursrýminu. Mjög auðvelt er að hólfa skottið niður með því að kippa upp skilrúmi úr trefjaplasti í gólfinu. Þá er hægt að opna hlera milli aftursætanna til að renna skíðum í gegn og leggja sætisbökin niður. Undir húddinu er lítið geymsluhólf sem hentar vel undir hleðslukapla og annað smálegt.

### *Mikil hröðun og gott grip*

Þegar ökumaðurinn gengur að læstum bílnum með fjarstýringuna í vasanum opnast hann þegar tekið er í húninn. Við það að setjast um borð og ýta á bremsuna er bifreiðin komin í gang. Engin þörf er að þrýsta á hnapp eða snúa lykli til að ræsa bílinn. Að ökuferð lokinni er hægt að ýta á P og stíga frá borði og bíllinn slekkur á sér. Það þarf hins vegar að ýta á takka á fjarstýringunni eða snerta rauf á hurðarhúninum til að læsa. Það síðarnefnda virkar illa í rigningu eða ef notaðir eru hanskar, sem á reyndar við um flesta bíla með sama búnað.

Ef inngjöfin er stigin í botn nær bíllinn hundrað kílómetra hraða úr kyrrstöðu á 4,5 sekúndum, enda hestöflin 421. Bifreiðin í þessum prufuakstri var á naglalausum vetrardekkjum og hélt alltaf öruggu gripi í snjó og slabbi. Í samanburði við Tesla Model 3 er nokkuð hátt undir Polestar 2 og er því hægt að reikna með að þetta sé ágætur bíll þegar malbikinu sleppir eða í vondri vetrarfærð.

Þá er hann afar hljóðlátur og þægilegur í akstri, sérstaklega þegar ekið er úti á þjóðvegum. Ólíkt mörgum nýjum bílum er lítið af viðvörunarhljóðum og þau fáu sem heyrast eru nokkuð vinaleg. Hægt er að keyra með einu fótstigi og nemur bíllinn staðar þegar inngjöfinni er sleppt. Óþarft er því að nota bremsufetilinn nema eitthvað komi upp á.

### *Stórir blindir punktar*

Þessi bíll heldur öruggri fjarlægð frá bílnum fyrir framan þegar kveikt er á aðlögunarhæfa hraðastillinum. Hins vegar þegar færðin er ekki fullkomin eða eitthvað vantar upp á merkingar á vegum neitar hann að veita aðstoð við að stýra. Þá daga sem þessi bíll var í prófunum voru bara nokkrir stuttir kaflar þar sem hægt var að nýta akstursaðstoðina að fullu leyti. Þarna er Polestar 2 skör neðar en Tesla sem getur boðið upp á mikla sjálfvirkni við erfiðar aðstæður.

Þá er rétt að nefna að nokkuð er um blinda punkta og er upplifunin sú að bíllinn umlyki ökumanninn. B-bogarnir eru það breiðir að erfitt er að sjá til hliðar ef sætið er aftarlega. Þá eru C-bogarnir firnastórir og útsýnið aftur fyrir bílinn takmarkað. Sem betur fer eru myndavélar allan hringinn sem auðvelda að leggja í stæði en breyta litlu í almennum akstri.

### *Að lokum*

Polestar 2 er með fallegri bílum sem hægt er að kaupa og ber allt yfirbragð bifreiðarinnar með sér vandaða framleiðslu. Uppgefin akstursdrægni frá framleiðanda er 592 kílómetrar á fullri hleðslu en í þessum prufuakstri gaf bíllinn 477 kílómetra drægni. Rétt er að nefna að frost var þá daga.

Grunnverð Polestar 2 Long range Dual motor er 9.890.000 með virðisaukaskatti. Bíllinn sem blaðamaður prufaði var með Pilot aukahlutapakka, sem inniheldur meðal annars ökumannsaðstoð og aðlögunarhæfan hraðastilli, og kostar 350.000 krónur aukalega. Samanborið við nánustu samkeppnina er þetta hærra verð og því ekki hægt að mæla með öðru en að fólk kynni sér vel mismunandi kosti áður en keyptur er nýr Polestar 2.



Inga Sigríður Snorradóttir og Óli Finnsson eru garðyrkjubændur í Heiðmörk í Bláskógabyggð. Hægt er að fylgjast með störfum þeirra næstu tvær vikurnar gegnum samfélagsmiðla Bændablaðsins. Mynd / Aðsendar

Bóndinn:

# Enginn dagur eins

**Óli Finnsson er garðyrkjubóndi ásamt Ingu Sigríði Snorradóttur. Þau fluttu árið 2021 úr Grafarvogi í Laugarás eftir að hafa fest kaup á garðyrkjustöðinni Heiðmörk. Þar rækta þau fjölbreytt grænmeti. Í fyrra voru þau útnefnd Ræktendur ársins meðal garðyrkjubænda. Á næstu tveimur vikum er hægt að fylgjast með lífi og starfi þeirra í gegnum samfélagsmiðla Bændablaðsins.**

**Býli og staðsetning?**

Garðyrkjustöðin Heiðmörk í Laugarási í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

**Ábúendur?**

Við erum fjögur hér: Ég, Óli Finnsson og Inga Sigríður Snorradóttir ásamt börnunum okkar tveimur, Kríu og Mána. Svo eigum við fimm ketti.

**Gerð bús, stærð jarðar og fjöldi búfjár?**

Garðyrkjubýli með gróðurhús til ylræktunar matjurta. Landið er 1,1 ha. Hér eru tíu hænur og einn hani, en mig dreymir alltaf um eina mjólkurkú úti á túni yfir sumarmánuðina til að halda í við grasvöxtinn. En skilst að þær þurfi eflaust að vera tvær til að leiðast ekki.

**Hvers vegna velur þú þessa búgrein?**

Ég skráði mig í Garðyrkjuskólann þegar ég stóð á smá tímamótum í lífi mínu. Var á milli verkefna í kvikmyndageiranum og langaði að hafa eitthvert plan B á slíkum stundum. Þrátt fyrir að hafa takmarkaða kunnáttu á ræktun áður en ég settist á skólabekk fann ég strax að þetta væri eitthvað fyrir mig. Skólinn opnaði fyrir mér nýja sín á lífið og kveikti þá hugmynd að kannski gæti ég einn daginn rekið mína eigin ylræktarstöð, svo skemmir ekki fyrir að fá að vinna í Spánarhita þegar það er brennandi gaddur fyrir utan.

**Hvernig er hefðbundinn vinnudagur á bænum?**

Vinnan hefst klukkan sjö alla virka morgna. Þar sem stöðin er með blandaða ræktun, þ.e. margar ólíkar tegundir, að þá er enginn dagur alveg eins. Við erum sex sem vinnum í stöðinni í misjöfnum stöðugildum. Í byrjun vikunnar erum við að uppskera salat til pökkunar, ásamt því að skera og pakka steinselju. Þá þurfum við líka að koma nýjum salatplöntum niður í staðinn fyrir þær sem voru uppskornar. Salat er ræktað í hvítum ræktunarrennum sem þarf að þrífa með háþrýstidælu. Um miðja vikuna erum við að uppskera paprikur og eldpipar og pakka þeim í umbúðir. Á fimmtudögum erum við bæði að vinna í að sinna plöntunum sjálfum og pakka afurðum fyrir helgina, papriku, gúrku og tómatplöntur þarf að vefja utan um band sem þær vaxa við svo þær haldist uppi. Föstudaga erum við að klára pökkun og plöntuumhirðu fyrir helgina ásamt því að taka til og þrífa. Grænmetisbíllinn kemur þrisvar sinnum í viku til okkar og tekur afurðir og planið gengur út á að ná að pakka sem mestu fyrir þær pantanir sem við erum með ásamt öðru sem við sendum í stórmarkaði.

**Skemmtilegustu og leiðinlegustu bústörfin?**

Uppskeran er alltaf skemmtilegust, enda fátt betra en að tína nýjar snakk paprikur eða sætpaprikur beint af plöntunni. Því fylgir alltaf ákveðin eftirvænting að fá fyrstu uppskeru af plöntunum, að öll vinnan og undirbúningurinn hafi borgað sig og vel hafi tekist til. Leiðinlegast eða kannski sorglegast er alltaf



Starf garðyrkjubóndans kallar á fjölbreytt dagsverk svo sem við þrif, uppskeru, pökkun og plöntuumhirðu.

niðurskurðurinn þegar plönturnar eru orðnar of stórar eða of gamlar til að halda áfram í ræktun.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?**

Þegar við uppskárum fyrstu snakk paprikurnar okkar, það var upphafið að því breytingaferli sem við höfum verið með stöðina í undanfarin þrjú ár og lýkur að miklu leyti nú í sumar.




Snakk paprikur frá Heiðmörk.

**Hverjar eru helstu áskoranirnar?**

Þær eru ansi margar, skortur á íbúðarhúsum á svæðinu er ein helsta áskorunin ásamt takmörkuðu aðgengi að þolinmóðu fé til að geta ráðist í nauðsynlegar endurbætur á núverandi húsakosti til að hámarka árangur.

**Hvernig væri hægt að gera búskapinn hagkvæmari?**

Nýr ljósabúnaður og sjálfvirkari snjall-stýribúnaður, ásamt endurvinnslu á næringarríku vökvunarvatni myndi koma stöðinni í hámarksárangur.

**Hvernig sérðu landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?**

Aukin neysla á grænmeti og garðyrkjuafurðum eins og afskorin blóm, garð- og skógarplöntur knýr þörfina fyrir stærri og fleiri garðyrkjustöðvar í landinu. Þá verður sjálfvirknivæðingin sífellt stærri þáttur í rekstri slíkra stöðva til að vera samkeppnishæf við innflutning ásamt kröfum í umhverfismálum.

**Instagram-síða: @gardyrkjustodin_heidmork**

***Fylgist með lífi og starfi fjölskyldunnar í Heiðmörk á Instagram og Facebook-síðu Bændablaðsins næstu tvær vikurnar.***












Matarhornið:

# Reykt ýsa, blaðlaukur og kartöflur

## –Aðalréttur fyrir 4-6



Hafliði Halldórsson
haflidi@icelandiclamb.is

**Hvernig passar blaðlaukur, reykt ýsa og kartöflur saman? Jú barasta prýðilega, takk fyrir, og ekki spillir fyrir að bæta rjóma eða smjöri saman við til að fá bragðið til að smella saman.**

Svona samsettur matur rennur ljúflega niður í svartasta skammdeginu og gefur okkur orku til að brosa framan í veðrið sem febrúar getur tekið upp á að bjóða okkur. Tvær einfaldar uppskriftir eru hér lagðar til sem nýta þessi hráefni og athygli vakin á að hvíti hluti blaðlauksins er nýttur í plokkfisk, og græni hlutinn í súpu. Engu sóað af verðmætum hráefnum. Það er tilvalið að gera þessa rétti báða með örfárra daga millibili til að nýta innkaupaferðina og hráefnin sem best.

Við notum töluvert af blaðlauk hér, hann á líka mjög vel við reykta ýsu, gefur milt bragð sem á vel við reyktan fiskinn. Plokkfisk er algengast að nota ýsu og þorsk en ekkert er að því að prófa aðrar tegundir. Þá er líka sniðug tilbreyting að nota saltfisk, nætursaltaðan fisk eða reykta ýsu eins og við leggjum til hér. Grunnuppskrift að plokkfiski inniheldur alltaf lauk, kartöflur og hvítan jafning sem nefnist „bechamel“ á kokkaútlensku. Svo má leika sér með bragðið, að gratinera réttinn í ofni, bæta við kryddi s.s. karrí o.s.frv.



Blaðlauks- og kartöflusúpa með reyktri ýsu.



Plokkfiskur með reyktri ýsu og blaðlauk.

***Blaðlauks- og kartöflusúpa með reyktri ýsu***

*3 meðalstórir blaðlaukar, græni hlutinn*
*100 g smjör*
*1/2 l grænmetissoð*
*500 g kartöflur, skrældar*
*rjómi*
*salt*
*sítrónusafi*
*reykt ýsa, soðin*

Snyrtið blaðlaukinn og skerið frá og hendið ónothæfum blöðum sem oft eru efst á honum. Skerið í tvennt þar sem græni hlutinn mætir hvítari hlutanum, notið græna hlutann og kljúfið eftir endilöngu og saxið, leggið í stóra skál með köldu vatni og skolið vel til að fjarlægja sand og mold, leyfið að liggja í vatninu í nokkrar mínútur og takið því næst blaðlaukinn upp úr vatninu með höndunum eða fiskispaða. Þá sjáið þið óhreinindin sem sitja eftir á botni skálarinnar. Leggið blaðlaukinn á þurrt stykki og þerrið. Setjið víðan pott á hægan hita og svitið blaðlaukinn í smjörinu í nokkrar mínútur, hann á alls ekki að brúnast.

Skerið kartöflur frekar smátt til að flýta fyrir eldun og bætið í pottinn ásamt grænmetissoðinu og látið sjóða í 10 mín. eða þar til kartöflurnar eru soðnar, bætið rjómanum í og hleypið suðunni upp. Færið þá í blandara og maukið þar til verður silkimjúkt, smakkið til og berið fram með soðinni ýsunni. Tilvalið að bera fram með brauðteningum og ferskum jurtum.

***Plokkfiskur með reyktri ýsu og blaðlauk***

Við notum töluvert af blaðlauk hér, hann á líka mjög vel við reykta ýsu, gefur milt bragð sem á vel við fiskinn og kartöflurnar.

*2 laukar*
*3 meðalstórir blaðlaukar, hvíti hlutinn*
*2 hvítlauksrif*
*2 msk. matarolía*
*100 g smjör*
*3 dl hveiti*
*4 ½ dl mjólk*
*1 tsk. salt*
*svartur nýmulinn pipar*
*1 kg soðin reykt ýsa*
*350 g soðnar kartöflur, í bitum*
*100 g rifinn ostur*

Snyrtið blaðlaukinn og skerið frá og hendið ónothæfum blöðum sem oft eru efst á honum. Skerið blaðlaukinn í tvennt við þar sem græni hlutinn mætir hvítari hlutanum, notið hvíta hlutann og kljúfið eftir endilöngu og saxið, leggið í stóra skál með köldu vatni og skolið vel til að fjarlægja sand og mold, leyfið að liggja í vatninu í nokkrar mínútur og takið því næst blaðlaukinn upp úr vatninu með höndunum eða fiskispaða. Þá sjáið þið óhreinindin sem sitja eftir á botni skálarinnar. Þerrið blaðlaukinn, skrælið lauk og hvítlauk og saxið. Mýkið allan lauk á hægum hita upp úr matarolíu í nokkrar mínútur, hann á alls ekki að brúnast! Takið til hliðar. Bræðið smjör í víðum potti, stráið hveiti yfir og hrærið vel saman. Hellið mjólk saman við í smáum skömmtum og hrærið stöðugt. Látið sjóða við vægan hita í 20 mínútur og pískið reglulega í á meðan, þessi sósa brennur mjög hratt við og þarf stöðuga athygli. Bætið fiski og kartöflum í og blandið vel saman. Smakkið til með salti og pipar eftir smekk.Setjið plokkfiskinn í eldfast mót og stráið rifnum osti yfir, setjið í 180 °C heitan ofn í 20 mínútur eða þar til osturinn brúnast.

Berið fram með salati og góðu brauði, en í öllum bænum, munið að nú er ekki rétti tíminn til að spara smjörið!

# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

Hannyrðir:

# Þykk og góð hipsterhúfa

**Fljótprjónuð húfa úr DROPS Snow á prjóna númer 7. Snow er ullargarn sem fæst í 58 litbrigðum og ættu allir að finna lit sem þeim líkar.**

Garnið er á 30% afslætti hjá okkur í Handverkskúnst út febrúar og kostar dokkan 384 kr. eða 441 kr. eftir því hvaða litur verður fyrir valinu.

**DROPS mynstur:** 242-46
**Stærðir:** S/M – M/L
**Höfuðmál:** um 54/56 – 56/58 cm
**Hæð með uppábroti á kanti:** Um 24 -26 cm
**Garn:** DROPS SNOW fæst í Handverkskúnst.
150 - 150 g, Ljósblár, litur nr 12.
**Aðrir litir á mynd:** Páfagaukagrænn litur 103, Kóboltblár litur 104, Límonaði litur 106, Púðurbleikur litur 51, Magenta litur 105.
**Prjónar:** Hringprjónar nr 6 og nr 7, 40 cm. Sokkaprjónar nr 7.
**Prjónfesta:** 12 lykkjur á breidd og 16 umferðir á hæð með sléttprjóni = 10 x 10 cm.




**Útaukning:** Prjónið þar til 1 lykkja er eftir á undan prjónamerki, sláið 1 sinni uppá prjóninn, prjónið 2 lykkjur slétt (prjónamerkið situr á milli þessa 2 lykkja), sláið 1 sinni uppá prjóninn.

Endurtakið við hvert prjónamerki.

Í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður mismunandi eftir því hvort hann er á undan eða á eftir prjónamerkinu. Á UNDAN prjónamerki: Lyftið uppslættinum af prjóni og setjið til baka á prjóninn í gagnstæða átt og prjónið í fremri lykkjubogann – lykkjan snýr til hægri. Á EFTIR prjónamerki:

Prjónið uppsláttinn í aftari lykkjubogann – lykkjan snýr til vinstri.

**Uppskriftin:** Húfan er prjónuð í hring ofan frá og niður, byrjað er með sokkaprjónum og skipt yfir á hringprjón eftir þörf.
Fitjið upp 6 lykkjur á sokkaprjóna nr. 7
**1. umf:** *Prjónið 1 lykkju slétt, sláið 1 sinni uppá prjóninn*, prjónið frá *-* út umferðina.
**2. umf:** Prjónið slétt, uppslátturinn er prjónaður snúinn slétt = 12 lykkjur.
Setjið 4 prjónamerki í stykkið, prjónamerkin eru sett á milli lykkja þannig að það eru 3 lykkjur á milli prjónamerkja.

Lesið útskýringu á útaukningu að ofan, prjónið sléttprjón og aukið út um 1 lykkju hvoru megin við hvert prjónamerki. Aukið svona út í annarri hverri umferð þar til aukið hefur verið út alls 4-5 sinnum, síðan er aukið út í þriðju hverri umferð alls 2-1 sinnum = 60 lykkjur. Útaukning í stærð S/M er lokið.
Fyrir stærð M/L: Prjónið 2 umferðir án útaukninga og prjónið síðan 1 umferð þar sem einungis er aukið út hvoru megin við 2 prjónamerki = 64 lykkjur.

Báðar stærðir: Prjónið í hring í sléttprjóni þar til stykkið mælist ca 20-21 cm. Snúið stykkinu þannig að hægt sé að prjóna áfram frá röngu. Prjónið 1 umferð slétt og aukið út um 4 lykkjur jafnt yfir umferðina = 64-68 lykkjur. Skiptið yfir á hringprjón nr. 6. Prjónið stroffprjón (1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið) í 13-14 cm. Fellið af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur. Húfan mælist 33-35 cm frá uppfitjunarkanti. Snúið húfunni til baka að réttu, brjótið uppá stroffið ca 9 cm tvöfalt að réttu. Þræðið þráðinn í gegnum lykkjurnar frá uppfitjunarkanti, herðið að og festið vel.

*Prjónakveðja, Stelpurnar í Handverkskúnst.*







## SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | | | 1 | | | 4 | 8 |
| | 8 | 1 | 6 | | | | 7 | 5 |
| | | 9 | 7 | | | 2 | | 1 |
| | 9 | 4 | | | 8 | 1 | | 2 |
| 8 | | 2 | 1 | | 6 | | | 4 |
| | 6 | | | | 7 | 8 | 9 | |
| | | | | 7 | 3 | | 8 | |
| 3 | | 8 | | | 9 | | | |
| 9 | 5 | | 8 | 4 | | | | |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | | | | | |
| | | 2 | | | | | | 6 |
| 3 | | | 2 | | | 1 | 7 | |
| | 3 | 1 | 5 | 7 | | | 6 | |
| | | 4 | | | | 2 | | 7 |
| | | | 8 | | | 9 | | |
| 4 | | | | 5 | | | | 1 |
| | | 7 | 3 | | 9 | | | 5 |
| | 9 | | | 8 | 1 | | | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | 4 | | 1 | 6 | | |
| | | | | 5 | | 1 | | |
| 4 | | | | | | | | |
| | | | | 3 | 8 | 5 | | |
| 9 | | | | | 7 | | | |
| 8 | | 1 | | | | | 3 | |
| | | | | | | 8 | | |
| 6 | | 4 | 9 | | | | | |
| | 9 | 7 | | | 3 | | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | 8 | | | |
| | | | | 7 | | | | 2 |
| | | 1 | | 3 | | 9 | 6 | |
| | | 3 | | | | | 7 | |
| | 6 | 7 | | 5 | | | 8 | |
| | 1 | | | 9 | | | | 3 |
| | 2 | | | | 4 | 8 | | |
| | | | | | | | | 1 |
| 8 | | | | | | | 5 | |

Erfinginn:

# Hress hestastelpa

**Hún Ingunn Bára er skemmtileg stelpa og aldrei lognmolla í kringum hana.**



**Nafn:** Ingunn Bára Ólafsdóttir.

**Aldur:** 6 ára.

**Stjörnumerki:** Ljón.

**Búseta:** Urriðaá.

**Skóli:** Grunnskóli Húnaþings vestra.

**Skemmtilegast í skólanum:** Stærðfræði.

**Áhugamál:** Leik við vini mína og fer á hestbak.

**Tómstundaiðkun:** Æfi á blokkflautu og söng.

**Uppáhaldsdýrið:** Hundur.

**Uppáhaldsmatur:** Silungur.

**Uppáhaldslag:** Tindastóll.

**Uppáhaldslitur:** Rauður.

**Uppáhaldsmynd:** Idol-þættirnir.

**Fyrsta minningin:** Þegar ísbíllinn ók í hlað á afmælisdeginum.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Fara í útilegu.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Kennari.

**Hafið samband ef ykkur langar að vera með!** **sigrunpeturs@bondi.is**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** er óvenju bjartsýnn á komandi vikur og hefur í kollinum hugmyndir að betra lífi. Þann þankagang ætti hann að nýta til að virkja þá hluti sem hafa verið að gerjast innra með honum, enda kemur á óvart hvað getur orðið þegar boltinn fer að rúlla. Líkamlegt atgervi hans er með besta móti og innri ró með ágætum. Happatölur 5, 15, 26.

**Fiskurinn** fékk viðurkenningu á ágæti sínu nýverið, en þarf að gæta þess að dramb verði honum ekki að falli. Heldur mætti hlýða á jákvæðar athugasemdir með hógværð, taka þær til sín og halda þeirri vegferð við. Fiskarnir þurfa að hreyfa sig og gæta jafnt að líkamlegri heilsu sem andlegri. Happatölur 8, 32, 90.

**Hrúturinn** hefur farið víða á nýju ári, ef ekki út fyrir landsteinanna, þá innra með sér. Hann á oft í togstreitu við sjálfan sig fyrstu mánuði hvers árs og þarf að gæta þess að lundarfarið sé á jákvæðum nótum. Gott væri að vera í námunda við vatn, ganga meðfram ám, við fjöruborðið eða stunda laugar. Happatölur 15, 76, 13.

**Nautið** þarf enn og aftur að rífa sig upp úr letinni og hefja virkjun þess sem þarf að framkvæma. Ágætt væri að gera lista sem hægt væri að haka við enda nautinu tamt að ljúka við það sem það „ á að gera" þegar það stendur skýrum stöfum fyrir framan það. Einhverjar hræringar eru í ástarmálunum. Happatölur 24, 35, 16.

**Tvíburarnir** er með værðarlegasta móti og fer hægt inn í árið. Sem eitt ötulasta merkið má hann með sanni njóta rólegheitanna og jafnvel nýta tímann í innri íhugun. Velta hlutum fyrir sér og sjá fleiri hliðar á málum sem hafa verið að raska ró hans. Atvinnumálin eru með ágætum og sér hann fram á aukna innkomu sem verður stöðugri en áður. Happatölur 3, 18, 56.

**Krabbinn** hefur átt við veikindi að stríða og ætti að hlúa vel að sjálfum sér. Gæta þess að hlúa að andlegu hliðinni líka enda er hún í beinu sambandi við líkamlega kvilla. Eitthvað er um ferðalög á næstunni sem verða krabbanum til mikillar lukku á margvíslegan hátt. Þeir sem eru einhleypir geta átt von á nýjum félaga í líf sitt. Happatölur 13, 82, 46.

**Ljónið** siglir áfram hægum byr sínum enda reisir það ekki makkann almennilega fyrr en í sumarbyrjun. Ýmissa breytinga er að vænta hjá ljóninu, en hvort þær verða til góðs eða slæms veltur algerlega á því sjálfu. Rétt er að hafa sjálfstraustið með mesta móti, en láta ekki hroka eða óöryggi skemma fyrir sér. Happatölur 10, 21, 76.

**Meyjan** þarf að halda striki sínu er varðar ákvarðanir er teknar voru í upphafi árs. Þær vega mikið og mun útkoman í árslok koma verulega á óvart ef vel er haldið á spöðunum. Hreyfing er nauðsynleg og félagslegi þátturinn þyrfti að vera sterkari. Einnig ætti meyjan að vinna í að efla nánari vinasambönd. Happatölur 8, 43, 29.

**Vogin** er þekkt fyrir persónutöfra sína, hvort sem hún gerir sér grein fyrir því eða ekki. Sjálfstraust hennar mætti því hækka um nokkur stig og enn fremur væri henni gott að efla tengslanetið í kjölfarið. Mál hjartans eru henni hugleikin um þessar mundir, en engar óvæntar uppákomur eru í kortunum. Happatölur 8, 15, 32.

**Sporðdrekinn** má eiga von á verulegum breytingum um þessar mundir, jafnvel undir yfirborðinu sem munu hugnast honum með komandi tíð. Kaup og sala á fasteignum ættu að ganga vel, en gæta þarf þess að hafa alla pappíra á hreinu. Óvænt lukka í formi vinninga ætti að gleðja einhverja. Happatölur 1, 94, 33.

**Bogmaðurinn** hefur staðið keikur af sér ýmislegt sem á hefur dunið og nú er komið að því að njóta góðs af. Hann má vera rór yfir komandi vikum og mánuðum, enda stefnir allt í lygnari sjó. Tilvalið er að leggja línurnar fyrir þau ferðalög sem eru í kortunum, innanlands eða utan, og ekki hika við að heimsækja þá staði sem hjartað þráir. Happatölur 6, 57, 89.

**Steingeitin** þarf að tileinka sér annan þankagang en viðgengst hefur. Engum er hollt að halda í gamlar kreddur, en slíkt breytist ekki nema að litið sé á málin frá hliðum annarra. Ástarmálin eru í brennidepli, ný tækifæri birtast auk þess styrkjast enn fremur þau bönd sem fyrir eru. Mundu að ástin sigrar allt. Happatölur 15, 66, 21.



**Teista er meðalstór svartfugl sem finnst víða meðfram ströndinni allt árið um kring. Nokkuð af ungfuglum hafa vetursetur við Grænland en stór hluti af stofninum heldur til við Ísland allt árið. Hún fer sjaldan út á rúmsjó líkt og aðrir svartfuglar en heldur sig frekar á grunnsævi við ströndina þar sem hún kafar eftir sinni aðalfæðu sem er sprettfiskur. Hún er eini íslenski svartfuglinn sem er aldökk á kviðnum og á sumrin er hún öll svört fyrir utan þessa hvítu bletti á vængþökum sem sjást vel á myndinni hér fyrir ofan. Teista var nytjuð að einhverju leyti hér áður fyrr en undanfarna áratugi hefur stofninn minnkað nokkuð og veiði dregist saman. Áætlað er að stofninn sé um 10–15.000 varppör en tegundin er langlíf og verður seint kynþroska. Talið er líklegt að þessi fækkun stafi hugsanlega af samspili á breytingu á fæðuframboði, ágangi minks og meðafla í grásleppunetum. Árið 2017 skoruðu Skotveiðifélag Íslands, Fuglavernd og Vistfræðifélagið á umhverfisráðherra að friða teistuna. Umhverfisráðherra tók vel í þessa beiðni og hefur teistan verið friðuð frá september 2017.**

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

## Tíska:

# Kolefnislaus fataiðnaður í kortunum?

**Samdráttur kolefnislosunar tískuiðnaðarins á alþjóðavísu er flókið og krefjandi verkefni. Möguleikarnir eru þó fyrir hendi með blöndu af tækniframförum, sjálfbærum starfsháttum og sameiginlegu átaki ýmissa hagsmunaaðila.**

Nýverið kom fram skýrsla frá stofnunum *Apparel Impact Institute* og *Fashion for Good*, en sú fyrrnefnda vinnur að lausnamiðuðum hugmyndum er koma að sjálfbærni í fataiðnaði í samstarfi við framleiðanda og hagsmunaaðila á meðan hið síðarnefnda ýtir undir nýsköpun í tískuiðnaðnum, með umhverfissjónarmið að leiðarljósi.



**Samkvæmt greiningu mun kolefnishlutleysi tískuiðnaðarins kosta yfir eina trilljón dollara.**

Mynd / Francois - Unsplash

### *Gífurlegur kostnaður*

Samkvæmt greiningum þeirra lítur út fyrir að ef ná á að koma kolefnislosun tískuiðnaðarins niður í núll fyrir árið 2050, muni kostnaður vegna þess vera yfir eina trilljón dollara, eða tæpar 140 billjónir íslenskra króna.

Í skýrslunni kemur fram að rúm 60% fjármagnsins þurfi til að standa undir framkvæmdum núverandi lausna, en afgangurinn færi í verkefni tengd þróun og þeirra nýjunga sem þarf að innleiða.

„Fjármagni þarf að veita í svið endurnýjanlegrar raforku og minnkun notkunar kola í aðfangakeðjum, auk frekari framleiðslu sjálfbærra fataefna, sem skora hátt er kemur að möguleikum endurvinnslu þeirra," segir í skýrslunni, sem einnig kemur inn á að núverandi skuldbindingar og fjármögnun séu ófullnægjandi til að ná árangri, ef kolefnislosa á iðnaðinn með fullnægjandi hætti fyrir árið 2050.

Kemur fram að ólíklegt þyki að nauðsynleg umbreyting náist án verulegra breytinga á fjármögnunarflæði til að flýta fyrir innleiðingu margs konar hagkvæmni- og losunarlausna. Talið er að til að safna þeirri feiknarlegu upphæð sem til þarf – sem viðbót við yfirstígan hindrana, þurfi samstillt átak fimm lykilhagsmunaaðila; fjármálamanna, framleiðenda, vörumerkja, félagasamtaka og stjórnvalda.

Vilja greiningaraðilarnir beina þeim tilmælum til hagsmunaaðila að mikilvægt sé að skapa umhverfi þar sem aðkallandi verkefni eru kynnt fjárfestum sem aðlaðandi – út frá áhættu og ávöxtunarsjónarmiði á áhrifamikinn en þó skiljanlegan hátt. Þetta sé nauðsynlegt til að mögulega verði meira flæði fjármögnunar beint í átt að þessum verkefnum kolefnislosunar – en því miður, eins og önnur dæmi eru um, hefðu aðgerðir þurft að hefjast mun fyrr.

### *Frekari hugmyndir að markmiðum*

Verkefnið er ekki auðvelt. Í raun myndi þessi glansmynd fyrir fjárfesta tæplega virka, enda sjálfbærni aðfangakeðja sjaldnast talin fjárfestingartækifæri. Í stað þess væri heldur að lagðar yrðu stoðir undir breytingar sem við koma endurnýjanlegri orku, sjálfbærum starfsháttum og framleiðslu. Hér eru, í nokkrum skrefum, hugmyndir til að ná þessu markmiði:

**Sjálfbær efni:**
Eitt af aðalskrefunum í átt að kolefnislosun tískuiðnaðarins eru breytingar í átt að sjálfbærari efnum en áður hafa verið. Þetta felur í sér að nota lífræna bómull, endurunnið pólýester, hamp og bambus svo dæmi séu nefnd. Auk þess geta rannsóknir og þróun vistvænna efna dregið enn frekar úr kolefnisfótspori iðnaðarins.

**Hringrásarhagkerfi:**
Innleiðing hringlaga hagkerfis í tískuiðnaðinum getur dregið verulega úr kolefnislosun. Þetta felur í sér að hanna vörur til endurnotkunar, endurvinnslu og endurnýtingar, draga úr úrgangi og stuðla að lokuðu kerfi. Vörumerki geta tileinkað sér viðgerðarþjónustu og endursöluvettvang til að hvetja til hringlaga nálgunar neytenda.

**Orkunýting:**
Tískuiðnaðurinn eyðir umtalsverðu magni af orku við framleiðslu, flutning, smásölu og þar fram eftir götunum. Að innleiða orkusparandi vinnubrögð, nota endurnýjanlega orkugjafa eins og sólar- og vindorku, hámarka flutninga á birgðakeðjunni og fjárfesta í orkusparandi vélum, getur hjálpað til við að draga úr kolefnislosun.

**Vatnsnotkun:**
Tískuiðnaðurinn ber einnig ábyrgð á mikilli vatnsnotkun, bæði á bómullarökrum og í frekari vinnslu. Að taka upp vatnssparandi tækni, endurvinna vatn og í trefjaframleiðslunni, að nota ræktun sem heldur striki þó að til þurrka komi eru allt liðir sem geta hjálpað til við að draga úr vatnsfótspori iðnaðarins.

**Gagnsæi og rekjanleiki:**
Að auka gagnsæi og rekjanleika í aðfangakeðjunni getur hjálpað til við að bera kennsl á svæði til úrbóta og hvetja til ábyrgra vinnubragða.

Vörumerki geta starfshætti sem gera þeim kleift að fylgjast með öllu framleiðsluferli frá hráefni til lokaafurðar, til að tryggja að sjálfbærum starfsháttum sé fylgt í gegn.

**Breyting á hegðun neytenda:**
Að hvetja neytendur til að tileinka sér sjálfbærar tískuvenjur er lykilatriði til að draga úr kolefnislosun í greininni. Þetta felur í sér að efla meðvitaða neyslu, lengja líftíma fatnaðar og hvetja til kaupa á notuðum, endurnýttum eða vistvænum vörum.

**Stefna og reglugerðir stjórnvalda:**
Stjórnvöld geta gegnt mikilvægu hlutverki við að draga úr kolefnislosun í tískuiðnaðinum með því að innleiða stefnur og reglugerðir sem stuðla að sjálfbærni. Þetta felur í sér að setja markmið um kolefnislosun, veita hvata fyrir vistvæna starfshætti og framfylgja umhverfisstöðlum í greininni.

**Samstarf og samvinna:**
Samstarf milli vörumerkja, smásala, birgja og annarra hagsmunaaðila getur hjálpað til við að flýta fyrir umskiptum í átt að sjálfbærum tískuiðnaði. Samstarf við rannsóknarstofnanir, sjálfseignarstofnanir og stefnumótendur geta knúið fram nýsköpun og auðveldað upptöku sjálfbærra starfshátta.

Að lokum má segja að kolefnislosun tískuiðnaðarins á heimsvísu sé möguleg með blöndu af tækniframförum, sjálfbærum starfsháttum og sameiginlegu átaki frá ýmsum hagsmunaaðilum.

Hins vegar krefst það verulegrar hugarfarsbreytingar, samvinnu og skuldbindingar allra hlutaðeigandi til að ná þessu markmiði. */sp*

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

**Jesús sagði:**
„Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar."
*Matt. 28.20*
biblian.is



**2ja manna infrarauður saunaklefi**
Stærð 120x100x200 cm. (BxDxH)
Kr. 260.000,- fyrir einfasa rafmagn.



**Rafmagnspotturinn HYDRO**
Stærð 200x200x95cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

**GODDI.IS**
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Ertu nokkuð fastur eða ertu kanski prófastur? Snjóblásarar fyrir traktorinn eða fjórhjólið. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is




Sérsmíði á gluggum, lausafögum, svalahurðum í öllum stærðum og gerðum, í hús á öllum aldri. gluggaroghurdir@outlook.com



Girðingastaurar 4 mm. (galv.) 40 mm. x 40 mm. x 4 mm. L: 1.800 mm. Við erum að gera pöntun. Verðin verða mjög góð, takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is

Skoðaðu úrvalið af rafmögnuðum bílum í auglýsingunni bls. 35 í blaðinu, eða kíktu á notadir.benni.is – Benni notaðir bílar.



Eldstó Art Café á Hvolsvelli er til sölu. Kjörið tækifæri fyrir duglegt fólk. Hægt að búa á staðnum. Sjá nánar hér - https://arborgir.is/soluskra/eign/663394



Canam outlander Max XT 650 2022 ekið 1.465 km. Hlaðið aukahlutum. Úrhleypibúnaður, 27"12"12 bighorn dekk orginal dekk og felgur með. Aukarafmagn, farangursbox og fullt fleira. Aukabúnaður yfir milljón. Verð kr. 3.200.000. Upplýsingar í s. 899-7473



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Stórbaggagreip, ásoðnar Eurofestingar. Slöngusett fylgir. Verð kr. 343.000 m/vsk. (kr. 276.612 án/vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



MMC Pajero 3,2 dísel 2000, ekinn 200.000 km. Skoðaður 24, góð 33" dekk, leður, topplúga og alls konar lúxus. Verð kr. 600.000. Skoða skipti á pallbíl. Staðsettur á Þórshöfn. S. 896-9477



Ford F350, XLT Super Duty. Power Stroke 6,7. Árg 2018, ekinn 28.500 km. Stærsta útgáfan með 2,5m löngum palli. Festing fyrir dráttarstól á palli. Spilfesting með lögnum bæði framan og aftan. Nagladekk 38" undir bílnum núna og 38" sumardekk á felgum fylgja með. Verð kr. 10.600.000 +vsk. Karl Viðar s. 848-2678.



## Gróðurhús frá 3XT

Þessi vönduðu gróðurhús eru fáanleg með 2 þakgerðum.
Þykk galvanhúð á burðarvirki, aukastyrking í þaki .
Margir möguleikar á gluggum og hurðum.
Vökvunarkerfi fáanlegt. Tvær gerðir af litlum gróðurkössum
Hægt að fá húsin samansett eða ósamsett, góðar leiðbeiningar og aðgangur að kennslumyndbandi.
Framleiðandi húsanna er Ecoslider

**Allar nánari upplýsingar á - www.3xt.is**

3XT Export




**Finndu þinn söluaðila á**
**www.aspenfuels.is**

ASPEN
FUEL FOR PROFESSIONALS

**Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.**

**Úrvalið hefur aldrei verið meira.**



AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU

**Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.**
**Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.**

BRIMCO

**Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.**

**EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ**
**SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is**

# VETRARTÆKI
– Mikið úrval á lager –



Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6m Verð: 1.290.000 kr.*
2.8m Verð 1.290.000 kr.*
3,3m Verð: 1.450.000 kr.*



Fjölplógur PUV - Heavy Duty
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6m Verð: 1.650.000 kr.*
4,0m Verð: 1.749.000 kr.*

Festiplötur:
Verð frá 70.000 kr.*

| | |
|---|---|
| Slétt plata | 3-punkta |
| EURU/SMS | EURO stór |
| JCB 3CX hrað | CASE 580SR |

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.650.000 kr.*

Tokvam®



Fjölplógar VT320 & VT380
Sterkir plógar með flotgrind fyrir meiri hraða.
Verð frá 2.890.000 kr.*



Salt- & sanddreifari
SMA510 / 150cm - 590.000 kr.*
SMA800 / 200 cm - 650.000 kr*
SMA1100 / 200 cm - 740.000 kr.*
SMA1600 / 230 cm - 845.000 kr.*
3p tengi, Kat1/kat2. - 59.500 kr.*
Möguleiki á glussa yfirtengi.



Snjóblásari 241 THS Flex
Vinnslubr. 264 cm, með föstum vængjum, glussastýring á túðu, 3p tengi. Drifsköft. Fyrir +70hp
Verð 2.490.000 kr.*

*Verð án virðisaukaskatts

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is


# ÞORRABLÓT Í ÁSBYRGI

## MIÐFIRÐINGAR OG NÆRSVEITUNGAR ATHUGIÐ

ÞORRABLÓTIÐ Í ÁSBYRGI Á LAUGARBAKKA VERÐUR HALDIÐ LAUGARDAGINN 17. FEBRÚAR 2024

MIÐAPANTANIR ÞURFA AÐ BERAST TIL SIGRÚNAR Í SÍMA 843-0658, PÁLÍNU Í SÍMA 867-7159 EÐA ÓLÍNU Í SÍMA 839-3900 FYRIR KL. 22:00 MÁNUDAGSKVÖLDIÐ 12. FEBRÚAR.

ATHUGIÐ AÐ HEIMAFÓLK OG ÁHANGENDUR GANGA FYRIR Í MIÐAKAUPUM

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM BLÓTIÐ SJÁLFT MÁ FINNA Á FACEBOOKSÍÐU BLÓTSINS: ÞORRABLÓT Í ÁSBYRGI 2024

SKEMMTINEFNDIN RÁÐAGÓÐA VEGNA BREYTINGA Á PÓSTDREIFINGU FJÖLPÓSTS



Faðmgreip – Rúllugreip fyrir endastöflun, ásoðnar Eurofestingar. Slöngusett fylgir. Verð kr. 235.000 - m/vsk. (kr. 189.516 án/vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Díselhitari, 5kw, 12 og 24v, með öllum aukahlutum og eldsneytisgeymi. Verð kr. 53.900. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185 Opið frá 15-17.



Rafstöðvar 70 KVA og 90 KVA. Tilbúnar til notkunar. Verð kr. 1.980.000 +vsk. Upplýsingar í s. 696-9468 eða á husagerdin@husagerdin.is

Eldri lager af SsangYong orginal varahlutum á allt að 60% afslætti. Nánari upplýsingar hjá varahlutir@benni.is.



Tilboð á 11 tonna Weckman sturtuvögnum. Verð kr. 2.150.000 m/vsk. (kr. 1.734.000 án/vsk). H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is




Hafðu samband við þitt dekkjaverkstæði til að panta Toyo harðskeljadekk. – Skoðaðu úrvalið á nesdekk.is



Hunnebeck steypumót til sölu, 3 metrar. Erum með 119 metra í tvöföldun, með fylgihlutum, fyrir um 65%. Verð kr. 28.710.000. Selst í heilu lagi. jarnavirkid@gmail.com



Tilboð á 11 tonna HARDOX sturtuvögnum frá Weckman. Verð kr. 3.315.500 m/vsk. (kr. 2.674.000 án/vsk). H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Hammer mill fyrir korn, maís o.fl. Stillanleg kornastærð, 2, 4, 6 og 8 mm. o.fl. Rafmótor: 1 fasa. Afköst allt að 100 kg til 800 @klst. Hentar fyrir allan búskap og bugguun. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Díselhitari 5kw, 12 , 24v og 220v. Samsettur með öllum fylgihlutum. Öll þjónusta. Verð kr. 58.900.- Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185 Opið 15-17



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163. www.hak.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2" , 3" , 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163 hak@hak.is



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm. rör. Ryklaus fræsing, verð á fermetra kr. 4000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Upplýsingar og tilboð s. 892-0808 - Oliver.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díesel vélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Vegna sölu á fyrirtækinu mínu þá óska ég eftir tilboði í eftirfarandi tæki. Frystir, ofnar og hrærivél. upplýsingar á netfanginu bjartmarpalma@gmail.com



Sturtuvagn 2ja tonna fyrir minni traktoraeða ATV. L240 x B125. Þrjár hliðar fellanlegar, traktors- og kúlutengi. Verð kr 550.000 +vsk. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Ford Explorer Sport Trac 2007 Nýir spindlar að framan, allt nýtt í bremsum og nýjar balansstangir. Skoðaður í desember 2023. Verð kr. 850.000. Upplýsingar í s. 865-9277.



Linde 337 rafmagnslyftari 2,5t.Uppgerður og klár í allt. Nánari upplýsingar veitir Árni s. 894-4940.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is

**SNÖRP BÓKHALD**

Get bætt við mig verkefnum í bókhaldi. Nánari upplýsingar s. 691-3440 Hildur Gunnarsdóttir, viðurkenndur bókari.



**Er komið að gluggaskiptum eða breytingum innanhúss ! Vandaðu valið og leitaðu upplýsinga hjá okkur.**

Hágæða álgluggar og hurðir, yfir 20 ára reynsla á Íslandi.

Glerveggjakerfi með álprófílum, td. fyrir skrifstofur. Glerveggirnir eru fáanlegir með gler og timburhurðum í karmi.

Hágæða trégluggar og hurðir – Ál/Tré gluggar og hurðir frá 3XT Danmörku.
Meira en 20 ára reynsla framleiðanda af Íslandsmarkaði.

Allir gluggar og hurðir 3XT eru prófaðir og standast kröfur byggingareglugerðar á Íslandi.

**Allar nánari upplýsingar og fyrirspurnir á www.3xt.is**
*Öllum fyrirspurnum er svarað.*

3xT Export

## Morgunfundur um landbúnaðarmál

Fimmtudaginn 22. feb kl. 9–10



Bændasamtök Íslands og Samtök fyrirtækja í landbúnaði efna til morgunfundar **fimmtudaginn 22. febrúar kl. 09:00-10:00** í húsakynnum Mjólkursamsölunnar að Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík.

Ragnar Árnason, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, verður með erindið Opinber stuðningur við landbúnað – skilvirkt fyrirkomulag.

**Allir velkomnir!**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS
SAFL

JOBMAN WORKWEAR

**Nýjar teygjubuxur frá Jobman!**
Durability at work since 1975

**Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.**

Vefverslun: Khvinnufot.is

*Jobman 2391*

- *Allt efni 4-átta teygja*
- *Hægt að taka vasa af*
- *Cordura hnéstyrking*
- *Styrking í vösum*
- *Litir: Svartar og gráar*



*Öryggi fyrst og fremst*

*Verð: 19.406 kr.*

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

KH VINNUFÖT
*Réttu fötin fyrir þig!*

EYJALIND

## Varahlutir í Bobcat



Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

## LAUS STÖRF

**Vegna aukinna umsvifa á sviði plöntukynbóta og jarðræktar leitar deild Ræktunar og fæðu við Landbúnaðarháskóla Íslands eftir öflugu fólki í eftirfarandi stöður. Nánari upplýsingar er að finna á LBHI.is eða á Starfatorg.is. Umsóknarfrestur er til og með 8. mars 2024.**

Deild Ræktunnar og fæðu hefur það að aðalmarkmiði að deila og varðveita þekkingu og dýpka á sviði jarðræktar og búfjárfræða. Enn fremur er leitast við að efla nýsköpun í gegnum rannsóknir og kennslu. Viðfangsefni deildarinnar eru þverfagleg og blandast þar saman líffræðilegir, tæknilegir, efnahagslegir og samfélagslegir þættir sem tengjast landbúnaðarframleiðslu og áhrifum hennar á umhverfið og samfélagið í heild.



### LEKTOR Í JARÐRÆKT

Starfið felur í sér vinnu við uppbyggingu alþjóðlega viðurkenndra rannsókna í hagnýtum jarðræktarfræðum og sjálfbærri landnýtingu. Vinnu við kennslu og þróun námskeiða á grunn- og framhaldsstigi ásamt leiðbeiningu í rannsóknaverkefnum og virkri þátttöku í faglegu þróunarstarfi og uppbyggingu innan skólans.

NÁNAR Á LBHI.IS OG UPPLÝSINGAR VEITA
Erla Sturludóttir, deildarforseti – erla@lbhi.is
Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri – gudmunda@lbhi.is



### LEKTOR Í PLÖNTU-KYNBÓTAFRÆÐI

Starfið felur í sér vinnu við kornkynbótaverkefni og mun viðkomandi m.a. sjá um erfðamengjamat fyrir bygg. Þróa þarf kornkynbótaverkefnið áfram og taka inn hveiti og hafra ásamt því að sinna vísindarannsóknum sem eru nauðsynlegar til að ná árangri í kynbótastarfinu og styðja við það.

NÁNAR Á LBHI.IS OG UPPLÝSINGAR VEITA
Erla Sturludóttir, deildarforseti – erla@lbhi.is
Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri – gudmunda@lbhi.is



### SÉRFRÆÐINGUR Í PLÖNTUKYNBÓTUM

Við leitum að sérfræðingi sem mun bera ábyrgð á því að þróa, viðhalda og bæta kerfi fyrir erfðafræðilegt mat í verkefninu. Sérfræðingurinn mun vinna náið með samstarfsaðilum erlendis sem og rannsóknarteymi verkefnisins.

NÁNAR Á LBHI.IS OG UPPLÝSINGAR VEITA
Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri – hrannar@lbhi.is
Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri gudmunda@lbhi.is



### AÐSTOÐARMAÐUR Í PLÖNTUKYNBÓTUM

Við leitum að aðstoðarmanni í rannsóknum til þess að leggja út jarðræktartilraunir fyrir kynbótaefnivið í tveggja þrepa kynbótaverkefni.

Verkefnið er unnið við LbhÍ á Hvanneyri en leggja þarf út tilraunir víða um land. Aðstoðarmaðurinn ber ábyrgð á svipgerðargreiningum á byggi og hveiti og vinnur náið með kynbótafræðingi verkefnisins.

NÁNAR Á LBHI.IS OG UPPLÝSINGAR VEITA
Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri – hrannar@lbhi.is
Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri gudmunda@lbhi.is

WWW.LBHI.IS • HVANNEYRI • 433 5000

Landbúnaðarháskóli Íslands


















Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð: L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



HIAB

Getum útvegað alla varahluti fyrir Hiab kranaog fleiri gerðir af krönum. Einnig flytjum við inn allan búnað frá Rexroth, Danfoss, Parker og fl. Útvegum fjarstýringar frá Danfoss og Scanreco. Viðgerðarþjónusta. Vökvatæki ehf. vt@vokvataeki.is - www.vokvataeki.is - s. 861-4401



Brettagafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang hak@hak.is www.hak.is.

LJÁRDALUR
WWW.LJARDALUR.IS

www.Ljárdalur.is býður upp á gröfur og vinnuvélar á ótrúlegum verðum. Liðléttingar, beltavélar og allt þar á milli. Arnar@ljardalur.is eða í s. 849-3480



Ég hnita landamerki, hnita nýjar lóðir, útbý skjöl sem þarf að koma til skipulagsfulltrúa, set út merkjahæla eftir hnitum og fl. Vinn á Suður- og Vesturlandi. S. 693-7992, punktaroghnit@gmail.com, punktaroghnit.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is

GLUGGAGÆINN

Gluggagæinn.is er sérhæfður byggingaverktaki sem sérhæfir sig í gluggalausnum. Bjóðum heildarpakka frá mælingu, pöntun á gluggum ásamt ísetningu og frágangi. Getum tekið að okkur verk á landsbyggðinni sem og á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar í s. 845-9596



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

## Dýrahald

Til sölu þrjár ársgamlar kvígur. Upplýsingar í s. 894-0283.

## Óska eftir

Óska eftir amerískum pallbíl, má þarfnast lagfæringa. Skoða allt, hafið samband í s. 774-4441.

Ég leita að stórri ritvél sem gengur ekki fyrir rafmagni, eins og voru algengar á skrifstofum áður. Til að mynda Olympia, Rheinmetall, Hermes, Olivetti, Alpina, Facit eða annað í þeim dúr. S. 822-5269, astvaldurl@gmail.com

Óska eftir skjólborðum á Can - am sexhjól, árg. 2017. Vimsamlegast hafið samband í s. 831-0956.

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

## Til sölu

20 feta gámur, mjög snyrtilegur og góður. Í honum eru hillur, loftpressa og loftverkfæri. Ýmis verkfæri, 3 vinnuborð og margt fleira. Óska eftir tilboði. Gámurinn er staðsettur nálægt Hellu. Upplýsingar í s. 894-5131, get sýnt hann eftir samkomulagi.

## Þjónusta

Byggingarstjóri. Ertu í byggingarhugleiðingum eða ertu kominn á stað með framkvæmdir? Tek að mér að vera byggingarstjóri á öllum byggingarstigum og vera tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur. Hafið samband í s. 852-3222 eða asgeirvil@gmail.com

Bændablaðið
www.bbl.is

# Vantar þig rafbíl, tengiltvinnbíl eða einfaldlega bensín eða dísil bíl?

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

Við eigum úrval notaðra bíla á frábæru verði. Kíktu á notadir.is




MERCEDES-BENZ
**EQB 300 4MATIC Progressive**
Árgerð 2022, ekinn 12 þ.km, rafmagn, 423 km drægni, 229 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Raðnúmer: 885345**
**7.990.000 kr.**




DODGE
**RAM 3500 Bighorn**
Árgerð 2020, ekinn 103 þ.km, dísil, 6690 cc, 376 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Raðnúmer: 388505**
**9.990.000 kr.**



KIA
**Sorento EX**
Árgerð 2018, ekinn 60 þ.km, dísil, 2199 cc, 200 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Raðnúmer: 411959**
**5.690.000 kr.**




KIA
**Sportage MHEV Black Edt.**
Árgerð 2021, ekinn 75 þ.km, dísil/rafmagn, 1598 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Raðnúmer: 155212**
**5.290.000 kr.**




MERCEDES-BENZ
**GLE 350 e 4MATIC Pure**
Árgerð 2022, ekinn 31 þ.km, bensín/rafmagn, 1991 cc, 211 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Raðnúmer: 184561**
**10.790.000 kr.**



MERCEDES-BENZ
**Marco Polo**
Árgerð 2019, ekinn 121 þ.km, dísil, 2143 cc, 191 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Raðnúmer: 939047**
Verð áður 8.990.000 kr.
**8.190.000 kr.**



MERCEDES-BENZ
**GLC 350 e 4MATIC**
Árgerð 2016, ekinn 107 þ.km, rafmagn/bensín, 211 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Raðnúmer: 244754**
Verð áður 5.190.000 kr.
**4.690.000 kr.**



MERCEDES-BENZ
**Vito Tourer**
Árgerð 2022, ekinn 2 þ.km, dísil, 1950 cc, 164 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
**Raðnúmer: 934411**
Verð áður 13.990.000 kr.
**12.990.000 kr.**




KIA
**Stonic X**
Árgerð 2021, ekinn 88 þ.km, bensín, 998 cc, 120 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
**Raðnúmer: 286466**
**2.350.000 kr.**



MERCEDES-BENZ
**Sprinter 317 L3H2**
Árgerð 2022, ekinn 1 þ.km, dísil, 1950 cc, 170 hö, beinskiptur, afturhjóladrifinn.
**Raðnúmer: 274520**
Verð áður 8.390.000 kr.
**7.490.000 kr.** án vsk.



HONDA
**CR-V Elegance Sportline**
Árgerð 2022, ekinn 10 þ.km, bensín/rafmagn, 1993 cc, 146 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Raðnúmer: 941099**
**6.990.000 kr.**




KIA
**Niro PHEV Style**
Árgerð 2023, ekinn 11 þ.km, bensín/rafmagn, 1580 cc, 105 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
**Raðnúmer: 304022**
**5.590.000 kr.**

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

**Tveggja ára ábyrgð og þjónusta innifalin með viðurkenndum Mercedes-Benz.




ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

Krókhálsi 7, 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • notadir.is
Opið: Mán-fim 9-18 • fös 9-17 • lau 12-16

Fylgdu okkur á Instagram
instagram.com/askjanotadirbilar

Fylgdu okkur á Facebook
facebook.com/askjanotadirbilar


NIVEA
STINNIR HÚÐINA Í
ANDLITI, HÁLSI & BRINGU
SJÁANLEGUR ÁRANGUR Á 1 VIKU
100% NÁTTÚRULEGT
BAKUCHIOL
EYKUR NÁTTÚRULEGA
FRAMLEIÐSLU Á KOLLAGENI*
NÝTT
NIVEA
EXPERT LIFT
CELLULAR
10x
HIGHER
CONCENTRATED
BAKUCHIOL
3-ZONE
LIFTING SERUM
1. Face
2. Neck
3. Décolleté
PURE 10X BAKUCHIOL
NIVEA
EXPERT LIFT
CELLULAR
3-ZONE LIFTING
SERUM
*(í tilraunaglasi)